

**SKÝRSLA VINNUHÓPS  
UM ENDURSKOÐUN Á REGLUM AFREKSSJÓÐS  
ÍSI**

**2017**

**Í vinnuhópnum sátu:**

Stefán Snær Konráðsson, formaður

Friðrik Einarsson

Þórdís Lilja Gísladóttir

Andri Stefánsson, starfsmaður ÍSÍ

Lokaskýrsla lögð fram þann 1. mars 2017.

Yfirfarin og leiðrétt, m.t.t. innsláttarvillna þann 7. mars 2017.

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	3
1 Aðdragandi.....	5
1.1 Nýr samningur við ríkisvaldið .....	7
1.2 Skipan vinnuhóps.....	8
2 Söguleg atriði .....	9
2.1 Þróun Afrekssjóðs ÍSÍ .....	11
2.2 Reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ.....	13
2.3 Afreksstefna ÍSÍ.....	15
2.4 Skýrsla ÍSÍ um kostnað við afreksíþróttastarf 2015.....	22
2.5 Styrkveitingar Afrekssjóðs ÍSÍ í gegnum tíðina .....	24
3 Vinnulag vinnuhóps .....	27
3.1 Störf vinnuhópsins .....	29
3.2 Fundir vinnuhóps .....	29
3.3 Framlag álitsgjafa mikilvægt – Gullmolar reynslunnar .....	30
3.4 Áleitnar spurningar.....	38
3.5 Kynning á Formannafundi ÍSÍ 2016 .....	39
3.6 Fundir með mismunandi hópum .....	39
3.7 Ráðgjöf frá erlendum aðilum .....	40
3.8 Viðhorfskönnun .....	41
4 Annað efni til skoðunar.....	53
4.1 SPLISS rannsóknin.....	55
4.2 Fyrirkomulag og áherslur hjá öðrum þjóðum .....	56
5 Niðurstöður vinnuhóps .....	59
5.1 Meginmarkmið Afreksstefnu ÍSÍ .....	61
5.2 Meira fjármagn þarf til Afrekssjóðs ÍSÍ.....	61
5.3 Sjálfstæði Afrekssjóðs ÍSÍ .....	61
5.4 Gegnsæi og rökstuðningur með úthlutunum.....	62
5.5 Ársskýrsla Afrekssjóðs ÍSÍ.....	62
5.6 Afrekssjóður eða félagslegur Afrekssjóður? .....	62
5.7 Hvernig eru afrek skilgreind?.....	63
5.8 Markmið styrkveitinga og áherslupættir .....	63
5.8.1 Skipting í afreksflokka .....	63

## SKÝRSLA VINNUHÓPS UM ENDURSKOÐUN Á REGLUM AFREKSSJÓÐS ÍSÍ

5.8.2	Skilgreining á styrkuppþæðum innan flokka .....	66
5.8.3	Skilgreining á stórmótum .....	66
5.8.4	Áhersluatriði við flokkun sérsambanda .....	66
5.8.5	Flokkun á sérsamböndum miðað við hugmyndir vinnuhópsins .....	68
5.8.6	Húsnaðisstyrkir til sérsambanda .....	69
5.9	Styrkveitingar, umsóknarferli og mat á umsóknum .....	69
5.9.1	Umsóknir til Afrekssjóðs ÍSÍ .....	69
5.9.2	Nýtt vinnulag .....	69
5.9.3	Samningar .....	70
5.9.4	Tímalengd samninga .....	70
5.9.5	Tímasetningar úthlutana og fyrirkomulag .....	70
5.9.6	Aðhald og eftirfylgni .....	71
5.9.7	Fjárhagslega sterk sérsambönd .....	71
5.10	Skilgreining á afreksíþróttafólki (sem og hlutverk) og tenging þess við Afrekssjóð ÍSÍ .....	71
5.10.1	Skyldur íþróttafólks .....	71
5.10.2	Hagsmunamál íþróttafólks .....	71
5.11	Fyrirkomulag á stjórnun afreksíþróttará Íslandi .....	73
5.11.1	Hlutverk ÍSÍ í afreksíþróttastarfinu .....	73
5.11.2	Afreksstefna sérsambanda .....	73
5.11.3	Hlutverk íþróttahéraða .....	74
6	Lokaorð .....	75
	Helstu skammstafanir .....	76
	Heimildaskrá .....	77
	Töflur .....	78
	Myndaskrá .....	78
	Viðaukar .....	79
	Nafnalisti yfir þá sem vinnuhópurinn var í sambandi við .....	79
	Álitsgjafar .....	79
	Þátttakendur á Formannafundi ÍSÍ 2016 .....	79
	Gestir á fundum vinnuhóps .....	81
	Fulltrúar erlenda samtaka .....	82
	Reglugerðir og stefnuyfirlýsingar .....	83
	Reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ .....	83
	Afreksstefna ÍSÍ .....	90

## INNGANGUR

Í ár eru 40 ár liðin frá því að Afreks(manna)sjóður Í.S.Í. var stofnaður að frumkvæði framkvæmdastjórnar Í.S.Í. Strax í upphafi var samþykkt reglugerð fyrir sjóðinn og honum mótuð starfstilhögun. Síðan þá hefur Afrekssjóður ÍSÍ verið mikilvægur hlekkur í afreksstarfi þjóðarinnar.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á þessum tíma varðandi íþróttastarf almennt og eflingu afreksíþróttar. Samfélagslegar kröfur á árangur, fjölbreytileiki og vöxtur íþróttagreina og velgengni íslenskra íþróttamanna í alþjóðlegum keppnum kalla á aukin fjárframlög til afreksstarfs.

Þó að aukning hafi orðið á fjárframlögum til sjóðsins frá ríki og Íslenskri getsþá á undanförunum árum hefur framlag sjóðsins til sérsambanda rétt náð 10-15% af fjármagnspörf þeirra.

Samningur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands frá síðasta ári bætir verulega úr þessari stöðu þótt að hann leysi hana ekki alveg. Fullyrða má að aukið fjárframlag í Afrekssjóð ÍSÍ hjálpi verulega til að efla afreksíþróttir á Íslandi.

Vinnuhópur, sem skipaður var til að gera tillögur til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um breytingar á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ, leggur fram tillögur sínar til úrbóta og eflingar á afreksstarfi. Vinnuhópurinn hefur reynt af fremst megni að draga saman sem flest sjónarmið í því augnamiði að gera tillögur sem styrki og efli afreksstarf.

Það er von vinnuhópsins að tillögurnar fái góða og gagnrýna umfjöllun innan íþróttahreyfingarinnar og að afreksstarf íþróttahreyfingarinnar eflist og dafni til framtíðar.



# 1 AÐDRAGANDI



Mynd 1 - Frá undirritun samnings 2015





## 1.1 NÝR SAMNINGUR VIÐ RÍKISVALDIÐ

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Íþróttta og Ólympíusamband Íslands undirrituðu þann 28. júlí 2016 tímamótasamning til þriggja ára um stóraukið fjárframlag ríkisins til afreksíþróttta á Íslandi. Í samningnum kom fram að framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ mun hækka í áföngum úr 100 milljónum á fjárlögum 2016 í 400 milljónir á árinu 2019 og er því um fjórföldun að ræða.

*„Þetta verður algjör bylting fyrir okkur hjá ÍSÍ sem höfum haft úr allt of litlu að spila til að aðstoða sérsambönd ÍSÍ og þá afreksfólkið til að það geti helgað sig íþrótt sinni og náð sem bestum árangri,“ sagði Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ um samninginn. „Margt afreksfólk hefur búið við það að meiri tími hefur farið í að fjármagna ferðir, þjálfarakostnað og uppihald heldur en að æfa og undirbúa sig fyrir keppnir. Við höfum eingöngu getað hjálpað þeim sem hafa náð miklum árangri, en umtalsverður kostnaður fylgir því að ferðast og keppa til að tryggja sér þátttökurétt á t.d. Ólympíuleikunum. Sá kostnaður lendir oft á tíðum að miklu leyti á keppandanum sjálfum,“ sagði Lárus. „Það er allt of algengt að íslenskt afreksíþróttafólk hætti of snemma og samkvæmt því sem við höfum kannað er það oftast en ekki vegna erfiðleika við fjármögnun eða vanlíðan vegna fjárhagsáhyggja. Vonandi mun þessi samningur koma í veg fyrir mikið brottfall af fjárhagslegum ástæðum,“ bætti hann við.*

Lárus taldi samninginn mjög þýðingarmikinn fyrir íþróttastarfið í landinu. *„Hér er um algera byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða og við þökkum ríkisvaldinu fyrir að hafa trú á því að árangur í íþróttum skipti þjóðina máli, og að það þurfi aukið fjármagn til að hann náist. Við erum nú komin mun nær því að geta byggt upp umgjörð fyrir afreksíþróttafólkið okkar í líkingu við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar, þó við náum líklega aldrei alveg jafn góðum aðbúnaði og þær mun fjölmennari þjóðir. Þessi niðurstaða er árangur samningaviðræðna okkar til nokkurra ára og í kjölfar ítarlegrar greiningar á fjárförf afreksíþróttta á Íslandi. Það sýndi sig þegar KSÍ náði að laga til umgjörðina sína utan um landslið sín að árangurinn kom fljótt í ljós. Við vonum að þessi auknu framlög í Afrekssjóð ÍSÍ muni gera öðrum sérsamböndum kleift að bæta umgjörðina utan um sína afreksmenn. Til að fagna þessu skrefi vildum við formlega undirrita samninginn milli ÍSÍ og ríkisins í Laugardalnum í morgun. Við fengum landsliðsfólk, þjálfara og forsvarsfólk frá sérsamböndum ÍSÍ til að fjölmenna og fagna þessum tímamótasamningi. Nú er kominn tími til að við í íþróttahreyfingunni klöppum.“* sagði hann að lokum.



Mynd 2 - Frá undirritun samnings 2015

## 1.2 SKIPAN VINNUHÓPS


Þann 15. september 2016 skipaði framkvæmdastjórn ÍSÍ vinnuhóp til að gera tillögur til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um breytingar á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ í kjölfar undirritunar samnings um stóraukin fjárframlög ríkisvaldsins til sjóðsins. Vinnuhópurinn fékk það hlutverk að gera tillögur um breytingar á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ með það fyrir augum að hámarka nýtingu þess fjármagns til eflingar afreksstarfs og árangurs þess í framtíðinni. Stefnt yrði að því að vinnuhópurinn skilaði áfangaskýrslu til Formannafundar ÍSÍ 11. nóvember 2016 og endanlegum tillögum sínum til framkvæmdastjórnar ÍSÍ fyrir 1. mars 2017.

Í vinnuhópinn voru skipuð þau Stefán Konráðsson formaður Íþróttanefndar ríkisins og fyrrverandi framkvæmdastjóri ÍSÍ, Dr. Þórdís Lilja Gísladóttir íþróttifræðingur, nýdoktor HÍ og fyrrverandi afrekskona í frjálsíþróttum og Friðrik Einarsson fyrrverandi formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og fyrrverandi formaður Skíðasambands Íslands. Þá var Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, fenginn til að starfa með hópnum.

Í erindisbréfi til vinnuhópsins er fjallað enn frekar um hlutverk sjóðsins, þ.e. að endurskoða og móta hvernig þetta viðbótarfjármagn verði best nýtt til þess að bæta umhverfi afreksíþróttar á Íslandi með það að markmiði að efla íþróttalegan árangur Íslands. Til að ná því markmiði er talið að vinnuhópurinn þurfi að yfirfara úthlutunarreglur Afrekssjóðs ÍSÍ, m.a. 4. gr., 5. gr., 9. gr. og 11. gr., auk þess að skoða hvaða viðbætur og breytingar þarf að gera í samræmi við þær upplýsingar sem vinnuhópurinn aflar á meðan á starfi hans stendur.

Mikilvægt sé að hafa víðtækt samráð við aðila sem koma að afreksíþróttamálum erlendis til að fá ferska sýn inn í íslenskt afreksstarf og læra af reynslu annarra. Í því skyni þarf að leita samstarfs við innlenda og erlenda sérfræðinga til ráðgjafar um það hvernig best skuli standa að þessu verkefni og nýta þá þekkingu og reynslu sem þeir hafa af afreksíþróttastarfi erlendis. Einnig skal haft samráð við íþróttahreyfinguna á Íslandi og þá sérstaklega framkvæmdastjórn ÍSÍ, sérsambönd ÍSÍ, Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ og stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ.

Vinnuhópurinn skal hafa til hliðsjónar Afreksstefnu ÍSÍ, Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ og skýrslu sem ber heitið „Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs á Íslandi“.



Stefán Snær Konráðsson  
Friðrik Einarsson  
Þórdís L. Gísladóttir

Reykjavík, 15. september 2016

**Efni: Skipunarbréf í vinnuhóp ÍSÍ um endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ**

Þann 28. júlí sl. var undirritaður samningur á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands um stórukið framlag til afreksíþróttastarfs. Með undirritun mun fjárframlag á fjárlögum til afreksíþróttastarfs fjórfaldast á næstu þremur árum. Í ljósi þess að framlag til afreksíþróttastarfs stóreykst þá er nauðsynlegt endurskoða og móta hvernig þetta viðbótarfjármagn verði best nýtt til þess að bæta umhverfi afreksíþróttar á Íslandi með það að markmiði að efla íþróttalegan árangur Íslands. Með bréfi þessu tilkynnist að Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur skipað ofangreinda aðila í vinnuhóp til að vinna að þessu verkefni.

Til að ná því markmiði þarf vinnuhópurinn að yfirfara úthlutunarreglur Afrekssjóðs ÍSÍ, m.a. 4. gr., 5. gr., 9. gr. og 11. gr., auk þess að skoða hvaða viðbætur og breytingar þarf að gera í samræmi við þær upplýsingar sem vinnuhópurinn aflar á meðan á starfi hans stendur.


Mikilvægt er að hafa víðtækt samráð við aðila sem koma að afreksíþróttamálum erlendis til að fá ferska sýn inn í íslenskt afreksstarf og læra af reynslu annarra. Í því skyni þarf að leita samstarfs við innlenda og erlenda sérfræðinga til ráðgjafar um það hvernig best skuli standa að þessu verkefni og nýta þá þekkingu og reynslu sem þeir hafa af afreksíþróttastarfi erlendis. Einnig skal haft samráð við íþróttahreyfinguna á Íslandi og þá sérstaklega framkvæmdastjórn ÍSÍ, sérsambönd ÍSÍ, Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ og stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ.

Vinnuhópurinn skal hafa til hliðsjónar Afreksstefnu ÍSÍ, Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ og skýrslu sem ber heitið „Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs á Íslandi“.


Vinnuhópurinn skal kynna áfangaskýrslu á formannafundi ÍSÍ þann 11. nóvember n.k. og skila lokaskýrslu ásamt tillögum til framkvæmdastjórnar ÍSÍ ekki síðar en 1. mars 2017.

Formaður vinnuhópsins er Stefán Snær Konráðsson. Starfsmaður vinnuhópsins er Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.


**Virðingarfyllt,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIUSAMBAND ÍSLANDS**



Lárus L. Blöndal  
forseti



Lindy Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri



ÍSÍ - ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIUSAMBAND ÍSLANDS

THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND  
Engjavegur 6 | 104 Reykjavík | Iceland  
Sími/Tel +354 514 4000 | Fax +354 514 4001  
is@isi.is | www.isi.is

Mynd 3 - Skipunarbréf vinnuhópsins

## 2 SÖGULEG ATRIÐI




*Mynd 4 - Þórður Þorkelsson gjaldkeri ÍSÍ afhendir Guðmundi Guðmundssyni, fyrirliða landsliðsins í handknattleik, styrk frá Afreksmannasjóði ÍSÍ fyrir HM í Sviss 1986.*



## 2.1 PRÓUN AFREKSSJÓÐS ÍSÍ

Upphaf afrekssjóða ÍSÍ má rekja til 6. júlí 1977 þegar að frumkvæði framkvæmdastjórnar Íþróttasambands Íslands var stofnaður Afreksmannasjóður Í.S.Í. Má rekja sjóðsstofnunina til framlags ríkisstjórnar Íslands að upphæð 3 m.kr. er veitt var þann 15. febrúar 1977 vegna sérstakra verkefna íþróttamanna, en fljótlega upp úr því hófst undirbúningsstarf að því að setja sjóðnum reglugerð og móta starfstilhögun hans.

Tekjur sjóðsins fyrsta árið voru kr. 3.380.000,- og veittir voru styrkir til fjögurra sérsambanda það árið, HSÍ, FRÍ, JSÍ og LSÍ. Ári síðar ákvað framkvæmdastjórn Í.S.Í. að 10% af fjárveitingu ríkisins til íþróttasambandsins færi til Afreksmannasjóðar, en auk þess hafði sjóðurinn tekjur frá ýmis fjárframlögum. Fimm sérsambönd, HSÍ, FRÍ, SKÍ, JSÍ og LSÍ hluti styrk það árið.



Mynd 5 - Umfang Afreksmannasjóðs ÍSÍ 1977 til 1984

Tilgangur sjóðsins var frá upphafi að styrkja þau sérsambönd, þar sem hópar eða einstaklingar á þeirra vegum höfðu náð umtalsverðum árangri í ákveðnum alþjóðamótum, sbr. 9. gr. reglugerðar sjóðsins og í öðru lagi vegna undirbúnings að þátttöku í þessum mótum, þegar líkur væru á að góður árangur næðist.

Mikil breyting átti sér stað á íslensku krónunni árið 1980 þegar tvö núll voru felld niður og 1.000 kr. urðu að 10 kr. Tölur um framlög til Afreksmannasjóðs og úthlutanir urðu því eftir það færðar í nýkrónum, eins og segir í gögnum Í.S.Í. Í töflunni hér að ofan má sjá tekur sjóðsins og styrkveitingar.

Fyrstu fimm ár Afreksmannasjóðs Í.S.Í. hlutu átta sérsambönd, FRÍ, GSÍ, HSÍ, JSÍ, KSÍ, KKÍ, LSÍ og SKÍ, styrk úr sjóðnum, samtals að upphæð kr. 541.800,-

Á árinu 1984 var í fyrsta sinn ákveðið að styrkja einstaklinga til undirbúnings þátttöku í stórmótum og hlutu níu íþróttamenn styrk að upphæð kr. 30.000 hver vegna Ólympíuleikanna í Los Angeles.


Samkvæmt reglugerð fór úthlutun styrkja fram tvisvar á ári, þ.e. í maí og í nóvember.

Ef horft er áfram til eldri gagna og þeirrar vinnu sem íþróttahreyfingin setti í gang á árum áður kemur margt fróðlegt í ljós. Þannig var skipuð sérstök Afreksíþróttanefnd, (nefnd sem skipuð var af framkvæmdastjórn Í.S.Í. þann 11. janúar 1990) og henni falið það verkefni að kanna forsendur fyrir og móta stefnu í afreksíþróttum. Nefndin skilaði af sér ítarlegri skýrslu til framkvæmdastjórnar Í.S.Í. þann 21. febrúar 1991.



Góðar umræður voru um skýrsluna á Sambandsstjórnarfundum Í.S.Í. þann 4. maí 1991 og þar komu fram atriði sem enn í dag (2017) þarf að hafa í huga við mótun afreksstefnu sem og hvernig skuli ráðstafa fjármunum íþróttahreyfingarinnar. Má þar m.a. nefna að gæta jafnvægis hópíþróttar og einstaklingsíþróttar, að vandasamt sé að leggja viðmiðun við heimsafrekskrá til grundvallar við mat á árangri og að nauðsynlegt sé að samvinna sé við íþróttahéruðin og (á þeim tíma) við Ólympíu nefnd.

Í umræddri skýrslu var reiknuð út fjármagnspörf afreksíþróttasjóðs miðað við forsendur sem lágu fyrir í tveimur tillögum sem voru til umfjöllunar á Alþingi. Tillagan gerði ráð fyrir að 40 afreksíþróttamenn yrðu teknir á launaskrá og launin miðuð við laun háskólakennara. Mánaðarlaun á þeim tíma voru 77.922 kr. og árslaun þessara 40 afreksíþróttamanna hefði þá numið 37.402.560 kr. Jafnframt var gert ráð fyrir að Í.S.Í. kæmi með framlag sem væri tekið af óskiptum lottótekjum og næmi 1/3 af framlagi ríkisins. Sú upphæð var þá reiknuð út sem 12.467.520 kr. Á þeim tíma var Ólympíu nefnd Íslands sjálfstæð eining og gerði áætlun ráð fyrir sama framlagi frá ÓÍ eins og framlagi Í.S.Í. Heildarframlag til Afreksíþróttasjóðs hefði þá numið 62.337.600 kr. á ári, miðað við ofangreindar forsendur.



Mynd 6 - Framlag til Afrekssjóðs ÍSÍ af Fjárlögum ríkisins 1999 til 2019 á föstu verðlagi.

Tímamótasamningur var loksins gerður við ríkisvaldið árið 1998 og voru fyrstu greiðslur til útborgunar í ársbyrjun 1999. Tvöfaldaðist á þeim tímamarki það fjármagn sem var til úthlutunar en fyrir þann tíma voru einu tekjur sjóðsins hlutdeild í hagnaði ÍSÍ af lottó tekjum. Alls var úthlutað rúmum 17 m.kr. það ár og árið 1999 var sú tala rúmar 20 m.kr.

Árið 1998 voru t.d. styrkir til FRÍ vegna verkefna Jóns Arnars Magnússonar 1.920.000 kr. og vegna Völu Flosadóttur 960.000 kr. Sundsamband Íslands fékk styrk vegna Arnars Arnarssonar að upphæð 480.000 kr. Þarna var um að ræða nokkra af A, B og C styrkjum sjóðsins, en þar til fyrir nokkrum árum voru þessir styrkir í sömu krónutölu og árið 1998, enda hafði sjóðurinn ekki bolmagn til að hækka þessar upphæðir. Þessir þrjú einstaklingar náðu frábærum árangri í sínum greinum á þessum árum og voru Ólympíuleikarnir í Sydney árið 2000 þeir leikar sem Íslendingar hafa náð einum besta árangri í einstaklingsgreinum.

Árlegt framlag ríkisins til sjóðsins á árunum 1999-2002 var 10 m.kr. frá ríkinu. Samningur ríkisins við sjóðinn var endurnýjaður 2003-2005 og var framlag ríkisins hækkað í 25 m.kr. á ári og jukust úthlutanir sjóðsins í rúmar 40 m.kr. á ári. Einnig lagði ríkið fram fé í nýjan sjóð sem styrkti verkefni ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna. Framlag ríkisins til sjóðsins á

árunum 2006-2008 var aftur hækkað og þá í 30 m.kr. á ári. Styrkveitingar hækkuðu samhliða því í um 50 m.kr. á ári. Áfram var um 30 m.kr. framlag að ræða á árinu 2009 en í kjölfar fjármálahruns var framlag ríkisins til sjóðsins lækkað árið 2010 í 25,5 m.kr. Það ár ákvað stjórn ÍSÍ samt sem áður að auka úthlutun úr sjóðnum og ganga þannig á höfuðstól sjóðsins enda var þörf sérsambanda mikil í kjölfar fjármálahruns. Þannig var úthlutun ársins hærri en árin á undan eða tæpar 50 m.kr. Höfuðstóll sjóðsins byggir á stofnframlagi ÍSÍ, vaxtatekjum og Ólympíusjóði Í.S.Í. sem sameinaður var Afrekssjóði ÍSÍ árið 2006. Á fjárlögum ársins 2011 lækkaði aftur framlag ríkisins niður í 24,7 m.kr. en þrátt fyrir það náðist að halda úthlutun sjóðsins í rúmlega 55 m.kr. með því að ganga áfram á höfuðstól sjóðsins.

Á fjárlögum fyrir Ólympíuárið 2012 var framlag ríkisins á fjárlögum 24,7 m.kr. Sú upphæð hækkaði í 34,7 m.kr. eftir umræður á Alþingi og var það hækkun frá fyrri árum. Þá var samþykkt 15 m.kr. aukastyrkveiting til ÍSÍ vegna Ólympíuleikanna í London 2012 sem var úthlutað í gegnum Afrekssjóð ÍSÍ. Má segja að ákveðið skref hafi verið tekið á því ári varðandi fjármögnun sjóðsins og þannig eflingu afreksstarfs á Íslandi.

Á fjárlögum fyrir 2013 hækkaði framlag ríkisins í 55 m.kr. og fyrir árin 2014 og 2015 var talan 70 m.kr. fyrir hvort ár. Ein mesta hækkun á framlagi til sjóðsins varð síðan 2016 þegar úthlutað var 100 m.kr. á fjárlögum til Afrekssjóðs ÍSÍ. Var það bæði hæsta einstaka hækkun til sjóðsins og hæsta framlag sem sjóðurinn hefur hlotið á fjárlögum ríkisins.

## 2.2 REGLUGERÐ AFREKSSJÓÐS ÍSÍ

Reglugerð sjóðsins tók nokkrum breytingum fyrstu árin, en kjarninn í henni hefur samt haldist frá upphafi, bæði hvað varðar markmið og ferli styrkveitinga. Fyrsta reglugerðin var sett þann 6. júlí 1977 og henni næst breytt þann 14. janúar 1981 og svo aftur 1983.

Fyrsta reglugerð Afreksmannasjóðs Í.S.Í. frá 1977 var einföld í sniðum og fjallaði um nafn og tilgang sjóðsins, um tekjur hans, stjórn og starfssvið, styrkhæf verkefni og umsóknir og úthlutun. Þannig segir í fyrstu reglugerð sjóðsins:

*„Um nafn og tilgang: Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður Í.S.Í. Tilgangur hans er að stuðla að þátttöku íslenskra afreksmanna í þjóðlegri íþróttakeppni, þegar ætla má að árangur sé það góður að til sóma sé fyrir land og þjóð.“*

*Um tekjur: Tekjur Afreksmannasjóðs eru:*

- A. Stofnframlag að upphæð kr. 3.0 milljónir samkv. ákvörðun Ríkisstjórnar Íslands hinn 15. febrúar 1977 um aukafjárveitingu til Í.S.Í.
- B. Hluti af árlegri fjárveitingu Alþingis til Í.S.Í. þó aldrei minna en 10%.
- C. Frjáls framlög og söfnunarfé.
- D. Vaxtatekjur.

*Framlag er sjóðnum berast og óskað er eftir að gangi til ákveðinna íþróttagreina eða verkefna, skulu ganga óskipt til hlutaðeigandi sérsambanda.*

*Um stjórn og starfssvið:*

*Stjórn sjóðsins skipa 5 menn allir tilnefndir af framkvæmdastjórn Í.S.Í. til eins árs í senn.*

*Verkefni sjóðsstjórnar er að gera tillögur til framkvæmdastjórnar Í.S.Í. um styrkveitingar úr sjóðnum og sjá um almenna fjáröflun svo og kynningarstarfsemi.*

*Vörslu sjóðsins og reikningshald annast skrifstofa Í.S.Í.*

Styrkhæf verkefni:

*Heimilt er að veita fjárstyrk úr sjóðnum til undirbúnings og þátttöku í eftirtöldum keppnum:*

- A. Heimsmeistaramótum.*
- B. Evrópumótum.*
- C. Öðrum mótum, sem sjóðsstjórnin telur ástæðu til að styrkja. Styrkupp hæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni og tilkostnað vegna þátttökunnar.*

Umsóknir og úthlutun:

*Rétt til umsóknar um fjárstyrk úr Afreksmannasjóði Í.S.Í. hafa sérsambönd innan Í.S.Í. Umsóknir skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum, sem stjórn sjóðsins lætur í té. Umsóknir þurfa að berast stjórn sjóðsins fyrir 1. mars og 1. ágúst ár hvert og aldrei síðar en 2 mánuðum áður en viðkomandi keppni fer fram."*

Var þessi reglugerð tekin til endurskoðunar árið 1980 og ný reglugerð samþykkt þann 14. janúar 1981. Með nýju reglugerðinni voru ekki gerðar neinar grundvallarbreytingar á starfstilhögun sjóðsins, en leitast við að móta ákveðnari stefnumörkun með tilliti til afreka í tilgreindum alþjóðamótum sbr. 9. gr. reglugerðar sjóðsins, en markmiðið er fyrst og fremst það, að styrkja árangurinn og reyna þá að gera það ríflega.

Grundvallarbreyting átti sér stað á árinu 1983, en fram að því hafði eingöngu verkefni sérsambanda hlotið styrki. Breytingin fól í sér að hægt var að styrkja beint verkefni ákveðinna einstaklinga, eða eins og segir í reglugerðinni, grein 2.c.:

*„Að styrkja einstaklinga, sem ætla má að náð geti framúrskarandi árangri á stórmótum, einkum mótum sem nefnd eru í 9. gr reglugerðarinnar“.*

Áfram var unnið að fjármögnun afreksstyrkja til íþróttahreyfingarinnar og árið 1998 skiluðu þeir Reynir G. Karlsson, íþróttafulltrúi ríkisins og Ari Bergmann Einarsson, formaður Afreksmannasjóðs ÍSÍ, skýrslu um fjármögnun afreksmannasjóðs, en þeim hafði verið falið það verkefni af ÍSÍ og ráðuneytinu. Þar kom fram eftirfarandi tillaga:

*„Allar íþróttagreinar sem eru viðurkenndar af ÍSÍ eigi rétt á að sækja um styrki úr sjóðnum að því tilskyldu að greinin sé aðili að alþjóðasambandi og að innan viðkomandi alþjóðasérsambands séu a.m.k. 30 aðildarþjóðir.*

*Við mat á styrkleika afreksfólks verði stuðst við afreksskrár eða uppröðunarlista viðkomandi alþjóðasérsambands auk þess sem tekið verið tillit til afreks á Ólympíuleikum og heimsmeistarakeppnum.*

*Styrkir skulu fyrst og fremst vera til þess að greiða kostnað við æfingar og undirbúning undir keppni á alþjóðavettvangi svo og vinnutap viðkomandi einstaklinga.*

*Styrkir verði veittir til þriggja flokka afreksmanna í einstaklingsíþróttum auk íþróttaflokka. Einnig skal vera heimild til sérstakra greiðslna til efnilegra íþróttamanna og íþróttaflokka sem til þess eru líklegir að ná þeim árangri sem um er fjallað hér á eftir. Styrkveitingarnar verði endurskoðaðar árlega.*

*Með þremur flokkum einstaklingsíþróttamanna er miðað við eftirfarandi skilgreiningu:*



*Í úrvalshópi verði þeir sem náð hafa afburðaárangri og hafa til þess burði að vera meðal 8 bestu í sinni keppnisgrein á heimsmeistaramótum eða á Ólympíuleikum. Til næsta flokks teljist þeir, sem teljast meðal 20 bestu í sinni íþróttagreini og til þriðja flokksins teljist þeir sem eru meðal 40 fremstu í heiminum í sinni grein.*

*Afburðaárangri telst sá íþróttahópur hafa náð sem skipar sér í hóp sextán bestu íþróttaflokka í heiminum í sinni íþróttagreini. Viðmiðum skal vera heimsmeistaramót og Ólympíuleikar."*

Þessar tillögur urðu kjarninn að þeirri reglugerð sem varð til fyrir Afrekssjóð ÍSÍ og þeim texta sem varð til í Afrekisstefnu ÍSÍ á þessum tíma. Tillögurnar og þessi texti eru að mestu enn í fullu gildi í reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ, tæpum 20 árum síðar, þótt að reglugerðin hafi tekið breytingum á þeim árum.


Sérstök reglugerð var samin fyrir Styrktarsjóð ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna, en sá sjóður var síðar sameinaður við Afrekssjóð ÍSÍ.

Núverandi reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ má finna í viðauka við þessa skýrslu en aðrar eldri reglugerðir eru til í safni ÍSÍ.

## 2.3 AFREKSSTEFNA ÍSÍ

Afreksíþróttanefnd Í.S.Í. skilaði af sér skýrslu árið 1991. Í þeirri samantekt eru margar ágætis tillögur sem gott er að rifja upp. Þar er t.d. fjallað um fjárveitingar úr Afreksíþróttasjóði, s.s. hvernig umsóknir skulu metnar og hvernig áherslur ættu að vera gagnvart styrkveitingum.

Hér á eftir má sjá hvernig þær tillögur voru hugsaðar, en margt þar er í fullu gildi rúmum aldarfjórðungi síðar:



Mynd 7 - Tillögur Afreksíþróttanefndar Í.S.Í. 1991

## **„AFREKSÍÞRÓTTIR**

Ákveðnum hluta af því fé sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar árlega, er úthlutað til afreksíþrotta.

- Sérsambönd bera ábyrgð á umsóknum, hvort sem um er að ræða vegna einstaklinga eða flokka.
- Gerð er krafa um reikningsskil sérsambanda vegna verkefna sem hlotið hafa styrk. Berist reikningsskil ekki, eða fjármunir hafa ekki gengið til þeirra verkefna sem þeir voru ætlaðir til, fyrirgerir viðkomandi sérsamband rétti til umsóknar um ákveðinn tíma.
- Afreksíþróttanefnd lætur gera umsóknareyðublöð.
  - Í umsókn komi fram upplýsingar um árangur/stöðu og fyrirhugaðan feril umsækjenda, hvort sem um er að ræða einstakling eða flokka. Einnig komi fram kostnaðaráætlun verkefnisins.
- Úthlutun fari fram tvisvar á ári.
  - Umsóknir berist afreksíþróttanefnd að minnsta kosti mánuði fyrir úthlutun, ásamt reikningsskilum ef samband hefur fengið styrk áður.

## **ÚTHLUTUN**

Um er að ræða tvo flokka og hefur annar flokkurinn þrjá undirtitla.

**AFBURÐA:** Afburða íþróttamenn, einstaklingar eða flokkar, teljast þeir sem hafa haslað sér völl meðal þeirra bestu í heiminum.

- Árangur afburðamanns/flokks einkennist af stöðugleika, þ.e. sambærilegur árangur í mörgum mótum/keppni sem spanna nokkuð langan tíma og aðeins skal þar tekið tillit til móta sem viðurkennd eru af alþjóða sérsambandi.
- Tekið skal nokkuð tillit til umfangs íþróttarinnar á heimsmælikvarða.
- Þarna getur annars vegar verið um styrkveitingu til einstaklings að ræða, þótt umsókn komi frá og úthlutun fari til sérsambands.
  - Styrkveitingunni er þá ætlað að auðvelda einstaklingnum undirbúning og þátttöku í mótum.
  - Hafi afreksmaður fjárhagslegan ávinning af þátttöku/sigurum í móti skal taka tillit til þess þegar styrkumsókn kemur til umfjöllunar.
- Styrkveitingu til sérsambands, sem ætlað er að tryggja að það sé sambandinu ekki fjárhagslega ofviða að standa undir þeim kostnaði sem það hefur af þátttöku einstaklinga eða flokka í mótum.

**EFNILEGIR:** Standa skör lægra en afburða, en ef árangur undanfarandi missera gefur tilefni til að ætla að með markvissari og umfangsmeiri þjálfun takist að komast í flokk afburða afreksmanna, getur styrkveiting úr afreksíþróttasjóði komið til greina, en þó aðeins þegar tekist hefur að veita afburðamönnum/flokkum viðhlítandi úrlausn.

Til frekari leiðbeininga eru gefin þrjú dæmi um hópa sem koma til álita. Hóparnir þurfa ekki endilega að vera jafn réttháir, en af því leiðir að afreksíþróttanefnd er vandí á höndum við mat á styrkhæfni.

▪ **A-B FLOKKUR.**

- Þar er um að ræða einstaklinga/flokka sem standa mjög nærri AFBURÐA mönnum/flokkum og mestar líkur eru á að geti stigið skrefið til fulls með auknu álagi og markvissari vinnubrögðum.

▪ **YNGRI FLOKKAR.**

- Þar er fyrst og fremst um þann aldur sem kemur næst á eftir A-landslíðsaldri að ræða. Oft er árangur þar það vænlegur að leggja má að jöfnu við það sem verið er að meta hjá A-B FLOKKI, auk þess sem þessi hópur á framtíðina fyrir sér.

▪ **B-C FLOKKUR.**

- Stendur neðar í afrekastiganum.

**ÞRÓUNARVERKEFNI**

Þótt þróunarverkefni séu einn þáttur í starfsemi afreksíþróttanefndar og gert sé ráð fyrir að hluta af því fé sem afreksíþróttasjóður hefur til ráðstöfunar renni til þeirra verkefna ráða tengslin við afrek á alþjóðavettvangi ekki jafn miklu um úthlutun.

Til frekari skýringar er valið að nálgast þróunarverkefni með þrem undirtitlum:

**ALÞJÓÐAMÓT:**

Ákveðnum hluta/upphæð af því fé sem er til ráðstöfunar árlega verði veitt til að styrkja alþjóðleg mót, sem fram fara á Íslandi.

- Ástæður þess að æskilegt er að taka upp styrkveitingar til alþjóðlegra móta hérlendis eru:
  - Í mörgum tilfellum fara riðlar/mót, sem landslið taka þátt í, fram til skiptis í þátttökulöndunum og sérsamböndum er oft á tíðum um megn að standa við þátttökuskuldbindingar.
  - Alþjóðleg mót vekja athygli á viðkomandi íþrótt og þeim mun meira sem mótið er hærra skráð. Áróðursgildi er ótvírætt og landkynning umtalsverð.
- Í þessu sambandi má einnig velta upp hugmyndinni um ábyrgð, þ.e. að afreksíþróttasjóður ábyrgist ákveðna upphæð, sem fundin er með tilliti til fjárhagsáætlunar. Standi verkefni á núlli við uppgjör, eða skili hagnaði verður afreksíþróttasjóður ekki fyrir fjárútlátum. Þessi aðferð kæmi, að öllum líkindum, frekar til greina þegar keppni byggist upp á leikjum heima og heiman, heldur en þegar skipst er á um að halda riðla-mót.
- Fyrirmæli um umsóknir, reglur um úthlutun og reglur um reikningsskil vegna verkefnisins verði ótvíræður og öllum ljósar.
- Við styrkveitingu, bæði upphæð og aðgengi, verði tekið tillit til vægis á alþjóða vettvangi.
- Með úthlutunarreglum verður að koma í veg fyrir að eitt eða örfá sérsambönd einoki styrkveitingar. Til greina kemur að ákveða hversu mörg ár skuli líða milli þess að samband komi til álita.
- Forgangsröðun mótanna er nauðsynleg og kemur eftirfarandi röðun til greina:

### **ÞJÁLFARAR:**

Menntun þjálfara fer fram á vegum sérsambanda og við uppbyggingu menntakerfi þeirra er stefnt að því að fullnægja þörfum félaga. Engum dylst að þjálfarar sem starfa að landsliðsverkefnum, eru að fást við þjálfun afreksmanna, hvort sem í einstaka tilvikum er um að ræða afburðamenn eða efnilega.

Æskilegt er að þessum þjálfurum gefist kostur á aukinni menntun í von um að það verði til þess að auka líkur á árangri af störfum þeirra.

Vitað er að nokkur sérsambönd hafa staðið fyrir slíkum námskeiðum eða styrkt þjálfara sem farið hafa til námskeiða erlendis.

Einnig er vitað að sjóður á vegum Alþjóða Ólympíunefndarinnar hefur staðið fyrir námskeiðum af þessu tagi eða styrkt þátttöku.

Starfsemi á vegum afreksíþróttanefndar af þessu tagi er æskileg og ætti, ef vel tekst til t.d. um samstarf við Ólympíunefnd Íslands, ekki að stofna til mikilla fjárútláta.

### **UMHVERFI:**

Það umhverfi sem afreksíþróttir búa við ákvarðast að nokkru af viðhorfi og vinnubrögðum sveitastjórna og ríkisvalds, en það hefur í för með sér að taka verður þennan starfspátt afreksíþróttanefndar inn í dæmið þegar rætt er um aðild sveitastjórna að afreksíþróttasjóði, kemur tvennt til:

- Eftirgjöf á leigugjöldum fyrir íþróttamannvirki til keppni og að einhverju eða öllu leiti til æfinga. Þarna getur verið um umtalsverðar upphæðir að ræða og sem dæmi má nefna að á síðasta starfsári er bókfærð húsaleiga vegna starfsemi A-landsliðs HSÍ kr. 1.593.980,- og verður ekki annað séð en að í þeirri tölu sé bæði leiga vegna keppni og æfinga inni.
- Í annan stað væri æskilegt að hægt væri með samningum að tryggja sérsamböndum húsnæði/aðstöðu til æfinga fyrir öll landslið. Á þessu grundvallaratriði hafa oft á tíðum verið miklir misbrestir.

Þessi tvö atriði myndu, ef af yrði, bæta aðstöðu sérsambandanna mikið og það umhverfi sem afreksíþróttir búa við, án þess að til beinna útgjalda fyrir afreksíþróttasjóð kæmi.

Fleira kemur til sem snýr að afreksmönnum sem einstaklingum og nægir að nefna:

- Aðstöðu innan skólakerfisins.
- Aðstöðu á almennum vinnumarkaði.

Hér er aðeins dregið á augljós atriði þar sem afreksíþróttanefnd gæti komið sérsamböndunum til hjálpar, en fleira kemur til þótt þess sé ekki getið að svo stöddu."

Í fyrrnefndri skýrslu frá 1991 er fjallað um þrjá valkosti varðandi skipulag afreksíþróttastarfs og áherslur. Þar stendur um valkost 2, sem nefndarmenn mæltu með:

„Það er álit nefndarinnar að starfsemi sérsambanda innan vébanda Í.S.Í. beinist inn á þær brautir að stefnt sé að því að eignast afreksíþróttamenn á heimsmælikvarða.

Sé þetta álit nefndarinnar rétt þá þarf að móta þessa stefnu af heildarsamtökunum og hrinda henni í framkvæmd í samvinnu við sérsamböndin.

Á margan hátt þyrfti að gera grundvallarbreytingar á skipulagi og framkvæmd fjölmargra þátta, sem nefndin telur eðlilegt að lúti einni heildarstjórn – afreksíþróttanefnd.

Leita þarf samstarfs allra aðila í þjóðfélaginu sem þetta mál varðar eins og nánar er lagt til í tillögum nefndarinnar. Ekki er hægt að ætlast til að einstök sérsambönd ráði sjálfstætt við þá fjölmörgu þætti sem taka verður tillit til við slíka uppbyggingu, þannig að skipulagt heildarstarf þarf að koma til ef árangur á að nást.

Algjört skilyrði er að fjármagn sé fyrir hendi til þess að mögulegt sé að styrkja afreksíþróttamenn og ala upp verðandi afreksmenn. Hugmyndir nefndarinnar koma fram síðar í nefndarálitinu.

Skapa verður afreksmönnum æfingaaðstöðu sem fyllilega jafnast á við það sem best þekkist meðal annarra þjóða.

Hæfir þjálfarar og leiðtogar þurfa að vera til staðar varðandi öll verkefni sem tekist verður á við og auka þarf samstarf þessara aðila við lækna, sálfræðinga og aðra sérfræðinga á ýmsum sviðum.

Kröfur verður að gera um kerfisbundna og stöðuga leit að efnivið í afreksmenn, þar sem mjög þýðingarmikið er að þeir komist undir handleiðslu úrvals þjálfara mjög fljótt á íþróttuferli sínum. Kerfisbundin leit og samræming á þjálfun afreksmanna hefur óhjákvæmilega áhrif á störf einstakra félag og kann að leiða til þess að íþróttamenn þurfi að skipta um umhverfi.

Eðlilegt er að sérstök afreksíþróttanefnd hafi yfir yfirstjórn alla á hendi þar sem ekki er hægt að ætlast til að Í.S.Í. eða einstök sérsambönd ráði við verkefnið með beinu tilliti til þess hve fjárfrekt það er. Fjölmörg önnur atriði stjórnskipulegs eðlis og persónuleg atriði sem varða afreksíþróttamennina sjálfa gerir samræmingu nauðsynlega.

Þessi leið kallar á samvinnu allra aðila, sem geta talist eiga hlut að málinu. Þar vegur þyngst afstaða ríkisvaldsins. Full ástæða er til að ætla að ríkisvaldið vilji taka þátt í uppbyggingu afreksmanna. Nokkur reynsla er komin á stuðning ríkisins við afreksmenn í skákíþróttinni, en sá stuðningur hefur leitt af sér að við eigum nú nokkra stórmeistara í skák. Frumvarp í þessa veru hefur verið lagt fram á Alþingi af þeim Inga Birni Albertssyni og Hreggviði Jónssyni, sem sjálfsagt er að byggja á áframhaldandi aðgerðir í málinu og vinna því síðan fylgis innan Alþingis.

Allt er þetta mál ennfremur háð því að innan íþróttahreyfingarinnar sjálftrar skapist eining og vilji til að hrinda þessu máli í framkvæmd."

Það er áhugavert að lesa um hugmyndir nefndarinnar árið 1991, en margt af því er enn í dag (2017) ríkjandi innan íþróttahreyfingarinnar. Má þar nefna eftirfarandi fullyrðingar:

- „Það hlýtur að vera skylda þessarra aðila [Í.S.Í., Ólympíunefnd og sérsamböndin], ef afrek er eru talin eftirsóknarverð, að sjá til þess að afreksmennirnir skaðist hvorki félagslega né fjárhagslega af þátttöku sinni.
- Starfandi Afreksmannasjóður Í.S.Í. hefur séð um úthlutun sem sérstaklega er ætlað að ganga til afreksíþróttar. Þessi sjóður hefur takmörkuð eða engin afskipti af tæknilegri uppbyggingu eða áætlanagerð sérsambandanna. Oft hefur það reynst sérsamböndunum og einstaklingum erfitt að átta sig á og sætta sig við úthlutun.
- Það sem stendur afreksíþróttum hvað mest fyrir þrífum um þessar mundir er óvissan um það fjármagn sem er og/eða verður til ráðstöfunar hverju sinni. Þessi óvissa hefur í för með sér:
  - Að erfitt reynist að skipuleggja starfsemi fram í tímann eins og æskilegt er og því verður verkefnaval tilviljanakennt og ómarkvisst.
  - Að endurnýjun verður ótrygg þar sem sérsamböndin geta ekki veitt efnilegum unglíngum æskilega þjálfun á þeim tíma sem hagkvæmast er að leggja grunninn.

- Ef afrek í íþróttum eru talin einhvers virði hlýtur sú spurning að vakna hvort það sé vænlegt til árangurs að leggja málaflokkinn alfarið á herðar forustumanna sérsambandanna, ásamt öðrum þeim verkefnum sem sérsamböndum er gert að starfa að.
- Rekstrarforsendur sérsambanda eru það erfiðar að ólíklegt er að þau geti boðið afreksíþróttamönnum viðunandi starfsskilyrði án þess það bitni á annarri starfsemi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
- Afreks eru árangur margra ára markvissar starfsemi og lítil von um árangur ef vinnubrögð eru ekki sambærileg við það sem best gerist.
- Ef takmarkið er að hasla sér völl meðal hinna bestu er brýnt að líta á afreksíþróttir sem sameign íþróttahreyfingarinnar og þjóðarinnar og skipuleggja starfsemina á þeim forsendum.
- Ef metnaðurinn er einhver verður ábyrgð ekki varpað á herðar sérsambandanna, þá ábyrgð verður íþróttahreyfinginn að axla sameiginlega."

Áfram var unnið með málefnið innan Í.S.Í. en frumvarp á Alþingi náði þó ekki í gegn á þeim tíma.

Ellert B. Schram tók við sem forseti Í.S.Í. við andlát Sveins Björnssonar í september 1991. Á Íþróttáþingi Í.S.Í. í október 1992 flutti Ellert skýrslu framkvæmdastjórnar Í.S.Í. og sagði að þegar hann tók við forsetastarfinu þá sýndist honum nokkur atriði vera afar brýn að leysa sem fyrst. Sem eitt af tíu atriðum sagði Ellert:

*„Að fylgja eftir afreksmannastefnu sem um hefur verið fjallað í okkar hreyfingu í allmörg ár án þess að botn hafi fengist í hana.“*

Á þessu sama Íþróttáþingi var lögð fram eftirfarandi tillaga um afreksíþróttastefnu:

*„Íþróttáþing 1992 samþykkir framlagða afreksmannastefnu og felur framkvæmdastjórn Í.S.Í. að vinna að stofnun afreksíþróttasjóðs í samræmi við þær tillögur sem sambandsstjórnarfundur haldinn 15. maí 1992 mælti með.*

*Íþróttáþing 1992 samþykkir að Í.S.Í. leggi fram árlega 10% af óskiptum lottóhagnaði til afreksíþróttar.*

*Afreksmannasjóður Í.S.Í. fer með ráðstöfun þess fjár þar til afreksíþróttasjóður er stofnaður með aðild ríkisvaldsins og fleiri.“*

Þáverandi úthlutunarreglur um arð af Íslenskri Getspá gerðu ráð fyrir að 3% af óskiptu féi færi til Afreksmannasjóðs Í.S.Í. en tillagan sem lá fyrir Íþróttáþingi gerði ráð fyrir 10% til Afreksmannasjóðs Í.S.Í.

Eftir umræðu í fjárhagsnefnd á Íþróttáþinginu kom tillagan breytt til afgreiðslu á þinginu, en þá var gert ráð fyrir að Í.S.Í. legði fram 8% af óskiptum lottóhagnaði til afreksíþróttar. Var tillagan samþykkt með yfirnæfandi meirihluta atkvæða. Enn í dag (2017) fara 8% af óskiptum lottóhagnaði til Afreksjóðs ÍSÍ.

Að loknu Íþróttáþingi 1992 var áfram unnið að stefnumótun í afreksíþróttum og voru afreksíþróttir til umræðu við mótun íþróttastefnu til ársins 2000. Vinnuhópur var skipaður til að vinna að mótun nýrrar afreksstefnu sem skilaði af sér skýrslu og tillögu til Íþróttáþings ÍSÍ árið 2000. Stefnan sem unnið er eftir í dag var samþykkt að grunninum til því af fulltrúum allra sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Þar segir m.a.:

**„Sameiginleg markmið íþróttahreyfingarinnar:**

*Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afreksstig íslenskra íþróttar. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem með afreksíþróttamanninum vinna, tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum framfærsluaðstæðum íþróttamannsins, og auka íslenska þjálfunarkunnáttu.“*

„Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ gerir sérsamböndum kleift að halda úti landsliðsstarfi.“

*Fulltrúi sérsambands á fundi með vinnuhópi.*

Unnið hefur verið að þessu markmiði í langan tíma og má segja að allt starf ÍSÍ í tengslum við afreksíþróttir taki mið af þessu sameiginlega markmiði. Þannig er eitt af viðfangsefnum stefnunnar að veita afreksíþróttafólki og flokkum fjárhagslegan stuðning og til þess er starfræktur Afrekssjóður ÍSÍ sem fjármagnaður er af framlagi ríkisvaldsins á fjárlögum Alþingis hvert ár og af hlutfalli af tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri Getspá.

Á undanförunum árum hefur verið bætt við stefnuna frekari áherslum og leiðum að þeim markmiðum sem fjallað er um í stefnunni ásamt mælikvörðum.



Mynd 8 - Frá undirritun samnings um afreksstyrk



## 2.4 SKÝRSLA ÍSÍ UM KOSTNAÐ VIÐ AFREKSÍPRÓTTASTARF 2015

Mikilvægt atriði í afreksípróttastarfinu eru þeir þættir sem snúa að ípróttamanninum sjálfum og framfærsluáðstæðum hans, eða svokölluð lýðréttindi afreksípróttamanna. Kjör afreksípróttamanna á Íslandi eru í mörgu langt á eftir nágrannabjóðum og í því samhengi hefur Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, lagt mikla áherslu á að þessi þáttur sé skoðaður vandlega. Til þessa var m.a. settur á fót vinnuhópur til að safna saman upplýsingum og greina þann kostnað sem tilheyrir umhverfi ípróttamanna, sérsambanda, verkefna og liða. Vinnuhópurinn skilaði af sér skýrslu árið 2015, en við gerð hennar voru skoðuð gögn sem til eru í skjalasafni Afrekssjóðs ÍSÍ, ársskýrslur sérsambanda ÍSÍ sem og útgefin gögn frá ípróttasamtökum í löndum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Í reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ segir:

### „5.7 Tilgangur fjárhagsstuðnings – fjárhagsleg atriði

*Styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ eru fyrst og fremst til þess að greiða kostnað við æfingar og undirbúning undir keppni, sem og þátttöku í keppni á erlendum vettvangi. Þannig styrkir sjóðurinn verkefni sem snúa beint að viðkomandi ípróttamanni, s.s. til að stunda æfingar og keppni umfram það sem hann annars mundi gera. Einungis umsóknir sérsambanda/ípróttanefnda ÍSÍ vegna þeirra ípróttamanna sem stunda íprótt sína með áframhaldandi keppni eða afrek fyrir augum geta fengið styrki úr sjóðnum. Styrkveitingin er því ekki verðlaun fyrir unnin afrek, þótt þau séu lögð til grundvallar, heldur aðstoð og hvatning til frekari afreka og áframhaldandi keppni.*

*Enn fremur er heimilt að styrkja verkefni, sem beinlínis er hrundið af stað í skipulagðri leit að hæfileikaríku og framúrskarandi efnilegu ípróttafólki, í samræmi við áherslur í afrekssstefnum sérsambanda/ípróttanefnda ÍSÍ.“*

Frá upphafi má segja að styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ hafi ekki verið hugsaðir til að mæta framfærslutengdum kostnað einstaklinga eða öðrum þeim tekjum sem einstaklingar þurfa að afla sér til að standa straum af daglegum kostnaði, s.s. fæði, húsnæði og öðrum neyslukostnaði. Styrkirnir eru fyrst og fremst hugsaðir til að koma til móts við þann gríðarlega kostnað sem fylgir því að vera í afreksípróttum og þurfa að taka þátt í fjölmörgum erlendum verkefnum á hverju ári. Á það bæði við einstaklingsverkefni sem og landsliðsverkefni á vegum sérsambanda ÍSÍ, en hjá nánast öllum sérsamböndum ÍSÍ greiðir afreksípróttafólkið sjálft þann kostnað sem er við landsliðsverkefni.

„Um afreksíprótt er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur eða flokkur skipar sér, með árangri sínum, í fremstu röð í heiminum.“

Úr Afrekssstefnu ÍSÍ

Aðstæður afreksípróttafólks í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við, eru mismunandi. Til að tiltaka nokkra þætti þá má nefna þátttöku í landsliðsverkefnum er ípróttafólkinu að kostnaðarlausu, skólástyrkir, aukinn sveigjanleiki varðandi kröfur vegna námslána, aðgengi að sérstökum íbúðum og æfingabúðum án kostnaðar eða á niðurgreiddu verði sem og aðgengi að mótuneytum án kostnaðar eða á niðurgreiddu verði. Þá er umfangsmikið aðgengi að fagteymisaðilum (læknum, sjúkraþjálfurum, næringarfræðingum, sálfræðingum, o.fl.) sem eru starfandi á vegum ípróttahreyfingarinnar, öflug rannsóknarvinna á vegum háskóla sem snýr að tæknilegum þáttum ípróttanna jafnt sem samfélagslegum þáttum, og svona mætti lengi telja.

Sérsambönd í öðrum norrænum ríkjum hafa mörg hver umfangsmeiri starfsemi og þar með meiri starfsmannafjölda heldur en íslensk sérsambönd. Þannig eru sérhæfðir aðilar að vinna eingöngu að afreksípróttunum, einstaka verkefnum eða með landsliðum og það teymi sem er í kringum landslið eru mun fjölmennari en íslensk sérsambönd geta boðið upp á. Að vissu leiti



er það eðlilegt að umfang þessara sérsambanda sé meira en þeirra íslensku og er fólksfjöldi í þessum löndum næg rök fyrir því. Þegar horft er hins vegar til einstaklinga eða einstakra liða, sbr. karlalandslið í handknattleik eða afreksmanns í sundi eða frjálsíþróttum sem keppir reglulega á stórmótum, setur Norðurlandamet eða nær lágmarki á Ólympíuleika, þá mætti ætla að sambærilegrar umgjarðar sé þörf.

„Tryggja þarf öruggari fjárhagslega umgjörð afreksíþróttafólks þannig að þau geti einbeitt sér að fullum krafti að sinni íþróttaiðkun.“

*Álitsgjafi vinnuhóps.*

Íþróttamaður nær ekki árangri einn og óstuddur heldur þarf hæfa þjálfara og öflugt stuðningsnet í kringum hann ef að árangur á að nást. Kröfur íþróttanna varðandi þessa þætti hafa aukist gífurlega og má sjá að stærri þjóðir leggja meiri og meiri áherslu á vísindalegan þátt íþróttar, aðstoð fagteymis í kringum íþróttamanninn og sérhæfð þjálfarateymi sem vinna með einstökum íþróttamönnum.

Helstu niðurstöður í skýrslunni, og um leið tillögur til framtíðarinnar má segja að séu þær að til að Ísland geti boðið íslensku íþróttafólki sambærilega aðstöðu og þjónustu og tíðkast í kringum okkur er þörf á miklum breytingum. Í fyrrnefndri skýrslu er reynt að telja upp margt af því sem er í boði hjá öðrum þjóðum en hafa ber í huga að ekki er alfarið hægt að heimfæra kerfi annarra þjóða yfir á íslenskt umhverfi. Hver þjóð er sérstök og horfa þarf til mjög margra þátta hvað varðar fyrirkomulag íþróttamála og stuðning við afreksíþróttastarf.

Til að átta sig betur á íslenskum þörfum í afreksstarfi var skýrslunni skipt niður í nokkra flokka:

- Daglegt líf íþróttamanna, lýðréttindi og framfærsla.
- Afreksíþróttastarf sérsambanda.
- Grunnstyrkur til sérsambanda vegna landsliðsverkefna.
- Fagteymisþjónusta, afreksíþróttamiðstöð og rannsóknir.
- Ólympísk verkefni og þátttaka Íslands á leikum.

Með þessu var verið að telja til nokkra kostnaðarþætti eða áherslur en jafnframt var talað um að það þyrfti að skoða aðstöðu vegna afreksíþróttar. Ekki væri eingöngu nóg að byggja mannvirki ef að afreksíþróttafólk eða sérsambönd hefðu ekki aðgang að mannvirkjunum fyrir æfingar og keppni. Í Hollandi reka heildarsamtök íþróttanna miðstöð sem heitir Papendal. Þar hefur afreksíþróttafólkið forgang og þó að einungis einn íþróttamaður í frjálsíþróttum þurfi að æfa í höllinni eða mannvirkinu þá er það ekki leigt út til annarra, heldur er íþróttamaðurinn í forgangi.

„Mikilvægt er að sérsamböndin hafi náð samstarf við samningu afreksáætlunar við þjálfara þeirra íþróttamanna sem valdir eru í verkefni.“

*Álitsgjafi vinnuhóps.*


Tryggja þarf að sérsambönd geti leigt eða haft aðgang að aðstöðu fyrir sína hópa og sitt afreksstarf, en hvort það ætti að vera á höndum íþróttahreyfingarinnar, ríkis eða sveitarfélaga að fjármagna slíkt aðgengi var talið efni í aðra umræðu.

Til að átta sig enn betur á fjármagnspörf vegna afreksstarfs var í skýrslunni talið að til að standa nærri þjóðunum í kringum okkur væri þörf á að veitt væri árlega til afreksstarfs um 650 m.kr. miðað við árið 2015. Þetta væri þannig áætluð fjárför til að færa afreksstarf á Íslandi í átt að því sem að gerist í nágrannalöndum okkar. Þörf væri á að hægt væri að gera allt að fjögurra ára samning við sérsambönd og færa afreksstarfið inn á nýjar brautir þar sem aðilar gætu séð lengra fram í tímann, nýtt mannskap og hverja krónu enn betur.

## 2.5 STYRKVEITINGAR AFREKSSJÓÐS ÍSÍ Í GEGNUM TÍÐINA

Allt frá upphafi Afreksmannasjóðs ÍSÍ og síðar Afrekssjóðs ÍSÍ hafa styrkir sjóðsins verið hugsaðir til að koma til móts við þann mikla kostnað sem þátttaka í afreksstarfi felur í sér.


Þannig er það orðað í fyrstu reglugerðum sjóðsins og eins má segja að það sé ráðandi í dag.



Mynd 9 - Styrkveitingar Afrekssjóðs ÍSÍ 1999 til 2016 á föstu verðlagi hvers árs.

Í takt við framlag til sjóðsins hafa styrkveitingar aukist jafnt og þétt í gegnum árin og náð að koma til móts við þann gífurlega kostnað sem afreksíþróttastarfið felur í sér. En samt engan veginn nóg.

Á tímabili var einnig úthlutað úr tveimur öðrum sjóðum, þ.e. Styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna (SUE) sem úthlutaði styrkjum vegna verkefna ungra íþróttamanna á árunum 2002 til 2012. Á síðustu árum þess sjóðs var sjóðsstjórn sú sama og í Afrekssjóði ÍSÍ og rekstur sjóðsins var tengdur Afrekssjóði ÍSÍ. Hinn sjóðurinn var sjóður Ólympíufjölskyldu ÍSÍ, en þar var um að ræða fjármagn og flugmiða sem ÍSÍ fékk í gegnum samstarf við fjögur til fimm fyrirtæki sem mynduðu Ólympíufjölskyldu ÍSÍ.




Mynd 10 - Samanlagðir styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ og Ólympíusamhjalparinnar 1999 til 2008 á föstu verðlagi.

## SKÝRSLA VINNUHÓPS UM ENDURSKOÐUN Á REGLUM AFREKSSJÓÐS ÍSÍ

Í gegnum þann sjóð var reynt að styrkja frekar þau sambönd sem ekki hlutu styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ, en úr SUE voru um 10 m.kr. til úthlutunar sem reynt var að styrkja nokkuð jafnt á þau sambönd sem sóttu um. Þannig voru hópíþróttasamböndin að fá um 500.000 kr. vegna yngri landsliða og verkefni einstakra íþróttamanna frá um 100.000 kr. til 200.000 kr. á hvern þeirra sem hlaut styrk.

Styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ dreifðust á færri sérsambönd meðan hinir tveir sjóðirnir voru til staðar, en á síðustu árum hafa allir afreksstyrkir ÍSÍ verið veittir í gegnum Afrekssjóð ÍSÍ, að undanskyldum styrkjum Ólympíusamhjalparinnar sem hafa verið veittir af Framkvæmdastjórn ÍSÍ út frá tillögu stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Þeir styrkir hafa farið í gegnum Afrekssjóð ÍSÍ, og sjóðsstjórnin hefur í raun eingöngu haft eftirlitsskyldu og verið upplýst um þá aðila sem hafa notið þeirra styrkja auk þess sem að kröfur á skýrsluskil og skilagreinar hafa oft geta nýst á milli sjóðanna.


Ef horft er til þeirra sérsambanda sem hafa notið styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ í gegnum tíðina þá má segja að nokkur sérsambönd hafi notið hæstu styrkja sjóðsins. Fer þar saman árangur á alþjóðlegum viðburðum, staða á heimlista og þátttaka á Ólympíuleikum. HSÍ hefur hlotið hæstu styrkina í gegnum tíðina og á síðustu árum hefur KKÍ einnig hlotið háa styrki. SSÍ og FRÍ hafa dregið vagninn hvað varðar einstaklingsgreinar en frábær árangur hjá fötludu íþróttafólki og þátttaka á Paralympic Games hefur einnig fært ÍF töliverða styrki frá Afrekssjóði ÍSÍ.



Mynd 11 - Styrkveitingar Afrekssjóðs ÍSÍ til 2014 til 2017 á föstu verðlagi



### 3 VINNULAG VINNUHÓPS



Mynd 12 - Frá fundi vinnuhóps með fulltrúum sérsambanda, Stefán Konráðsson, formaður vinnuhópsins kynnir verklag vinnuhópsins.



### 3.1 STÖRF VINNUHÓPSINS

Vinnuhópurinn hefur fundað reglulega frá því að hann var skipaður. Strax á sínum fyrsta fundi var rætt um að sækja hugmyndir og þekkingu til þeirra aðila sem hafa getið sér gott orð fyrir fagmennsku í störfum sínum og hafa starfað í alþjóðlegu afreksumhverfi hjá þeim þjóðum sem við berum okkur oft saman við auk erlendra sérfræðinga til ráðgjafar og aðstoðar. Vinnuhópurinn taldi mikilvægt að leita ráða hjá fólki sem starfaði í sterku afreksumhverfi í sínum störfum. Í þennan viðhorfshóp voru fengnir eftirtaldir aðilar:

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari Danmerkur í handknattleik, Vésteinn Hafsteinsson alþjóðlegur frjálsíþróttþjálfari, Þórir Hergeirsson landsliðsþjálfari Noregs í handknattleik, Guðmundur Þ. Harðarson fyrrverandi sundþjálfari, Elísabet Gunnarsdóttir knattspyrnuþjálfari í Noregi, Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari í knattspyrnu, Dagur Sigurðsson landsliðsþjálfari Þýskalands í handknattleik, Vala Flosadóttir frjálsíþróttþjálfari í Svíþjóð, Úlfar Jónsson landsliðsþjálfari í golfi, Eyleifur Jóhannesson sundþjálfari í Danmörku, Kristinn Björnsson skíðþjálfari í Noregi, Bjarni Friðriksson júdóþjálfari og verðlaunahafi á Ólympíuleikunum 1984, Hrannar Hólm körfuknattleiksþjálfari, Gunnar Páll Jóakimsson frjálsíþróttþjálfari og Erlingur Jóhannsson prófessor við Háskóla Íslands.

Vala Flosadóttir, bronsverðlaunahafi á Ólympíuleikunum 2000 í Sydney var upphaflega í hópnum en baðst lausnar vegna anna og á sama tíma var bætt við þeim Inga Þóri Einarssyni, sundþjálfara og aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík og Hörpu Óskarsdóttir, fimleikaþjálfara í Svíþjóð.

Þá var ákveðið að leita til erlendra aðila og fékkst viljrði fyrir því að teymi sérfræðinga hjá Team Danmark og Olympiatoppen í Noregi yrði vinnuhópnum til aðstoðar, auk Hollenska íþrótta- og Ólympíusambandsins.

Vinnuhópurinn valdi auk þess að leita til fleiri aðila innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, s.s. framkvæmdastjórnar ÍSÍ, fulltrúa sérsambanda ÍSÍ, fulltrúa íþróttahéraða, stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ varðandi viðhorf og athugasemdir sem tengjast afreksíþróttastarfi og úthlutunum afrekssstyrkja íþróttahreyfingarinnar.

### 3.2 FUNDIR VINNUHÓPS

Þann 12. september 2016 var haldinn undirbúningsfundur með forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ varðandi störf vinnuhópsins. Þann fund sátu Stefán Konráðsson, Þórdís Lilja Gísladóttir og Andri Stefánsson, ásamt Lárusi L. Blöndal, forseta ÍSÍ og Líneyju Rut Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra ÍSÍ. Vinnuhópurinn var skipaður formlega þann 15. september og strax degi síðar var haldinn fyrsti fundur. Alls hélt vinnuhópurinn 22 formlega fundi á tímabilinu 16. september 2016 til 2. mars 2017, auk þess að vera með kynningu á Formannafundi ÍSÍ og funda með sérsamböndum ÍSÍ, íþróttahéruðum, fræðasamfélaginu, íþróttafólki og fleiri aðilum, en þeir fundir voru sjö talsins. Þá voru allmargir óformlegir fundir haldnir.

### 3.3 FRAMLAG ÁLITSGJAFJA MIKILVÆGT – GULLMOLAR REYNSLUNNAR

Eins og við mátti búast voru álitsgjafar í viðhorfshópi, þ.e. fyrrnefndir 16 aðilar, mjög uppteknir í sínum störfum og því var misjafnt hvað þau gátu lagt fram í álitsgerðina en það er ánægjulegt að greina frá því að allir þessir lögðu eitthvað af mörkum í vinnuna.

Þann 21. september 2016 voru sendar spurningar á hópinn þar sem óskað var eftir skoðunum þeirra á afreksstarfi og þeim atriðum sem skipta mestu máli í afreksstarfi og gagnvart afreksíþróttafólki. Eins var velt upp hvaða áhrif skortur á fjármagni eða aukið fjármagn hefði á forgangsröðun og áherslur. Svör álitsgjafa voru notuð til að ramma betur inn nálgun gagnvart öðrum markhópum og þeim spurningum sem ákveðið var að spyrja aðila íþróttahreyfingarinnar að. Síðar í ferlinu fékk þessi viðhorfshópur senda könnun eins og þátttakendur á Formannafundi ÍSÍ og loks voru sendar viðbótarspurningar á hópinn auk þess sem að ýmis samskipti áttu sér stað í gegnum tölvupóst eða með því að einstaklingar heimsóttu formann eða starfsmann vinnuhópsins og ræddu áherslur og hugmyndir.

Margt mjög áhugavert kom fram í svörum álitsgjafa og má segja að eftirfarandi atriði séu meðal þeirra sem vinnuhópurinn nýtti sérstaklega áfram í sinni vinnu. Eru mörg þeirra birt hér að neðan, án þess að nafngreint sé frá hverjum hver fullyrðing eða skoðun kemur. Fyrst og fremst er um að ræða þau atriði sem þessir aðilar töldu mikilvægust í afreksíþróttastarfi og gagnvart afreksíþróttafólki, en einnig hvaða þætti ætti að leggja aukna áherslu á með auknu fjármagni til afreksíþróttar:

- *Mikilvægt er að íþróttafólkið sé með mikinn metnað og sterka innri áhugahvöt og viðhorf.*
- *Þjálfarar og aðrir sem starfa með íþróttafólkinu þurfa einnig að hafa sömu viðhorf og innri áhugahvöt.*
- *Mikilvægt er vinna með þróun á íþróttamanni en horfa ekki eingöngu á úrslit til skamms tíma, verða örlítið betri á hverjum degi og einbeita sér að verkefnum við hæfi er mikilvægt til að ná draumamarkmiðum.*
- *Langtímaplön og skipulag með stöðugu umhverfi, þ.m.t. fjárhag, með möguleika á þátttöku í þeim verkefnum sem íþróttamaður og þjálfari telja mikilvæg til að ná árangri.*
- *Að hið daglega umhverfi (líf) íþróttamannsins sé heilsteypt og allir þættir vinni saman, s.s. að hægt sé að æfa nóg, stunda nám og/eða vinnu og hafa möguleika á að stunda námið yfir lengra tímabil og/eða halda áfram ferli að loknum barneignum o.s.frv.*
- *Öflugt fagteymi í kringum afreksíþróttafólkið.*
- *Gott aðgengi að íþróttamannvirkjum, þ.e. nægir æfingatímar sem henta íþróttafólkinu.*
- *Kennsluáætlun frá ungum íþróttamönnum að afreksfólki.*
- *Hafa möguleika á að keppa reglulega meðal þeirra bestu.*
- *Þverfagleg vinnubrögð, s.s. innan fagteymis.*
- *Fókus á ungt íþróttafólk (13+).*
- *Þjálfarar í 100% starfi að sinna efnilegustu unglíngunum.*
- *Nauðsynlegt að sérsambönd tengist meira félögunum og skólunum gagnvart yngri hópum.*
- *Að viðkomandi afreksíþróttamaður/kona hafi tök á því að æfa eins mikið eða meira en keppinautarnir erlendis.*
- *Það dugar ekki bara að æfa mikið heldur verður að æfa rétt og möguleikarnir á því eru góðir ef þjálfarinn eða þjálfarateymið er mjög gott.*
- *Síðan verður þjálfarinn að vera mjög skipulagður og vinna með teymi í kringum sig af mjög færðu fólki, en fyrst og fremst verður þjálfarinn að kunna sitt fag og hafa reynslu og að hafa náð árangri í þjálfun á landsvísu og svo heimsvísu.*

„Öflugt fagteymi í kringum afreksíþróttafólkið.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

„Það er dálítið skrítið að þurfa að nefna það að svefn, mataræði, hvíld og skipulögð þjálfun þurfi að vera í lagi.“

Álitsgjafi vinnuhóps.



- Mikilvægt er að fjármagn sé til staðar fyrir íþróttamanninn og þjálfarann til þess að getað helgað sig þessu eingöngu.
- Mjög æskilegt er að viðkomandi íþróttamaður hafi verið alinn upp í gegnum afreksmennsku allt sitt líf. Ekki misskilja mig hér, en ég tel að afreksfólk mótist í gegnum sína bernsku og unglingsár með því að fara í gegnum skólakerfi, frístundir og íþróttastarf auk þess hverskonar uppeldi þetta fólk fær frá sinni fjölskyldu.
- Þess vegna skiptir öllu máli að afrekstarfið eða öllu heldur gæðakennsla og þjálfun fari fram í gegnum allt ferlið fá barnaskóla og uppúr þar sem menntaðir kennarar og þjálfarar eru mjög góðir og skilja heildarmyndina. Þess vegna er menntun þjálfara og kennara ótrúlega mikilvæg og að allir sem vinni við kennslu og þjálfun hafi góða menntun. Íþróttastaðan verður að vera nógu góð eða öllu heldur aðgengileg. Engin ástæða til að byggja það fínasta sem finnst ef maður fær ekki að nota það. Þess vegna er skipulag mjög mikilvægt í sambandi við aðgengi að íþróttaaðstöðu.
- Síðan þegar viðkomandi barn eða unglingur er orðinn afreksmaður þá verður að vera mjög skipulögð afreksstefna í hans eða hennar félagi og deild, sérsambandi og svo hjá ÍSÍ. Þetta verður að vera unnið í samvinnu þannig að það séu svipaðar áherslur í gegnum ferlið.
- Hér kemur þá fagteymið inn sem verður að vera fólk sem kann sitt fag. Það verður að vera fólk sem er best í sínu fagi á Íslandi þegar afreksfólkið er komið á heimsmeðlíkvarða og er styrkt af ÍSÍ. Þetta fagfólk vinni síðan náði með þeim sem vinna í félögum, deildunum og sérsamböndum. Þetta fagteymi verður að vera hjá ÍSÍ, fólk sem vinnur bara við íþróttir og fær borgað fyrir það. Það þýðir ekkert að kippa einhverjum inn bara til að þess að fara með sjúkrapjálfa eða lækni með t.d. í æfingabúðir eða á mót. Þetta fólk verður að vera toppfólk sem vinnur bara með íþróttamönnum og er í vinnu hjá ÍSÍ.
- Það er engin ástæða til þess að Íslendingar sigri erlenda andstæðinga ef t.d. efniviðurinn er sá sami eða líkur, öðruvísi en að við séum þá líka góð í umgjörðinni. Þjálfarinn, þjálfarateymið verður að vera eins gott eða betra. Síðan lækurinn eða teymið, eins og sjúkrapjálfa, nuddarar, kírópraktorar, ostepatar, sálfræðingar, mentorar eða ráðgjafar, næringafræðingar, mælingamenn, fjölmiðlafulltrúar, umboðsmenn og aðrir sem tengjast afreksfólkinu verða að vera jafn góðir eða betri en sínir kollegar erlendis. Þetta verða að vera íþróttalæknar og íþróttanuddarar en ekki almennir læknar eða fólk sem vinnur með almenning á milli, það gengur ekki upp.
- Rannsóknir, mælingar, upplýsingaskráning á ýmskonar statistík skiptir öllu máli. Það verður að fylgjast með hér og vera í stöðugri samvinnu við þá sem rannsaka og mæla íþróttamennina út frá nýjustu upplýsingum. Samt sem áður verðum við líka að byggja á reynslu og taka mið af því hvað hefur virkað áður og síðan líka að nota almenna skynsemi.
- Það er dálítið skrytið að þurfa að nefna það að svefn, mataræði, hvíld og skipulögð þjálfun þurfi að vera í lagi. Þessu er enn þann dag í dag mjög ábótavant. Íþróttamenn verða að sofa 8-10 tíma á sólarhring. Það er mjög æskilegt að þeir leggi sig í 45 mín til 90 mín eftir máltíð eftir fyrstu æfingu. Þeir verða að taka inn næringu á þriggja tíma fresti eða sex sinnum á dag. Og svo eins og nefnt hér að ofan þá verða þeir eða þær að æfa mjög mikið. Þess vegna tel ég algert skilyrði að það sé mjög mikið eftirlit og eftirfylgni með hvernig afreksfólkið á öllum stigum lifir sínu daglega lífi, aga takk. Þá er ég að tala um allt ferlið frá bernsku og upp úr. Og svo þegar maður kominn á heimsmeðlíkvarða þá þýðir ekki að vera áhugamaður í hversdagslífinu og ekki huga nógu vel að svefni, mataræði og hvíld en æfa

„Auka fagteymisþjónustu sérstaklega með reglulegum mælingum s.s. á þoli, liðleika og tækni o.fl.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

„Hærrí styrkir til þeirra sérsambanda, sem eiga mesta möguleika á að vinna til verðlauna og/eða komast meðal 8 bestu á EM, HM og ÓL.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

svo eins og skepna og halda svo að maður vinni atvinnumennina sem hugsa vel um alla þessa þætti. Hér láta sig margir dreyma en ég hef enga trú á öðru en að vera atvinnumaður innan vallar sem utan. Það verður að vera með miklar kröfur á afreksíþróttamenn í þessum málum og þjálfara í sambandi við eftirlit og heildarskipulagningu á öllu ferlinu frá A til Ö. Hér er hægt að bæta mikið.

„Mikilvægt er að fjármagn sé til staðar fyrir íþróttamanninn og þjálfarann til þess að getað helgað sig þessu eingöngu.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

- Þess vegna er mikilvægast að huga fyrst að samfélagslegu hliðinni, er umhverfið í lagi fyrir viðkomandi íþróttamann, er hann/hún atvinnumaður eða ekki. Ef ekki, er skóli, atvinna, fjölskyldumál og annað í lagi? Er samhengi í deginum í sambandi við hvernig íþróttaaðstaðan er og aðgengi að henni á miðað við allt annað sem afreksíþróttamaðurinn er að gera. Hér tel ég að vanti töluvert upp á hjá mörgum.
- Hinir þættirnir sem koma þá á eftir er líkamleg þjálfun, tæknileg þjálfun og andleg þjálfun. Er skiplögð æfingaáætlun til eins árs, eða fjögurra ára fyrir hendi. Er hún unnin í samvinnu við fagteymið og er hún yfirfarin af þriðja aðila? Hvernig er með magnútreikningana og ákefðina í áætluninni miðað við aldur og hvar íþróttamaðurinn er staddur í ferlinu? Strangt eftirlit af fagaðilum er nauðsynlegt og á ekki að líðast til lengdar að þróun sé ekki árangurslega frá ári til árs eða endalaus meiðsli sem hamla framförum. Þá er einfaldlega eitthvað að.
- Mikilvægast eftir allt er þó VILJI íþróttamannsins að ná langt.
- Mín skoðun er að nota ætti aukið fjármagn í að byggja upp nýtt afreksumhverfi á Íslandi, nota reynsluna sem er komin, en skipuleggja heildarstarfið í gegnum allt ferlið miklu betur. Í samvinnu við ríkið, sveitarfélögin, skólakerfið og íþróttahreyfinguna, búa til ferli sem byggir á fagmennsku og gæðum bæði við kennslu og þjálfun. Þetta tekur 10 ár en er eðlilegt að ráðast í með meira fjármagni frá ríkinu.
- Til skammst tíma fyndist mér að það ætti að nota fjármagnið í að sjá til þess að núverandi íþróttamenn og þjálfarar séu atvinnumenn og stundi þetta sem slíkir. Fáí alla þá hjálp sem þeir þurfa en með mjög miklu eftirliti og eftirfylgni frá fagteyminu og þess vegna verði að stórauka og setja miklu hærri kröfur á hverjir sitji þar, hvernig þeir vinni saman og í samvinnu við íþróttamennina og þjálfarana. Þetta kostar mikla peninga þar sem fagteymið yrði allt í fullri vinnu hjá íþróttahreyfingunni.
- Mér fyndist líka eðlilegt að viss kvóti afreksmanna og þjálfara yrði valinn á grundvelli árangurs og launaður á sama hátt af ríkinu. Hvort sem peningar myndu koma í gegnum ríkið og borgað út í gegnum ÍSÍ, þá er það skipulagsmál. Málið er að ég hef enga trú á öðru en að afreksíþróttamenn/konur, þeirra afreksíþróttþjálfarar og sérfræðiteymi séu atvinnumenn sem vinna á sama grundvelli og keppinautarnir erlendis. Við verðum að hætta að láta okkur dreyma og halda að við getum unnið gull án þess að gera það sem til þarf til þess. Þess vegna er fjármagnið lykilatriði.
- Afreksstarfið þarf að vera skipulagt og rammað inn a.m.k. 4 ár fram í tímann, með árlegum endurnýjunarákvæðum, til aðlögunaar nýrra aðstæðna.
- Í upphafi hvers keppnistímabils þarf að liggja fyrir í smáatriðum, hvaða verkefnum íþróttafólkið á að taka þátt í s.s. keppnum og æfingabúðum.
- Í einstaklingsgreinum þurfa öll lágmark að liggja fyrir með upplýsingum um á hvaða mótum hægt er að ná þeim.
- Mikilvægt er að íþróttafólkinu sé gerð grein fyrir skipulaginu og skyldum þeirra gagnvart starfinu. Í þeim íþróttgreinum þar sem þátttakendur eru enn á barns-/unglingsaldri, þarf að huga að upplýsingagjöf til foreldra/forráðamanna.
- Þá er það mikilvægt að stjórnunarskipulag afreksstarfsins sé öllum ljós, hvort sem að íþróttastjóri eða landsliðsþjálfari/landslíðnefnd stjórni starfinu eða þessir aðilar í nánú samstarfi.

- Mikilvægt er að sérsamböndin hafi náði samstarf við samningu afreksáætlunar við þjálfara þeirra íþróttamanna sem valdir eru í verkefni.
- Þá er nauðsynlegt að afreks hópar á vegum sérsambanda hafi aðgang að íþróttamannvirkjum til reglulegra æfinga.
- Fagteymisþjónusta.
- Skilgreina þarf hugtakið afreksíþróttir!
- Til staðar þarf að vera til fjármagn til þess að reka afreksstarfið, þannig að ekki komi til fjárútláta þeirra sem eru valdir í afreksverkefni.
- Vanda meira til þátttöku í alþjóðlegum meistaramótum s.s. með æfingabúðum, þar sem keppendur hefðu tækifæri á að aðlagast bæði tímamismun og veðurfari.
- Nota aukið fjármagn til þess að lækka eða útrýma þeim kostnaði sem sérsamböndin rukka þá afreksíþróttamenn, sem keppa fyrir Íslands hönd.
- Leggja meiri áherslu á unglíngalandslið, sérstaklega þau sem komast í úrslitakeppni í flokkaíþróttum með auknum frjárframlögum.
- Styrkja þá einstaklinga sérstaklega sem komast í úrslit á alþjóðlegum unglíngameistaramótum.
- Auka fagteymisþjónustu sérstaklega með reglulegum mælingum s.s. á þoli, liðleika og tækni o.fl.
- Styrkja þróunarverkefni sérsambanda s.s. leit að háum leikmönnum í körfubolta og blaki og séræfingar fyrir þá, sérverkefni til að auka árangur t.d. í stökkgreinum frjálsra íþróttanna eða langsundum (800, 1500m) í sundi.
- Háfjalla æfingabúðir í samvinnu við sérfræðinga á því sviði.
- Veita má styrki til þess að finna efnilegt íþróttafólk (talent search).
- Hærri styrkir til þeirra sérsambanda, sem eiga mesta möguleika á að vinna til verðlauna og/eða komast meðal 8 bestu á EM, HM og ÓL.
- Aðgengi að úrvals fagaðilum þegar kemur að þjálfun (tækni/hugarfar/líkams...). Stuðningur við íþróttamanninn til að stunda æfingar og alþjóðlegar keppnir án áhyggja af fjárhagslegum atriðum.
- Öll umgjörð íþróttamannsins myndi eflast. Fremstu leikmenn fengju 100% stuðning hvað varðar þjálfun hjá fremstu fagaðilum. Í stórum landsliðsverkefnum yrði hægt að senda með fagaðila, t.d. sjúkraþjálfara. Sent væri á fleiri alþjóðleg mót. Fleiri æfingaferðir yrðu mögulegar, t.d. á þá mótssstaði þar sem stóru mótin eru haldin. Hægt yrði að halda úti reglulegri líkamsþjálfun og mælingum undir handleiðslu fagaðila. Landsliðið hefði yfir að ráða fullkornasta tækjabúnaði sem notaður yrði í æfingabúðum sem og í landsliðsferðum.
- Æfingabúðum á undirbúningstímabili yrði fjölgað. Fleiri æfingabúðir fyrir yngstu framtíðarleikmenn, ala þá fyrr upp sem framtíðar landsliðsfólk og hvað það felur í sér að vera hluti af landsliði.
- Það sem er mikilvægast er að fá þjálfun sem stenst alþjóðlegan samanburð. Æfinga- og keppnisumhverfi sem undirbýr íþróttafólkið að keppa meðal þeirra bestu í heiminum. Æfingaaðstæður við hæfi og sveiganlegan aðgangur að mannvirkjum. Aðgangur að fagteymi til að tryggja heilbrigði íþróttafólksins, og til að mæla framfarir og gefa feedback á hvað mætti fara betur. Svo er það að tryggja jafnvægi í lífi afreksfólks, að íþrótt, skóli/vinna og fjölskylda/vinir vinni saman, án jafnvægis gengur þetta ekki upp. Tryggja þarf að afreksfólk í námi fái aðstoð, ef um mikil ferðalög er að ræða í tengslum við landslið á skólaárinu.
- Ég myndi búa til afreks hóp (High Performance Center) fyrir allra besta íþróttafólkið. Þannig er hægt að búa til betra umhverfi fyrir þá bestu, og hægt að nýta fagteymi á markvissan hátt t.d með hjálp frá lífeðlisfræðing við útfærslu á testum, regluleg meðferðir hjá sjúkraþjálfara og íþróttasálfræðing.

„Til staðar þarf að vera til fjármagn til þess að reka afreksstarfið, þannig að ekki komi til fjárútláta þeirra sem eru valdir í afreksverkefni.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

- *Að mínu mati skiptir gott æfingaumhverfi þ.e. aðstaða til æfinga og hæfir þjálfarar fyrir íþróttamanninn og hvorki hann né hans aðstoðarmenn/þjálfarar þurfi að hafa fjárhagslegan bagga af því að stunda íþróttina með það markmið að ná hámarks árangri í henni.*
- *Ég þykist vita að hér heima höfum við í flestum tilfellum í dag ágætis æfingaumhverfi en ég þykist líka vita að kostnaður íþróttamannsins og þjálfara vegna þessa er töluverður og er það bæði beinn kostnaður sem þeir greiða vegna æfinga og keppnisferða erlendis og oftast einnig vinnutap sem þeir verða fyrir.*
- *Erfitt er og í raun ósanngjarnt að gera kröfur um árangur þegar málum er svo háttað. Ef gera á kröfu um árangur og að menn komist á þann stað að standa í þeim bestu og eða vera bestir þá þarf fjárhagslegur stuðningur að vera verulegur eða þannig að íþróttamaðurinn og þjálfari þurfi ekki að bera kostnað af því.*
- *Ekki má einblína á þá sem teljast afreksíþróttamenn og gleyma þeim sem eru við þröskuldinn en verða aldrei afreksíþróttamenn þar sem þeir fengu ekki þann stuðning sem þurfti til að komast í þann hóp. Til að fjölga afreksíþróttamönnum sem draga síðan vagninn fyrir hina þarf að styrkja grasrótina og hjálpa þessum aðilum því það er sama vinnan og sami kostnaður hjá þeim til að komast í þann hóp.*
- *Rétt er að geta þess að fjárhagslegur stuðningur ÍSÍ við afreksfólk undanfarin ár hefur aukist verulega og er það þakkarvert en hér á árum áður eins og ég þekkti til þá greiddi íþróttamaðurinn sjálfur 70-100% í öllum keppnisferðum og stundum einnig fyrir þjálfarann. Ég nefni þetta þar sem mér finnst rétt að íþróttamönnum sé gerð grein fyrir því að það er ekki sjálfsagt að menn hljóti styrki og haldi þeim óbreyttum án árangurs, þeir verði að vinna fyrir honum því það eru margir sem hafa þörf fyrir peninginn.*
- *Að borin sé virðing fyrir afreksíþróttafólki í íslensku samfélagi.*
- *Að íþróttafélög og sérsambönd hafi vel menntaða þjálfara í sýnum röðum, bæði í tengslum við barna- og unglingsþjálfun sem og í meistaraflokkum.*
- *Að íþróttþjálfarar séu vel menntaðir og hafa góðan aðgang að endurmenntun og fræðslu.*
- *Tryggja þarf öruggari fjárhagslega umgjörð afreksíþróttafólks þannig að þau geti einbeitt sér að fullum krafti að sinni íþróttaiðkun.*
- *Að tryggja að fjárhagslega umgjörð í þeim skilningi að afreksfólkið okkar komist á sterkustu mótin og geti mætt þeim bestu.*
- *Að skapa hagstæðar aðstæður fyrir afreksfólk á vinnumarkaði og/eða innan skólakerfisins til að geta náð árangri í sínu afreksstarfi.*
- *Að trykkt sé að afreksíþróttafólkið hafi greiðan aðgang að fagfólki og vísindamönnum á sem flestum sviðum, s.s. þjálfun, endurhæfingu, næringu, andlegri þjálfun, samskipti við fjölmiðla o.s.frv.*
- *Að afreksíþróttafólkið frá ólíkum íþróttagreinum hafi sameiginlegan vettvang þar sem það getur notið góðs af þekkingu og reynslu hvers annars.*
- *Að á Íslandi sé fullkomin aðstaða til æfinga og keppni í sem flestum íþróttagreinum.*
- *Styrkja þarf umgjörð íþróttar og æskulýðsstarf enn meir og fyrirbyggja brottfall úr íþróttum.*
- *Efla þarf vísinda- og rannsóknarstarf á sviði afreksíþróttar á Íslandi, þannig að við öðlumst þekkingu á því hvað einkennir Íslenska módelið.*
- *Efla þarf þjálfaramenntun á Íslandi þ.e. auka þekkingu og kunnáttu þjálfara á afreksþjálfun – í þessu samhengi er nauðsynlegt að endurskipuleggja og hugsa upp á nýtt þjálfaramenntun hjá ÍSÍ.*
- *Styrkja þarf starfsumhverfi afreksþjálfara á Íslandi.*
- *Efla þarf fagteymi og tengja viðfangsefni þeirra betur við starfsemi vísindastofnana og háskóla.*
- *Hlúa þarf sérstaklega að því afreksfólki sem er allveg við það að ná langt t.d. komast á stórmót o.s.frv.*
- *Efla þarf umgjörð og starfsumhverfi afreksfólksins í íþróttum í sinni víðustu mynd.*

„Mikilvægast eftir allt er þó VILJI íþróttamannsins að ná langt.“

Álitsgjafi vinnuhóps.



- *AFREKSSTARF. Gæði. Allt afreksstarf þarf að vera gert með ítrustu fagmennsku að leiðarljósi. Gæði eru mikilvægari en magn. Bestu þjálfarar, topp sjúkráþjálfun og líkamleg þjálfun. Topp aðstaða, matur, rúm, fatnaður, ferðamáti og fleira. Allir sem taka þátt í afreksstarfi þurfa að vera verulega góðir á sínu sviði. Afreksíþróttafólkið (hvort sem um ræðir unga, efnilega íþróttamenn – og konur eða reynda landsliðsmenn – og konur) þarf að skynja að þátttaka í afreksstarfi sé í hæsta gæðaflokki. Það má aldrei veita afslátt af gæðum. Og í því sambandi verður að sérstaklega að hlúa að menntun þjálfara og allra þeirra sem starfa með íþróttafólkinu, þannig að tryggt sé, að þeir geti veitt íþróttafólkinu hágæða þjónustu.*
- *AFREKSÍÞRÓTTAFÓLK. Það sem mestu máli skiptir varðandi afreksíþróttafólkið, svo það nái alvöru árangri, eru vitanlega hæfileikar á sviði íþróttarinnar, líkamlegir, sálrænir og félagslegir. Þess utan skiptir máli að viðkomandi fái góða þjálfun frá unga aldri, því annars er hætt við að hann/hún geti ekki þolað það álag sem fylgir afreksíþróttamennsku. Hef séð allt of marga hæfileikaríka íþróttamenn (- og konur) þurfa að hætta vegna meiðsla, sem rekja má þráðbeint til þess að hafa ekki æft nóg og rétt frá unga aldri. Þeir sem ekki byggja upp góðan líkama þola einfaldlega ekki álagið. Þetta á við hjá körlum, en þrefalt meira hjá konum. Fyrir utan þetta, þeas. að líkamlegar forsendur þurfa að vera til staðar, þá er viljinn til að æfa og skilningurinn á því hvað þarf til að ná árangri mikilvægur. Til að ná alvöru árangri þarf íþróttafólk að skilja hversu mikið og hvernig skuli haga æfingum og það þarf að skilja að ýmsu þarf að fórna. Og svo þarf viljann til framkvæmda, sérstaklega þegar á móti blæs. Að síðustu má síðan nefna, það sem stendur hér að ofan varðandi afreksstarfið, en það þarf hágæða þjálfun og afreksstarf til þess að ná því besta fram í íþróttafólkinu. Án þess nýtist hæfileikinn lítið.*
- *Góð þekking á afreksþjálfun og uppbyggingu fyrir keppni og í framhaldi af því fagleg vinna að settu marki er að mínu mati lykilatriði. Skammtíma og langtímamarkmiðum verður ekki náð nema með vel varðaðri leið. Oft upplifum við góða stemmingu og góðan ásetning eftir stórmót og allir ætla að gera enn betur næst. Það er engan veginn einfalt mál. Gott nýlegt dæmi um að það takist er árangur í sundi á OL 2016 þar sem keppendur tóku markvissum framförum frá OL 2012.*
- *Í einstaklingsíþróttum er oftast þjálfarinn oft einn og hann þarf umhverfi sem hvetur hann í starfi og styður. Í því umhverfi sem ég þekki best hefur verið mjög mikilvægt að komast til annarra landa á þjálfararáðstefnur og æfingabúðir þar sem þjálfarinn umgengst og nær sambandi og samræðu við sína kollega. Þar sér maður líka hvernig starfað er að afreksmálum hjá öðrum og reynir að taka það besta og það sem hentar. Kostnaður vegna þessa þarf að vera inni í áætlunum. Hér innanlands skiptir máli að afreksþjálfarar séu í hvetjandi umhverfi og vinni saman. Þar sem flestir eru í hlutastarfi þá verður þessu samvinna sjaldan nógu góð. Mjög misjafnt hvernig sérsamböndin vinna að þessum málum en ljóst að hér er hægt að gera betur.*
- *Ég hef oft hugsað til baka til þeirrar afrekshugsunar sem ég ólst upp við þegar ég byrjaði að æfa og mótaði mann til langs tíma. Þá voru einstaklingar í frjálsum og lyftingum sem mikið æfðu saman á þessum tíma sem miðuðu allan árangur við heimsafrekaskrá, meðalmennskan var ekki liðin (Óskar Jak, Jón Páll, Skúli Óskars, Guðmundur Sig, Hreinn Halldórs o.s.frv.). Umhverfið, andinn og hugsunin ræður miklu því á þessum tíma var aðstaðan ekki sú sama og í dag.*
- *Afreksíþróttafólk. Mín reynsla af íþróttafólki sem nær lengra en aðrir er að það eru einstaklingar sem forgangsraða í daglegu lífi þannig að þeir fái sem mest út úr æfingunum.*

„Allt afreksstarf þarf að vera gert með ítrustu fagmennsku að leiðarljósi. Gæði eru mikilvægari en magn.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

„Að borin sé virðing fyrir afreksíþróttafólki í íslensku samfélagi.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

Vilji og metnaður ræður mestu, meiru en peningar og aðstaða. Það sem einkennir þá íþróttamenn sem ég hef þjálfað og hafa náð lengst (OL) er að þessir þættir (vilji og metnaður) eru langt fyrir ofan það sem almennt gerist. Þjálfarinn þarf síðan að hafa orku og tíma til að hlúa að þessum þáttum. Þar sem ég þekki til eru þjálfurum ekki búin sú aðstaða að þeir geti stutt við afreksfólkið eins og æskilegt væri. Mjög misjafnt er síðan hvaða stuðningur eflir afreksíþróttafólkið mest, fer bæði eftir einstaklingum og íþróttinni. Æfingahópurinn skiptir í flestum tilvikum mjög miklu máli (einstaklingsgreinar). Þeir einstaklingar sem hafa ekki möguleika á að æfa með jafningjum hér á landi þurfa að komast í annað umhverfi hluta af árinu. Hér er staðan því erfiðari fyrir karla en konur.

„Það er dálítið skrytið að þurfa að nefna það að svefn, mataræði, hvíld og skipulögð þjálfun þurfi að vera í lagi.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

- Gera þjálfurum kleift að sinna þjálfuninni sem aðalstarfi. Tryggja að íþróttamaðurinn geti verið í góðum æfingahópi þegar um einstaklingsíþróttagreinar er að ræða. Aðgengi að sjúkráþjálfun og öðru fagteymi tryggt.
- Afreksíþróttamaður á að geta stundað sínar æfingar án þess að verða fyrir fjárhagslegu tapi. Sá sem hlýtur slíkan styrk þarf að sýna fram á æfingaplan og æfingasókn. Öll hans umgjörð á að miðast við það að hámarks árangur náist. Ef viðkomandi vill eingöngu stunda sína íþrótt, fengi hann fullan styrk sem síðan myndi skerðast ef nám/vinna eru stunduð með.
- Auka við styrki til yngri leikmanna og afreks hópa, (ekki bæta við starfsfólki og yfirbyggingu). Styrkja unga afreksþjálfara á sama hátt.
- Þjálfari/þjálfarar: Afreksmaður/kona verður að hafa aðgang að þjálfara sem hefur kunnáttu til að gera æfingaprógram og veit hvaða kröfur gilda í íþróttinni.
- Æfingaaðstaða: Þannig að viðkomandi hafi möguleika á að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í íþróttinni. Þetta getur verið t.d. bæði aðstaða á staðnum þar sem íþróttamaðurinn heldur til eða það að eiga möguleika á að fara á staði þar sem aðstæður eru betri á vissum tímum (hlaupari að fara til heitari landa um vetur eða skíðamaður á jökla á sumrin!).
- Æfingahópur: Mikilvægt að afreksmenn hafi möguleika á að æfa með öðrum sem eru í svipaðri stöðu og hafa sömu markmið. Þarf ekki endilega að vera frá sömu þjóð (eins og ég sjálfur hef reynt af) en vissulega er það styrkur ef fleiri frá Íslandi eru saman til að bæta breiddina. Einnig geta fleiri og ólíkar íþróttir æft saman á vissum tímabilum þannig að íþróttirnar læri af hvor annari. Svo er félagslegi þátturinn mjög mikilvægur hér!
- Læknar og sjúkráþjálfun: Allir vita að afreksíþróttir krefjast mikilla og strangra æfinga. Það að íþróttamenn liggja oft á mörkum þess sem líkaminn þolir gerir það að verkum að þeir veikjast eða meiðast oft en þeir sem ekki eru í þessum pakka. Það að getað leitað til fólks sem hefur reynt af slíku og vita hvernig eigi að meðhöndla það er afgerandi ef íþróttamenn eigi að getað haldið sínu striki eða koma fljótt til baka! Einnig er það æskilegt að fá leiðsögn í mataræði, endurheimt og ekki síst andlega þjálfun. Svo er mikilvægt að fylgja eftir líkamlegri þjálfun með testum til að hægt sé að meta hvort þjálfunin skili sér og hvað þarf að bæta.
- Það væri hægt að setja lægri kröfur til að fá styrk/komast inn í afreks hóp og setja langtíma markmið. Það er mikill munur á íþróttamönnum bæði hvað varðar líkamlegan og andlegan þroska sem gerir það að verkum að sumir þurfa lengri tíma til að byggja upp mismunandi eiginleika til að ná langt. Breiddin er sérstaklega mikilvæg í einstaklingsíþróttum bæði hvað varðar „matching“ og ekki minnst félagslegi þátturinn.
- Vel menntaðir þjálfarar, góð aðstaða, metnaðarfullt umhverfi, góðar fyrirmyndir.
- Afreksíþróttafólk á að geta stundað sína íþrótt eins og atvinnumenn. Hafa aðgang að sérfræðingum. Hafa bestu aðstöðu til æfinga. Ef hún er ekki til hérlendis þá erlendis.
- Styðja meira við þá sem eru mestu afreksmennirnir. Það hvetur þá sem eru næstir í röðinni að bæta sig. Þetta hlýtur samt að vera mjög mismunandi eftir íþróttgreinum.

- Það eru nokkrir þættir sem mér finnst skipta verulegu máli. Fyrst vil ég nefna umgjörðina í kringum afreksíþróttafólkið. Þjálfun, aðgengi að sjúkraþjálfurum, læknum og til dæmis ýmiskonar ráðgjöf, matarræði ofl. Þjálfun þarf að vera fyrsta flokks því án þjálfara í fremstu röð er mjög erfitt að ná árangri. Möguleiki þarf að vera á að geta tekið þátt í æfingamótum. Þar kemur fjármagn inn sem mikilvægur þástur.
- Fram til þessa hafa margir íþróttamenn og konur stundað afreksíþróttir með því nánast að borga með sér. Meira að segja landsliðsmenn í handbolta hafa hingað til ekki fengið greitt neitt fyrir að nota stóran hluta af sínum frítíma til að spila og æfa með landsliðinu. Kollegar þeirra hjá landsliðum annarra þjóða sem við viljum svo bera okkur saman við búa við allt aðrar aðstæður. Þeir fá greitt fyrir að spila með landsliðum sinnar þjóðar. Þó svo peningar séu ekki allt þá skiptir þetta allt máli.
- Varðandi afreksstarfið þá vil ég ennfremur nefna að uppbygging yngri landsliða og vinna með ungt afreksfólk skiptir miklu máli þegar horft er til framtíðar. Því þarf nægjanlegt fjármagn til að hlúa að þessum þætti afreksstarfsins.
- Mér finnst við oft vera of rög við að hugsa út fyrir boxið og segja það augljósa. Við erum með marga íþróttamenn sem eru í rangri grein fyrir afreksmennsku. Það er t.d. alger undantekning að fimleikafólk sé yfir 170 cm eða sundmenn undir 170 cm og svo framvegis. Það er talað um að greinin velji íþróttamanninn jafn mikið og íþróttamaðurinn velji greinina. Það eru flestir sammála því held ég. Samt eru krakkar/fólk á Íslandi sem er leggja mikið á sig í sinni íþrótt en það sjá allir að það er stutt í vegg sem ekki verður komist yfir af einföldum „genetiskum“ ástæðum. Margir þessara íþróttamanna sem ekki eru vel til þess gerðir að ná í fremstu röð í sinni grein sama hvað þeir leggja á sig eru samt sem áður að fá styrki og þeim jafnvel beint eð óbeint talið trú um að heimsfrægð sé hinumegin við hornið ef þeir bara haldi áfram. Mér finnst þetta vera augljóst mál í mörgum greinum. Mér fannst það alltaf mjög flott þegar ÍSÍ ákvað að veðja á Ásdísi Hjálms á sínum tíma, þegar hún var rétt tæplega orðin best á Íslandi, en mér fannst alltaf að það hafi verið mjög flott ákvörðun þó svo vel megi ræða um hversu vel hefur verið spilað úr þeim fjármunum, en ákvörðunin fannst mér góð og hugrökk og til eftirbreytni. Það eru sérsambönd á Íslandi sem alls ekki eru með afreksfólk í sínum röðum og eiga langt í það en eru samt að fá styrki úr Afreksjóði ÍSÍ. Mér finnst að það ættu að vera aðrir styrkir en AFREKSSJÓÐUR sem styrkja greinar sem á lítinn hátt eru samkeppnisfærar erlendis.
- Ég myndi því segja að með það fjármagn sem við erum með, þá gætum við notað það skynsamlegar og verið óhræddari við að taka ákvarðanir byggðar í íþróttavísindum sem geta vel hjálpað okkur við að sjá hvað getur orðið og hvað er mögulegt.
- Við tölum oft um að það þurfi meira fjármagn og betri umgjörð um okkar besta fólk. Ég er sammála því og ég treysti á að aðrir bendi á það allt. Það sem ég er kannski að segja er þetta: Við þurfum að ákveða hvað við viljum og róa svo að því öllum árum þó svo að við þurfum að fórna öðru í staðinn. Við getum ekki sáð kartöflum og vonast til að fá fallett eplatré upp alveg sama hvað við nostrum við það. Finnum epla fræin og hlúum að þeim. Ég veit að í löndunum í kringum okkur er stundað markvisst „talent scouting“ sem ekki hefur verið hátt upp á borðum hér, enda er ÍSÍ líka fyrir alla hina sem ekki eru tilbúnir að fórna nánast öllu fyrir árangur í íþróttum og hafa meðfædda hæfileika til þess.

„Mín reynsla af íþróttafólki sem nær lengra en aðrir er að það eru einstaklingar sem forgangsraða í daglegu lífi þannig að þeir fá sem mest út úr æfingunum.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

Vinnuhópurinn þakkar viðhorfshópnum kærlega fyrir mikilsvert framlag hans í vinnunni. Þau voru mörg atriðin sem komu fram frá viðhorfshópnum sem vinnuhópurinn byggir á í niðurstöðum sínum.

### 3.4 ÁLEITNAR SPURNINGAR

Í upphafi vinnunar greindi vinnuhópurinn lykilsurningar sem mikilvægt væri að fá viðhorf frá sambandsaðilum ÍSÍ. Með þessu vildi vinnuhópurinn draga fram viðhorf þessara aðila með samræðum á fundum til að sjá og máta í vinnu hópsins. Allir aðilar fengu sömu spurningar til að tryggja að þeir svöruðu út frá sömu forsendum. Spurningarnar voru:

- Hvað er afrek og hvernig túlkum við afrek ?
- Hvað er afrek og afreksíþróttastarf ?
- Er nóg að taka þátt í mótum erlendis ?
- Þarf að vinna til verðlauna ?
- Þarf að vera lágmarks útbreiðsla á heimsvísu, lágmarksfjöldi sem tekur þátt í HM, íþróttagreinin að vera á Ólympíuleikum o.s.frv. ?
- Hvað eru raunverulega mörg „Afrekssársambönd“ ?
- Hvernig ber að skilgreina styrkina ?
- Á að skipta sérsamböndum upp í afreksflokka ?
- Á að leggja áherslu á fáar íþróttagreinar eða eiga öll sérsambönd að njóta afreksstyrkja ?
- Á að formsetja grunnstyrki ?
- Hvaða hlutverki á ÍSÍ að sinna í afreksíþróttastarfinu ?
- Á eingöngu að styrkja sérsamböndin og halda utan um leika eða á að vera með þjónustu, umsjón, aðhald og fleira í líkingu við Team Danmark og Olympiatoppen ?
- Afreksíþróttateymi – miðstöð – stofnun.
- Markmiðssetning og afreksstefnur sérsambandanna – er eitthvað að marka þetta? Á aðalmarkmiðið að vera að vinna verðlaun á Ólympíuleikunum eða hvert erum við að stefna með afreksíþróttastarfinu ?
- Hvaða þætti í umhverfi íþróttamannsins þarf að leggja meiri áherslu á og þá hvernig (þjálfarar, fagteymi, rannsóknir, búseta, framfærsla, aðstaða, búnaður o.s.frv.) ?
- Hvaða munur er á einstaklingsíþróttagreinum og hópíþróttum ?
- Hagsmunamál afreksíþróttafólks.
- Er eðlilegt að sérsambönd sem geta fjármagnað starfsemi sína með öðrum styrkjum og fjárframlögum fái styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ ?
- Á að nýta eitthvað af fjármagni til að leigja mannvirki fyrir sérsambönd vegna æfinga og keppni ?
- Getum við tengt héraðssambönd og íþróttabandalög við afreksmálin með einhverjum hætti ?
- Hvernig nálgumst við afrekspátt ÍF ?

Miklar umræður spunnust um þessi álitamál á fundum sem vinnuhópurinn hélt með hinum fjölmörgu sambandsaðilum. Fullyrða má að að langmestu leyti eru sambandsaðilar nokkuð sammála í viðhorfum sínum til áleitinna spurninga vinnuhópsins.

„Afreksíþróttafólk á að geta stundað sína íþrótt eins og atvinnumenn.“

Álitsgjafi vinnuhóps.



### 3.5 KYNNING Á FORMANNAFUNDI ÍSÍ 2016

Í skipunarbréfi vinnuhópsins var lögð áhersla á að vinnuhópurinn kynnti áfangapunkta á Formannafundi ÍSÍ sem haldin var 11. nóvember s.l. Eftir kynningu formanns vinnuhópsins var fulltrúum á fundinum skipt í þrjá vinnuhópa þar sem þeir tóku „viðhorfspróf“ með það að markmiði að greina áherslur þeirra og viðhorf. Álitsgjafar vinnuhópsins tóku á sama tíma viðkomandi próf með rafrænum þætti.

Við samkeyrslu gagna komu í ljós ákveðnar niðurstöður sem vinnuhópurinn skoðaði nánar á fundnum sínum sem og á fundum með aðilum frá íþróttahreyfingunni. Nánar verður fjallað um þessa viðhorfskönnun síðar í skýrslunni.



Mynd 13 - Frá Formannafundi ÍSÍ 2016

### 3.6 FUNDIR MEÐ MISMUNANDI HÓPUM

Alls sóttu hátt í 100 aðilar þá sjö fundi sem haldnir voru með vinnuhópnum.

Þrjú fundur voru haldnir með fulltrúum sársambanda ÍSÍ, einn fundur með fulltrúum íþróttahéraða, en þar mættu fulltrúar fjögurra héraða af þeim fimm sem boðið var á fundinn. Einn fundur var haldinn með stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ og stjórn Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, einn fundur með fulltrúum fræðasamfélagsins, en þar var fulltrúum Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Heilbrigðisráði ÍSÍ og starfsmönnum Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ boðið á fundinn. Loks var haldinn einn fundur með íþróttafólki.



Mynd 14 - Frá einum af fundum vinnuhópsins með fulltrúum sérsambanda

### 3.7 RÁÐGJÖF FRÁ ERLENDUM AÐILUM

Starfsmaður vinnuhópsins aflaði gagna frá erlendum aðilum og fékk skoðun þeirra á nokkrum álitamálum sem vinnuhópurinn hafði rætt.

Skoðaðar voru reglugerðir, stefnuyfirlýsingar og þá flokkun sem á sér stað á íþróttagreinum og sérsamböndum og stuðst við gögn af heimasíðum og vinnuskjöl sem ÍSÍ fékk aðgang að.

Ljóst er að umhverfi Team Danmark (TD), Olympiatoppen í Noregi (OLT) og Íþrótt- og Ólympíusambands Hollands (NOC\*NSF) er í mörgu ólíkt. Team Danmark hefur einna mesta sjálfstæðið af þessum þremur aðilum, enda heyrir það að jöfnu undir menningarmálaráðuneytið og íþróttasambandið í Danmörku. Sérstök lög, sett af hinu danska alþingi, gilda um afreksíþróttir sem Team Danmark vinnur eftir. Olympiatoppen og NOC\*NSF eru líkari á þann hátt að um afreksíþróttaeiningu eru að ræða hjá viðkomandi íþróttasambandi sem síðan skiptist í tvennt, þ.e. undirbúning fyrir leika og svo afreksíþróttapáttinn eða „high performance sport“. Hollendingar hafa þrengri skilgreiningar varðandi hvaða sambönd er verið að styrkja eða hvað sambönd þurfa að uppfylla eða hafa möguleika á til að vera styrkhæf.

Sérstaklega voru skoðuð gögn og vinnulag hjá Team Danmark og hvernig mat á íþróttagreinum og styrkuppþæðum á sér stað og fékkst aðgangur að flokkun sérsambanda í Danmörku og hvaða þættir eru skoðaðir sérstaklega við mat á sérsamböndum.

Dagana 17. og 18. nóvember 2016 fór fram ráðstefna/fundur í Gautaborg í Svíþjóð þar sem m.a. fulltrúar Team Danmark, Olympiatoppen í Noregi og Sænsku Ólympíunefndarinnar fjölluðu um undirbúning og árangur á Ólympíuleikunum í Ríó 2016. Í framsögu þeirra aðila og á ráðstefnunni sjálfri var fjallað um áherslur og fyrirkomulag varðandi styrkveitingar og umhverfi afreksíþróttá hjá þessum þjóðum. Starfsmaður vinnuhópsins sótti þessa ráðstefnu og fjölmörg atriði og skoðanir frá þessum viðburði gátu nýst vinnuhópnum í störfum sínum.

### 3.8 VIÐHORFSKÖNNUN

Snemma í ferlinu var ákveðið að kanna viðhorf íþróttahreyfingarinnar til ákveðinna atriða. Talið var ákjósanlegt að leggja viðhorfskönnun fyrir á Formannafundi ÍSÍ þann 11. nóvember 2016. Markmiðið var að finna hvaða atriði sambandsaðilar hafa ólíkar skoðanir á og á sama hátt bera svör ólíkra hópa saman við mismunandi spurningar og fullyrðingar. Skoðaðar voru spurningar sem notaðar höfðu verið í SPLISS rannsókn sem fjallað er um hér aftar í skýrslunni. Eins voru teknar spurningar sem vinnuhópnum hafði verið falið að skoða og skilgreiningar úr Afreksstefnu ÍSÍ.

Þessi sama könnun var send á viðhorfshóp til samanburðar og er betur gert grein fyrir henni hér að neðan.

Tafla 1 - Fjöldi þeirra sem svöruðu viðhorfskönnun og hlutfall

Hópur	Fjöldi svara	Heildarfjöldi	Hlutfall
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	26	32	81%
Fulltrúar íþróttahéraða	17	25	68%
ÍSÍ (framkvæmdastjórn og starfsfólk)	15	30	50%
Álitsgjafar vinnuhóps	11	16	69%
Samtals	69	103	67%

Könnuninni var skipt niður í þrjá hluta og var aðkomu aðila að íþróttastarfinu skipt niður í fjóra hópa: fulltrúar sérsambanda á Formannafundi ÍSÍ, fulltrúar íþróttahéraða á Formannafundi ÍSÍ, fulltrúar ÍSÍ þ.e. framkvæmdastjórn og starfsfólk á Formannafundi ÍSÍ og loks álitsgjafar vinnuhópsins sem svöruðu í gegnum tölvupóst.

Hafa ber í huga að aðilar í vinnuhópnum sjálfum og starfsmaður hans svöruðu ekki þessari viðhorfskönnun þótt þeir væru viðstaddir þennan dagskrárlið á Formannafundi ÍSÍ.

Í fyrsta hluta voru taldir upp flokkar sem skilgreina 10 mikilvæga þætti í afreksstarfi. Óskað var eftir því að þessum tíu flokkum væri raðað í röð eftir mikilvægi, þ.e. frá 1 til 10 eftir mikilvægi þeirra. Því lægri samtala eða meðaltal sem hver af þessum tíu flokkum fékk, því mikilvægari var hann talinn. Bilið á milli samtalna/meðaltals gefur líka til kynna hvort að ákveðnir flokkar séu í svipuðum hóp eða langt á eftir öðrum í mikilvægi.

Í öðrum hluta voru aftur taldir upp tíu flokkar, en nú átti að raða eftir forgangs röðun, þ.e. í þeirri röð sem viðkomandi aðilar töldu að mikilvægast væri að forgangsraða í dag, m.t.t. afreksstarfs á Íslandi. Aftur var reiknuð samtala/meðaltal sem gaf til kynna hverjar óskirnar væru varðandi forgangs röðun.

Þessir tíu flokkar sem spurt var um hafa einnig verið notaðir í SPLISS 2.0 rannsókninni og má segja að víða í heiminum séu áhersluatriði í afreksíþróttum flokkuð á þennan hátt, þótt að nánari lýsingar og áhersluatriði geta verið mismunandi milli landa.

Í töflunni hér á eftir má sjá niðurstöður úr þessum tveimur hlutum, þ.e. miðað við svör frá öllum aðilum og miðað við hvern hóp fyrir sig. Litirnir í töflunni segja til um breytingar sem áttu sér stað á milli hluta 1 og hluta 2, þ.e. hvernig forgangs röðun var talin önnur en mikilvægi. Það er augljóst að fjárhagslegur stuðningur skiptir mestu máli fyrir alla hópa, en þó má segja að álitsgjafar skeri sig þar úr, þar sem þeir telja þjálfaraumhverfið númer eitt, hvort heldur varðandi mikilvægi sem og forgangs röðun.

Þjálfaraumhverfið er í öðru sæti hjá öllum (nema álitsgjöfum sbr. hér að framan), og þá er skipulag og stefnumótun mjög framarlega hvað varðar forgang. Sérsambönd telja að íþróttamannvirki séu eitt af því mikilvægasta en varðandi forgangs röðun þá þurfi að forgangsraða skipulagi og stefnumótun ofar, miðað við stöðuna í dag. Sama má segja varðandi

alla aðra hópa, allir telja að forgangsraða eigi skipulagi og stefnumótun ofar en mikilvægi þess segir til um. Gefur það til kynna ákveðna samstöðu um að nú sé rétti tíminn til að marka sér stefnu og skipuleggja afreksstarfið til framtíðar.

Stuðningur við afreksíþróttafólk á meðan á ferli stendur sem og eftir hann fær líka gott vægi í þessum svörum, hvort heldur varðandi mikilvægi sem og forgangsroðun og er ljóst að íþróttahreyfingin þarf að leggja aukna áherslu á þann þátt.

Íþróttapátttaka, innlend og alþjóðleg keppnisþátttaka sem og hæfileikamótun og þróun eru heilt yfir að koma á eftir fyrrnefndum þáttum en síst mikilvæg og neðst í forgangsroðuninni eru talin íþróttavísindi fyrir afreksíþróttir og afreksíþróttamening. Ekki hefur náðst að leggja eins mikla áherslu á þessa þætti á Íslandi á undanförunum árum þar sem fjármagnið sem hefur verið til ráðstöfunar hefur að mestu farið í að koma okkar fremsta íþróttafólki á alþjóðlega viðburði. Ef horft er til landanna í kringum okkur, sem hafa náð að leggja áherslu á þau atriði sem við setjum ofarlega í okkar forgangsroðun, þá eru þær þjóðir í dag að færa áherslurnar yfir í íþróttavísindi og íþróttameningu, enda aðrir flokkar nú þegar komnir í betri stöðu.

Tafla 2 - Samanburður á svörum úr hluta 1 og hluta 2 í viðhorfskönnun

	Hluti 1 Allir (n=69)		Hluti 2 Allir (n=68)		Hluti 1 Sér-sambönd (n=26)		Hluti 2 Sér-sambönd (n=26)		Hluti 1 Íþróttahéruð (n=17)		Hluti 2 Íþróttahéruð (n=17)		Hluti 1 ÍSÍ (n=15)		Hluti 2 ÍSÍ (n=14)		Hluti 1 Álitsgjafar (n=11)		Hluti 2 Álitsgjafar (n=11)	
Fjárhagslegur stuðningur fyrir íþróttir og afreksíþróttir	2,70	1	2,57	1	2,85	1	2,35	1	2,41	1	2,24	1	2,27	1	2,64	1	3,36	2	3,55	3
Skipulag og stefnumótun	4,62	4	4,26	3	4,38	4	4,35	3	4,82	5	4,59	4	5,00	6	4,36	3	4,36	4	3,45	2
Íþróttapátttaka	5,01	6	5,71	6	4,96	5	6,15	7	4,41	4	5,12	5	4,80	5	4,43	4	6,36	7	7,18	8
Hæfileikamótun og þróun	6,86	8	6,50	8	6,58	8	6,38	8	7,18	7	6,82	8	6,87	8	6,29	7	7,00	8	6,55	7
Stuðningur við afreksíþróttafólk á meðan á ferli stendur sem og eftir hann	4,97	5	5,06	5	5,85	7	5,23	5	3,71	3	4,41	3	4,40	3	5,71	6	5,64	5	4,82	4
Íþróttamannvirki	4,26	3	4,84	4	3,62	3	4,46	4	5,06	6	5,18	6	4,47	4	4,86	5	4,27	3	5,18	5
Þjálfarar	3,18*	2	3,26	2	3,12	2	3,15	2	3,59	2	3,41	2	2,86	2	3,36	2	3,09	1	3,18	1
Innlend- og alþjóðleg keppnisþátttaka	6,19*	7	6,34	7	5,62	6	5,85	6	7,29	8	6,71	7	6,29	7	6,79	8	5,73	6	6,36	6
Íþróttavísindi fyrir afreksíþróttir	7,97	9	8,07	9	8,50	10	8,81	10	8,29	10	7,82	9	7,27	9	7,57	9	7,18	9	7,36	9/10
Afreksíþróttamening	8,25	10	8,32	10	7,85	9	8,27	9	8,24	9	8,65	10	9,13	10	8,79	10	8,00	10	7,36	9/10

Grænir reitir segja til um þá flokka sem hækka í áherslum milli hluta og appelsínugulir reitir segja til um þá flokka sem lækka.

Í þriðja hluta voru settar fram ýmsar spurningar og skilgreiningar, eða eins og kom fram í könnuninni:

**„Er allt jafn mikilvægt? – ýmsar spurningar og skilgreiningar**

*Hvað skiptir máli varðandi skilgreiningu á afreksíþróttum og íþróttagreinum.*

*Geta allar íþróttagreinar talist til afreksíþróttar og hvaða mælikvarða þarf þá að skoða til að skilgreina afreksstig íþróttagreinar. Hafa ber í huga að hjá sumum sérsamböndum eru iðkaðar nokkrar mismunandi íþróttagreinar, þessar skilgreiningar eiga því oftast við íþróttagreinar en ekki sérsamböndin sjálf.*

*Hvað telur þú að sé mikilvægt að horfa til við að skilgreina íþróttagreinar á Íslandi m.t.t. afreksíþróttastarfs?*

*Hversu mikilvægar finnast þér ýmsar skilgreiningar sem má finna í Afreksstefnu íþróttahreyfingarinnar og/eða í reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ og ertu sammála þeim?"*



Í þessum hluta var um tvennskonar svarmöguleika að ræða. Kvarði frá „MJÖG MIKILVÆGT“ til „EKKI MIKILVÆGT“, þ.e. með 5 möguleikum og í útreikningum var „MJÖG MIKILVÆGT“ gefin talan 1 og „EKKI MIKILVÆGT“ talan 5. Í samtölum var því horft til þess að því lægra meðaltal því mikilvægara.

Í umfjölluninni hér á eftir verður gert grein fyrir öðrum svarmöguleikum þannig að kvarðinn er skilgreindur sem „MJÖG MIKILVÆGT – MIKILVÆGT – HLUTLAUS – SÍÐUR MIKILVÆGT – EKKI MIKILVÆGT“.

Hinn kvarðinn var með þremur möguleikum, þ.e. „SAMMÁLA“, „HLUTLAUS“ og „EKKI SAMMÁLA“. Á sama hátt voru gefin stig frá 1, 2 eða 3 og því lægra meðaltal því mikilvægara.

Heildarfjöldi spurninga var 28 og er gert grein fyrir þeim flestum hér að neðan. Í flestum tilfellum voru svör allra hópa einsleit en hér á eftir er fjallað sérstaklega um hluta þessara spurninga, þ.e. þau svör þar sem einhvern fjölbreytni var í svörum og hvernig vinnuhópurinn túlkar almennt þessi svör.

Í fyrstu spurningu var vísað í núverandi Afreksstefnu ÍSÍ þar sem segir:

*„Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum.“*


Það voru nánast allir sem svöruðu að þetta væri „MJÖG MIKILVÆGT“ eða „MIKILVÆGT“ og það sama má segja um spurningu tvö þar sem eftirfarandi texti úr Afreksstefnu ÍSÍ var settur fram:

*„Afrekssjóður ÍSÍ skal standa að uppbyggingu afreksíþróttar á Íslandi með því að styðja íslenskt afreksíþróttafólk og sérsambönd við að ná sem bestum árangri í alþjóðlegri keppni.“*

Hér svöruðu einnig allir að það væri „MJÖG MIKILVÆGT“ eða „MIKILVÆGT“.


Í þriðju spurningu var spurt um hversu mikilvægt það væri að íþróttagrein sé keppnisgrein á Ólympíuleikunum. Þótt að flestum þætti það „MIKILVÆGT“ og stór hópur svaraði að sér þætti það „MJÖG MIKILVÆGT“ var um helmingur sérsambanda sem merkti við svarmöguleika frá „HLUTLAUS“ möguleikanum að því að vera „EKKI MIKILVÆGT“. Það sama má segja um fulltrúa íþróttahéraða og álitsgjafa, að skiptar skoðanir voru gagnvart þessari spurningu.

Tafla 3 - Viðhorfskönnun, spurning 3



Tafla 4 - Viðhorfskönnun, spurning 4


Spurning 4		Að íþróttagrein sé viðurkennd af Alþjóðaólympíunefndinni (IOC)?					
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Mjög mikilvægt				Ekki mikilvægt
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	26	2,46	8	8	5	0	5
Fulltrúar íþróttahéraða	17	1,94	7	5	4	1	0
ÍSÍ	15	1,47	8	7	0	0	0
Álitsgjafar vinnuhóps	11	1,91	5	4	1	0	1
Samtals	69	2,03	28	24	10	1	6



Á sama hátt má segja að svör við spurningu fjögur, þar sem spurt var hvort að íþróttagrein þurfi að vera viðurkennd af Alþjóðaólympíunefndinni (IOC), hafi fengið dreifð svör. Langflestir telja það „**MJÖG MIKILVÆGT**“ eða „**MIKILVÆGT**“ en það má gefa sér að fulltrúar þeirra sérsambanda sem eru með íþróttagreinir sem eru ekki á Ólympíuleikunum hafi ekki talið það eins mikilvægt að íþróttagreinir sem Afrekssjóður ÍSÍ styrkir séu viðurkenndar af IOC.

Tafla 5 - Viðhorfskönnun, spurning 5

Spurning 5		Að Ísland taki þátt í heimsmeistaramóti í viðkomandi íþróttagrein?					
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Mjög mikilvægt				Ekki mikilvægt
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	26	1,85	14	5	5	1	1
Fulltrúar íþróttahéraða	17	2,18	5	4	8	0	0
ÍSÍ	15	1,80	5	8	2	0	0
Álitsgjafar vinnuhóps	10	1,90	4	4	1	1	0
Samtals	68	1,93	28	21	16	2	1



Þegar spurt var í spurningu fimm um hversu mikilvægt sé að Ísland taki þátt í heimsmeistaramóti í viðkomandi íþróttagrein svöruðu flest allir að það væri „**MJÖG MIKILVÆGT**“ eða „**MIKILVÆGT**“. Töluverður hluti svaraði „**HLUTLAUS**“ en einungis þrjár aðilar svöruðu að þeir töldu það „**SÍÐUR MIKILVÆGT**“ eða „**EKKI MIKILVÆGT**“.

Það sama á við um spurningu sex þar sem spurt var um mikilvægi þess að alþjóðasársamband sé til á heimsvísu fyrir viðkomandi íþróttagrein.

Yfirgnæfandi fjöldi taldi það „**MJÖG MIKILVÆGT**“ eða í það minnsta „**MIKILVÆGT**“ að slíkt væri til staðar.

Ef horft er til spurningar sjö má sjá að það eru samt skiptar skoðanir á útbreiðslu íþróttagreina og hvernig eigi að flokka þær. Í þeirri spurningu er spurt um mikilvægi þess að til að íþróttagrein geti flokkast sem afreksíþróttagrein þá sé nauðsynlegt að viðkomandi íþróttagrein sé stunduð í yfir 55 löndum á heimsvísu.


Það eru fleiri sem telja það „**EKKI MIKILVÆGT**“ heldur en fjöldi þeirra sem telja það „**MJÖG MIKILVÆGT**“. Reyndar má segja að í heildina sé dreifingin nokkuð jöfn fyrir alla svarmöguleika, sem gefur til kynna að hér er þörf á að skoða betur hvernig beri að flokka sársambönd eftir útbreiðslu íþróttagreinar á heimsvísu. Fjöldatalan 55 lönd er sú tala sem Holland miðar við í sínu kerfi þegar horft er til útbreiðslu íþróttagreinar á heimsvísu. Í fyrstu reglugerðum Afreksmannasjóðs ÍSÍ var krafist útbreiðslu í a.m.k. 30 löndum.

„Fínar spurningar og svörin hjálpa vonandi. EN að lokum þarf að komast niður á eina skilgreiningu á afrekum og afreksmennsku. Það verða ALDREI allir sammála og ánægðir, en einhver þarf að ákveða þetta.“

Álitsgjafi vinnuhóps í tengslum við viðhorfskönnun

Tafla 6 - Viðhorfskönnun, spurning 7

Spurning 7	Að til að íþróttagrein geti flokkast sem afreksíþróttagrein þá sé nauðsynlegt að viðkomandi íþróttagrein sé stunduð í yfir 55 löndum á heimsvísu?						
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Mjög mikilvægt				EKKI mikilvægt
Fulltrúar sársambanda ÍSÍ	26	3,62	3	2	7	4	10
Fulltrúar íþróttahéraða	17	3,00	1	6	5	2	3
ÍSÍ	15	2,40	2	8	3	1	1
Álitsgjafar vinnuhóps	11	3,00	2	2	3	2	2
Samtals	69	3,10	8	18	18	9	16



Í spurningu átta var spurt um mikilvægi þess að til að íþróttagrein geti flokkast sem afreksíþróttagrein þurfi hún að hafa náð ákveðinni útbreiðslu á Íslandi. Á sama hátt og í spurningu sjö þá dreifast svörin allt frá því að það sé talið „**MJÖG MIKILVÆGT**“ í að það sé talið „**EKKI MIKILVÆGT**“.


Það má alveg velja því fyrir sér hvort að stærð sársambanda á Íslandi skipti hér máli þegar aðilar svara, en þó varla því að svör álitsgjafa vinnuhópsins dreifast einnig á alla svarmöguleika.

„Mikilvægt að geta flokkað greinar og skilgreina afrek íþróttanna. Þetta er auðvelt í þeim greinum sem eru mælanlegar, t.d. lyftingar, frjálssar íþróttir og sund. Flóknara í öðrum, en nauðsynlegt.“

Fulltrúi sársambands í tengslum við viðhorfskönnun

Tafla 7 - Viðhorfskönnun, spurning 8

Spurning 8	Að til að íþróttagrein geti flokkast sem afreksíþróttagrein þurfi hún að hafa náð ákveðinni útbreiðslu á Íslandi?						
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Mjög mikilvægt				Ekki mikilvægt
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	26	3,35	4	6	3	3	10
Fulltrúar íþróttahéraða	17	2,29	4	6	5	2	0
ÍSÍ	15	2,60	2	4	7	2	0
Álitsgjafar vinnuhóps	11	3,18	1	3	3	1	3
Samtals	69	2,90	11	19	18	8	13




Í spurningu níu var spurt um mikilvægi þess að sérsamband hafi verið stofnað á Íslandi fyrir viðkomandi íþróttagrein og það töldu nánast allir „MJÖG MIKILVÆGT“ eða „MIKILVÆGT“.

Í tíundu spurningu var hins vegar spurt um skilgreiningu á stórmótum og voru þar skiptar skoðanir, þótt að flestir væru „SAMMÁLA“ þeirri fullyrðingu að stórmót væri eingöngu þau mót þar sem þörf er á að vinna sér inn rétt til að öðlast þátttöku (s.s. með því að ná lágmörkum eða vinna sér sæti í gegnum undankeppni).

Tafla 8 - Viðhorfskönnun, spurning 10

Spurning 10	Stórmót eru eingöngu þau mót þar sem vinna þarf sér inn þátttökurétt til að öðlast þátttöku (s.s. með því að ná lágmörkum eða vinna sér sæti í gegnum undankeppni)?				
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Sammála	Hlutlaus	Ekki sammála
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	26	1,77	15	2	9
Fulltrúar íþróttahéraða	17	1,41	13	1	3
ÍSÍ	15	1,33	11	3	1
Álitsgjafar vinnuhóps	11	1,55	8	0	3
Samtals	69	1,55	47	6	16



Spurning 11 tengist að vissu leiti spurningu 10 um stórmót, en núna var spurt hvort að öll álfumót eða heimsmeistaramót skuli flokkast sem stórmót. Mikill meirihluti var „SAMMÁLA“ þeirri fullyrðingu, eða 51 aðili á móti 7 sem voru „EKKI SAMMÁLA“. Þó völdu 11 aðilar að svara „HLUTLAUS“ varðandi þessa fullyrðingu.


Enn var kastað fram fullyrðingu í spurningu 12 um stórmót og þar var spurt um hvort að eingöngu lokamót eða keppni í efstu deild á álfumóti eða heimsmeistaramóti flokkaðist sem



stórmót. Hér voru svörin aðeins dreifðari en í fyrri spurningum, þótt að flestir væru „SAMMÁLA“ og það má með sanni segja að þessar skilgreiningar hafi eflaust vafist fyrir flestum þeim sem svöruðu þessari könnun.

Tafla 9 - Viðhorfskönnun, spurning 12


Spurning 12		Eingöngu lokamót eða keppni í efstu deild á álfumóti eða heimsmeistaramóti flokkast sem stórmót?			
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Sammála	Hlutlaus	Ekki sammála
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	26	1,85	10	10	6
Fulltrúar íþróttahéraða	17	1,76	9	3	5
ÍSÍ	15	1,67	6	8	1
Álitsgjafar vinnuhóps	11	2,09	5	0	6
Samtals	69	1,83	30	21	18



Spurning 13 var á sama hátt og fyrri spurningar með fjölbreytt svör. Meirihluti fulltrúa sérsambanda var „EKKI SAMMÁLA“ og taldi því ekki að öll álfumót/heimsmeistaramót þar sem Ísland hefur unnið til verðlauna ættu að flokkast sem stórmót. Hins vegar voru einnig fjölmargir sem voru „SAMMÁLA“ þessari fullyrðingu eða völdu möguleikann að vera „HLUTLAUS“.

Tafla 10 - Viðhorfskönnun, spurning 13

Spurning 13		Öll álfumót/heimsmeistaramót þar sem Ísland hefur unnið til verðlauna flokkast sem stórmót?			
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Sammála	Hlutlaus	Ekki sammála
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	26	1,81	13	5	8
Fulltrúar íþróttahéraða	17	2,12	6	3	8
ÍSÍ	15	2,47	1	6	8
Álitsgjafar vinnuhóps	11	2,45	0	6	5
Samtals	69	2,13	20	20	29



Í þeim spurningum, eða fullyrðingum, sem fylgdu í kjölfarið má segja að flestir hafi verið nokkuð sammála.

Spurning 14 var með fullyrðingunni „Framúrskarandi lið/flokkar/einstaklingar, eru þeir er skipa sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum, s.s. með því að vinna til verðlauna á stærstu mótum heims og/eða komast í úrslit á stærstu viðburðum í sinni íþróttagrein,“ og var mikill meirihluti „SAMMÁLA“ henni.

Spurning 15 var með fullyrðingunni „Afrekslið/flokkar/einstaklingar á alþjóðlegan mælikvarða, eru þeir sem skipa sér með árangri sínum ofarlega á heimslista viðkomandi íþróttagreinar og fá reglulega keppnisrétt á stærstu mót greinarinnar og/eða taka reglulega þátt í sterkum alþjóðlegum mótum,“ og var einnig mikill meirihluti „SAMMÁLA“ henni.

Í báðum þessara tilvika er um að ræða texta sem er í núverandi reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ.

Í spurningu 16 var aftur spurt um hversu mikilvægir ákveðnir þættir eru í afreksstarfinu. Þannig var spurt: „Að sérsambönd séu með mótaða afreksstefnu og að þau vinni samkvæmt henni?“ og svöruðu nánast allir að slíkt væri „MJÖG MIKILVÆGT“ og aðrir að það væri „MIKILVÆGT“.

Á sama hátt var spurt í spurningu 17 um mikilvægi þess að sérsamband hefði á að skipa fagteymi sem hefði jafnframt skilgreint hlutverk. Hér svöruðu flestir að það væri „MJÖG MIKILVÆGT“ eða „MIKILVÆGT“ sem má túlka þannig að í könnuninni hafi komið fram skýr skilaboð frá íþróttahreyfingunni um mikilvægi fagteyma.


Spurning 18 gekk út á spyrja um mikilvægi þess að gerðir séu langtímasamningar við sérsambönd varðandi afnot þeirra af húsnæði fyrir æfingar og keppni. Hér töldu flestir það „MJÖG MIKILVÆGT“ eða „MIKILVÆGT“, þótt að fulltrúar nokkurra sérsambanda hafi valið að svara „HLUTLAUS“. Getur það vissulega tengst eðli íþróttagreina og þörf fyrir húsnæði, en nauðsynlegt er að hafa í huga að um 32 ólík sérsambönd er að ræða innan ÍSÍ.

Nánast allir svöruðu spurningu 19 á sama hátt, en þar var spurt um mikilvægi þess að gerðir væru langtímasamningar (til 2-4 ára) við sérsambönd varðandi fjárhagslegan stuðning Afrekssjóðs ÍSÍ. Hér svaraði meirihluti því að það væri „MJÖG MIKILVÆGT“ og flestir aðrir að það væri „MIKILVÆGT“.

Í spurningu 20 var spurt um mikilvægi þess: „Að hjá sérsambandi sé starfsmaður sem sjái um afreksstarf sérsambands“. Hér voru flestir á því að slíkt væri „MJÖG MIKILVÆGT“, eða þá „MIKILVÆGT“. Hluti þátttakenda valdi möguleikann „HLUTLAUS“ en mikilvægi þessa þáttar kemur þó greinilega í ljós í svörum þátttakenda.

Tafla 11 - Viðhorfskönnun, spurning 20

Spurning 20	Að hjá sérsambandi sé starfsmaður sem sjái um afreksstarf sérsambands?						
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Mjög mikilvægt				Ekki mikilvægt
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	26	1,85	10	10	6	0	0
Fulltrúar íþróttahéraða	17	1,94	6	7	3	1	0
ÍSÍ	15	2,20	6	4	2	2	1
Álitsgjafar vinnuhóps	11	1,73	6	3	1	1	0
Samtals	69	1,93	28	24	12	4	1



Eins var spurt um afreksíþróttamiðstöð í spurningu 21 og hljóðaði hún þannig: „Að ÍSÍ standi að Afreksíþróttamiðstöð með fjölbreytta þjónustu líkt og er til staðar hjá öðrum þjóðum“. Hér voru svörin einnig nokkuð samstíga, þ.e. langflestum þótti það „MJÖG MIKILVÆGT“ eða þá „MIKILVÆGT“ að ÍSÍ stæði að slíkri miðstöð.

„Styrkja þarf starfsumhverfi afreksþjálfara á Íslandi.“

Álitsgjafi vinnuhóps.

Í spurningu 22 var spurt um atriði sem hefur oft verði nefnt í spjalli innan íþróttahreyfingarinnar, þ.e. hvort: „að hjá smærri sérsamböndum væri sameiginlegur starfsmaður sem sæi um afreksstarf þeirra (sérsambandanna)“. Stór hluti fulltrúa sérsambandanna svaraði þessari spurningu með möguleikanum „HLUTLAUS“, eða um helmingur, en samt voru álíka margir sem svöruðu þeim þætti það mjög mikilvægt eða mikilvægt. Aðrir hópar svöruðu á sama hátt að þeim þótti það „MJÖG MIKILVÆGT“ eða þá „MIKILVÆGT“. Er ljóst að skoða mætti nánar hvort og þá hvernig hægt væri að efla samvinnu hjá smærri sérsamböndum.

Spurning 23 var með spurningu eða fullyrðingu með þremur svarmöguleikum, þ.e. „SAMMÁLA“, „HLUTLAUS“ og „EKKI SAMMÁLA“. Hér var því kastað fram: „Allar greinar sem viðurkenndar eru af ÍSÍ eiga rétt á að sækja um í Afrekssjóð ÍSÍ.“ Mikill meirihluti þátttakenda var „SAMMÁLA“ þeirri fullyrðingu eða tæplega 70% svarenda.


Það sama má segja um spurningu 24, þ.e. „Styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ eru fyrst og fremst til þess að greiða kostnað við æfingar og undirbúning undir keppni, sem og þátttöku í keppni á alþjóðlegum vettvangi.“ Hér voru tæplega 80% að svara „SAMMÁLA“, en gera má ráð fyrir að þeir sem svöruðu „EKKI SAMMÁLA“ vilji að styrkirnir fari enn meira í greiðslur til íþróttamanna til móts við framfærslu og lýðréttindi.

Í spurningu 25 var spurt um afreksstefnur, þ.e. „Eingöngu má veita styrki til þeirra sérsambanda sem hafa mótaða afreksstefnu. Skal sú stefna gilda til nokkurra ára og vera til umfjöllunar á sérsambandsþingi eða formannafundi sérsambands ár hvert.“ Hér voru tæplega 75% „SAMMÁLA“ þeirri fullyrðingu, en um er að ræða texta úr núverandi reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ.

Spurning 26 fjallaði um hvort að „við úthlutanir styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ skuli taka sérstakt tillit til þess ef viðkomandi sérsamband hefur fengið beina styrki frá hinu opinbera eða öðrum aðilum.“ Langflestir voru á sömu skoðun og „SAMMÁLA“ þessu atriði, en núverandi reglugerð sjóðsins hefur þetta orðalag í sínum texta.

Tafla 12 - Viðhorfskönnun, spurning 26


Spurning 26	Við úthlutanir styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ skal taka sérstakt tillit til þess ef viðkomandi sérsamband hefur fengið beina styrki frá hinu opinbera eða öðrum aðilum.				
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Sammála	Hlutlaus	Ekki sammála
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	25	1,48	18	2	5
Fulltrúar íþróttahéraða	17	1,76	9	3	5
ÍSÍ	15	1,20	12	3	0
Álitsgjafar vinnuhóps	11	1,73	3	8	0
Samtals	68	1,53	42	16	10



Spurning 27 kom inn á áherslur sjóðsins, þ.e. „Afrekssjóður ÍSÍ á að stærstum hluta að styrkja afreksíþróttastarf hjá þeim sérsamböndum sem geta náð einna lengst á heimsvísu“. Hér dreifðust svörin nokkuð á milli þeirra þriggja svarmöguleika sem voru í boði. Fleiri fulltrúar sérsambanda voru „**EKKI SAMMÁLA**“ þessari áherslu heldur en „**SAMMÁLA**“, en hjá öðrum hópum snérist þetta við.

Tafla 13 - Viðhorfskönnun, spurning 27

Spurning 27		Afrekssjóður ÍSÍ á að stærstum hluta að styrkja afreksíþróttastarf hjá þeim sérsamböndum sem geta náð einna lengst á heimsvísu.			
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Sammála	Hlutlaus	EKKI sammála
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	25	2,08	8	7	10
Fulltrúar íþróttahéraða	17	1,88	8	3	6
ÍSÍ	15	1,33	11	3	1
Álitsgjafar vinnuhóps	11	1,64	7	1	3
Samtals	68	1,79	34	14	20




Það má velta því fyrir sér hvort að þarna séu fulltrúar sérsambanda að reyna að forða því að stærsti hluti styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ fari til fárra sérsambanda sem geta náð einna lengst á heimsvísu og telja sig þá jafnvel ekki hafa möguleika á að ná það langt.

Spurning 28 hljóðaði þannig „Til að Íslandi nái enn lengra á sviði afreksíþróttá sé nauðsynlegt að flokka íþróttagreinar í mismunandi afreksstig og styrkja þau mismikið?“. Tæplega 60% svöruðu að þeir væru „**SAMMÁLA**“ þeirri nálgun, en þó skal hafa í huga að fulltrúar sérsambanda skiptust í nokkuð jafna hópa hvað varðar því að vera „**SAMMÁLA**“ eða „**EKKI SAMMÁLA**“.

Tafla 14 - Viðhorfskönnun, spurning 28

Spurning 28		Til að Íslandi nái enn lengra á sviði afreksíþróttá sé nauðsynlegt að flokka íþróttagreinar í mismunandi afreksstig og styrkja þau mismikið?			
Hópur	Fjöldi svara	Meðaltal	Sammála	Hlutlaus	EKKI sammála
Fulltrúar sérsambanda ÍSÍ	26	1,88	12	5	9
Fulltrúar íþróttahéraða	17	1,65	9	5	3
ÍSÍ	15	1,07	14	1	0
Álitsgjafar vinnuhóps	11	1,73	5	4	2
Samtals	69	1,62	40	15	14



En miðað við svör þátttakenda við spurningu 28 má álykta að íþróttahreyfingin sé sammála ákveðnum breytingum á fyrirkomulagi styrkveitinga.

Samhliða svörum við fyrirfram ákveðnum spurningum gafst þátttakendum möguleiki á því að koma á framfæri athugasemdum og bárust nokkrar frá fulltrúum sérsambanda, íþróttahéraða og ÍSÍ.

Þá komu álitsgjafar vinnuhópsins með sínar athugasemdir:

„Styrkjum ekki of marga til að friða ákveðna hópa. Styrkjum frekar þá allra bestu ríkulega.“

Fulltrúi íþróttahéraðs í tengslum við viðhorfskönnun

„Það er erfitt að velja eitt fram fyrir annað, en það sem ég hef tekið eftir þar sem árangur hefur náðst, er að þar er góður þjálfari í centrum sem leiðir starfið. Vinnur vel saman með þeim sem stýra starfinu, og þau búa til góða stefnu. Aðstaðan og fjármagn er alltaf mikilvægt, því ekki er hægt að reka afreksstarf án þess.“

„Ég vil minna á að íþrótt sem ekki er framarlega á heimsmeilivörðun getur orðið það á tiltölulega skömmum tíma ef rétt er staðið og því mætti huga að við úthlutun til sérsambanda hvar langtímastefna er vel afmörkuð, raunsæ og hvar hvar er unnið eftir þessari stefnu. Afreksíþróttmenn birtast ekki bara heldur er „afurð“ vinnu og skipulags - hvaða sérsambönd vinna markvisst að „sköpun“ afreksmanna og kvenna.“

„Mín skoðun er í grunnin sú:

- Að styrkja eigi íþróttafólk beint og/eða í gegnum samböndin.
- Yfirbygging (staff, skrifstofur, „fagfólk“) á að vera í lágmarki frá ÍSÍ. Þetta eiga íþróttamennirnir og/eða félögin að sjá um sjálf. Er mjög hræddur um að þessir peningar fari í eitthvað miðlægt batterí.“

Álitsgjafar voru einnig spurðir ítarlegar út í nokkur svör sín, en í ákveðnum tilfellum í viðhorfskönnuninni kom í ljós að svör hópsins skiptust í tvo ólíka flokka. Þau fengu því sendar fjórar spurningar til viðbótar og var óskað eftir frekari rökstuðningi. Þessar spurningar voru:

- 1) Að til að íþróttagrein geti flokkast sem afreksíþróttagrein þá sé nauðsynlegt að viðkomandi íþróttagrein sé stunduð í yfir 55 löndum á heimsvísu?
- 2) Að til að íþróttagrein geti flokkast sem afreksíþróttagrein þurfi hún að hafa náð ákveðinni útbreiðslu á Íslandi?
- 3) Eingöngu lokamót eða keppni í efstu deild á álfumóti eða heimsmeistaramóti flokkast sem stórmót?
- 4) Til að Íslandi nái enn lengra á sviði afreksíþróttá sé nauðsynlegt að flokka íþróttagreinar í mismunandi afreksstig og styrkja þau mismikið?

Ítarlegri svör bárust aðeins frá nokkrum álitsgjöfum, en segja má að þau hafi verið nokkuð samhljóðandi. Flestir voru sammála þessum fjórum fullyrðingum en þó komu fram atriði sem þarf að velta fyrir sér við stefnumörkun á sviði Afreksíþróttá á Íslandi. Þau atriði koma nánar fram í ályktunum vinnuhópsins og þeim tillögum sem hann leggur fram í skýrslu þessari.



## 4 ANNAÐ EFNI TIL SKOÐUNAR




Mynd 15 - Leitað var í ýmsar heimildir og gögn





## 4.1 SPLISS RANNSÓKNIN

SPLISS er heiti á rannsókn eða í raun samstarfi fjölmargra aðila sem tengjast afreksíþróttum um allan heim. Verið er að rannsaka hvaða þættir skipta mestu máli í afreksstarfi og stefnumótun afreksíþróttar og hófst rannsóknin árið 2008 er skoðað var afreksumhverfi sex þjóða. Margar áhugaverðar niðurstöður komu fram í þeirri rannsókn og var strax hafist handa við að greina betur þá lykilþætti sem hafa áhrif á afreksstarf og árangur.



Mynd 16 - SPLISS rannsóknin

SPLISS 2.0 var framhaldsrannsókn sem fór fram 2011 og 2012 og voru niðurstöður kynntar árið 2014. Þá voru 16 svæði (15 þjóðir) aðilar að rannsókninni og var hún umfangsmeiri en fyrri rannsókn. Í SPLISS 2.0 eru níu atriði, eða stöpplar (pillars), skilgreind og mæld út frá 96 lykilþáttum og 750 undirþáttum þeirra. Verið er að skoða umfang ákveðinna þátta hjá þjóðunum og bera saman mismunandi áherslur og þann árangur sem fæst hjá viðkomandi þjóð.

Ef horft er til helstu niðurstaðna í þeirri rannsókn má segja að fjórir þættir skori hæst eða séu taldir skipta mestu máli hvað varðar árangur. Þeir eru: fjárhagslegur stuðningur (Pillar 1), skipulag og stefnumótun (Pillar 2), þjálfarar (Pillar 7) og vísindarannsóknir (Pillar 9). Íþróttamannvirki (Pillar 6) og alþjóðleg keppni (Pillar 8) skipta einnig máli en þó meira gagnvart sumaríþróttum en vetraríþróttum. Höfundar SPLISS rannsóknarinnar þóttu það áhugavert að stuðningur við íþróttamann (Pillar 5) væri ekki talið eins mikilvægt og þeir héldu, en meta það samt svo að hjá þessum þjóðum hafi markvisst verið unnið að þessum þætti og hann því í góðu ástandi hjá flestum og það dregur úr mikilvægi/forgangsröðun hans í þessari rannsókn. Í samantekt á rannsókninni eru taldir upp nokkrir lykilþættir sem þarf að hafa í huga varðandi áherslur, eða 22 af þeim 96 þáttum sem voru skoðaðir. Jafnframt eru fimm atriði talin upp sem tengjast vissulega fjárhagslegum möguleikum í afreksstarfi en þeir eru:

- Að það sé starfsfólk í 100% starfi hjá ÍSÍ/Sérsambandi til að styðja við afreksþjálfara, afreksíþróttafólk og aðra (Pillar 2).
- Það séu til staðar hágæða afreksíþróttamiðstöðvar sem hafa: stjórnunarlegar höfuðstöðvar, gistimöguleika, fagteymisþjónustu, íþróttarannsóknir og góða tengingu við háskóla og skóla fyrir yngra íþróttafólk (Pillar 6).
- Það sé (nægjanlegur) fjárhagslegur stuðningur með sérstakri áherslu á vísindalegar rannsóknir og þróun í tengslum við afreksíþróttir (Pillar 9).
- Afreksþjálfarar hafi tækifæri á samskiptum, og að ræða þeirra eigin þróun sem afreksþjálfarar við aðra afreksþjálfara (þvert á íþróttgreinar) (Pillar 7).
- Það sé verkalýðsfélag/fagfélag fyrir íþróttþjálfara (Pillar 7).

## 4.2 FYRIRKOMULAG OG ÁHERSLUR HJÁ ÖÐRUM ÞJÓÐUM

Þegar skoðuð eru gögn frá öðrum þjóðum er eitt sameiginlegt með nánast öllum þjóðum. Það eru eingöngu fá sérsambönd sem eru að fá afreksstyrki. Þau sambönd sem fá ekki afreksstyrki eru þó að njóta annarra styrkja sem gera þeim mögulegt að standa undir landsliðsstarfi, öflugri starfsemi á skrifstofu og þróunarstarfi.

Hvort sem horft er til Hollands eða Danmerkur, Englands, Ástralíu eða Kanada þá er verið að styrkja þau sambönd sem talin eru líkleg til að skila verðlaunum á stærstu mótunum í stærstu greinunum, þ.e. á ÓL, PL, HM og EM.

Fjöl margar alþjóðlegar skýrslur og rit hafa verið gefin út um afreksíþróttir, stefnumótun og áherslur. Í bók sem fjallar um samanburð á kerfinu í Englandi (UK), Ástralíu og Kanada og var gefin út fyrir nokkrum árum er talað um fjóra þætti sem þarf að leggja áherslu á:

- Þróun á íþróttamannvirkjum,
- Nauðsyn þess að afreksíþróttafólk geti verið í fullu starfi við sína íþróttaiðkun,
- Þjálfun, íþróttavísindi og fagteymismál,
- Keppnistækifæri.

Sama rit fjallar einnig um ýmis vandamál sem eru þekkt hjá öllum þessum þjóðum og snúa til dæmis að mismunandi áherslum hópa innan íþróttahreyfingarinnar, metnaði þjálfara og/eða íþróttamanna sem hugsa eingöngu um sig en ekki heildina, áherslur sambanda sem ganga of langt gagnvart íþróttamanninum (s.s. að vinna verðlaun umfram allt), vandamál sem snúa að skipulagi og ákvarðanatöku, s.s. að það séu jafnvel of margar nefndir og ráð sem koma að málunum.

Í Noregi hefur Olympiatoppen yfirumsjón varðandi afreksstarfið. Þar er um að ræða Íþrótt- og Ólympíusamband, eins og á Íslandi en slík sambönd hafa oft öðruvísi möguleika en ríkisreknar afreksíþróttastofnanir eða hreinar Ólympíunefndir. Þannig styrkir Olympiatoppen flestar íþróttgreinar innan sinna vébanda sem eru að taka þátt í alþjóðastarfi og geta náð árangri. Þar er mikilvægt að eiga sem flesta möguleika í framtíðinni en þó má segja að þar eins og annars staðar séu áherslur og hærrí styrkir á þær íþróttgreinar sem geta unnið stærstu verðlaunin eða t.d. komið heim með verðlaun frá Ólympíuleikum.

„Finnst mikilvægt að styrkja grunnframfærslu afreksíþróttamanna til að viðkomandi öðlist grunnréttindi - lífeyri/tryggingar á meðan á ferli hans stendur.“

*Fulltrúi ÍSÍ í tengslum við viðhorfskönnun*

Í danskri skýrslu frá 2009 er fjallað um afreksípróttastarf í sex löndum og má segja að styrkjafyrirkomulaginu sé lýst ágætlega í eftirfarandi töflu, en mismunandi áherslur eru milli sumar- og vetraríþróttar og fjölda íþróttagreina sem hljóta styrki.

Hver þjóð hefur sína aðferð og reynir að hámarka þá möguleika sem fjármagn, ytri og innri aðstæður leyfa.

Tafla 15 - Greining á áherslum hjá mismunandi þjóðum varðandi afreksstyrki

	Áhersla á sumar og vetrar ÓL	Áhersla aðallega á sumar ÓL
Áhersla á margar íþróttagreinar	Svíþjóð Sviss	Danmörk
Áhersla á fáar íþróttagreinar	Noregur Finnland	Nýja Sjáland

Í þessari dönsku skýrslu er m.a. vitnað í SPLISS rannsóknina, þ.e. þá fyrri sem fór fram 2008. Sem ein helsta niðurstaða þeirrar rannsóknar og áhersluatriði í samantekt er mikilvægi þess að huga að lífsferli afreksíþróttafólksins, þ.e. allt frá því að hæfileikar greinast og íþróttafólkið verður að afreksíþróttamanni. Sú þróun þarfnast helsteypra aðgerða og eru talin upp fjögur atriði sem þarf að huga að:

- Hvernig efnilegt íþróttafólk er fundið og það stutt til þess að verða afreksíþróttafólk. Hæfileikamótun má segja að sé ágætis heiti yfir það starf sem þarf að vera til staðar og skipulagt sameiginlega af öllum þeim sem koma að starfinu.
- Að skipulagið sé með afreksíþróttir í huga. Það sé mikilvægt að réttu þættirnir séu til staðar fyrir íþróttafólkið á réttum tímamarki í þeirra ferli, s.s. þjálfarar, aðstaða, verkaskipting sé skilgreind og að einhver sé með ábyrgð á viðkomandi íþróttamanni og hans ferli.
- Keppnisumhverfi sé til staðar, þ.e. að viðkomandi afreksíþróttafólk geti keppt meðal þeirra bestu hverju sinni og fái réttar áskoranir á hverjum tíma á sínum ferli.
- Hvatning til iðkenda og þjálfara. Nauðsynlegt sé að allt umhverfi íþróttafólksins sé hvetjandi til aukinna afreka, hvort heldur hjá félagi eða sérsambandi. Hvatning verður einnig til í gegnum fjölskyldu og vini og því er mikilvægt að stuðningur við íþróttafólk og þjálfara sem ætla að gefa allt í íþróttina sé til staðar.

„Að hugað verði að afreksmanni þannig að lágmarks réttindi séu til staðar að keppnisferli loknum.“

Fulltrúi ÍSÍ í tengslum við viðhorfskönnun

Í sömu skýrslu er einnig fjallað um þrjá tímamarkta í ferli íþróttamanns sem skipta einna mestu máli m.t.t. afreksíþróttar:

- Unglingsárin, þ.e. að velja að verða afreksíþróttamaður,
- í lok unglingsára, þ.e. að velja að nýta fyrstu fullorðinsárin til að sinna íþróttinni umfram aðra þætti og
- við lok afreksíþróttuferilsins, að það séu atriði sem hvetja viðkomandi íþróttamann til að halda áfram í nokkur ár til viðbótar.

Það síðasta hefur á undanförunum árum verið talið enn mikilvægara en áður, þar sem þessir aðilar skila af sér mikilli reynslu til þeirra sem koma á eftir og gera íþróttagreinum og sérsamböndunum mögulegt að halda sér meðal þeirra bestu í heimi.



## 5 NIÐURSTÖÐUR VINNUHÓPS



Mynd 17 - Íslenskir verðlaunahafar á Ólympíuleikum



## 5.1 MEGINMARKMIÐ AFREKSSTEFNU ÍSÍ

„Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afreksstig íslenskra íþróttara. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem með afreksíþróttamanninum vinna, tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum framfærsluáðstæðum íþróttamannsins og auka íslenska þjálfunarkunnáttu.“

Markmið Afreksstefnu ÍSÍ hefur verið efnislega það sama frá samþykkt Íþróttapings árið 2000. Vinnuhópurinn miðar vinnu sína við þetta meginmarkmið Afreksstefnu ÍSÍ og telur ekki ástæðu til að þessu meginmarkmiði sé breytt enda er það mat vinnuhópsins að markmið þetta sé tímalaust og eigi við afreksstarf á hverjum tíma.

„Þurfum að velja greinar sem við ætlum að hafa í afreksstarfi.“

*Fulltrúi sérsambands á fundi með vinnuhópi.*

## 5.2 MEIRA FJÁRMAGN ÞARF TIL AFREKSSJÓÐS ÍSÍ

Fullyrða má að vatnaskil hafi orðið í málefnum afreksíþróttara með nýjum samningi ÍSÍ við ríkisvaldið í júlí 2016. Sú aukning sem þá fékkst fram – er afrek í sjálfu sér – og byggðist á þrotlausri elju forseta ÍSÍ og mjög jákvæðum og skilningsríkum viðbrögðum forystumanna þáverandi ríkisstjórnar með íþróttamálaráðherra í farabroddi.

Ljóst er að þrátt fyrir stóraukið framlag til Afrekssjóðs ÍSÍ mega forystumenn ÍSÍ ekki slá slöku við að fá fram enn frekari hækkunir til sjóðsins á komandi árum. Núverandi samningur tryggir mun betra svigrúm til styrkja og áframhaldandi uppbyggingar afreksíþróttara en leysir ekki allan vanda sem fjárvana sérsambönd búa við. Því er mikilvægt að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið með nýjum samningi – með það að markmiði að íslenskt afreksíþróttastarf standi jafnfætis öðrum vestrænum löndum hvað fjármögun varðar.

„Ljóst er að þrátt fyrir stóraukið framlag til Afrekssjóðs ÍSÍ mega forystumenn ÍSÍ ekki slá slöku við að fá fram enn frekari hækkunir til sjóðsins á komandi árum.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

## 5.3 SJÁLFSTÆÐI AFREKSSJÓÐS ÍSÍ

Mikilvægt er að efla sjálfstæði Afrekssjóðs ÍSÍ hvað fjárhagsleg málefni varðar. Afar mikilvægt er að sjóðsstjórnin beri ábyrgð á og hafi fulla yfirsýn yfir fjárhagsstöðu sjóðsins hverju sinni og taki sjálfstæðar ákvarðanir um hvenær úthlutanir fari fram og styrkuppþæðir.

Í dag sitja í sjóðsstjórninni átta einstaklingar. Vinnuhópurinn leggur til að fækkað verði í sjóðsstjórn í fimm einstaklinga til að skerpa fókus stjórnarinnar. Einn þessara aðila verði tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra eins og verið hefur. ÍSÍ skipi áfram formann sjóðsstjórnar og þrjú aðilar séu valdir af framkvæmdastjórn ÍSÍ út frá þekkingu og reynslu hverju sinni.

„Fulltrúar í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ eru ekki fulltrúar þeirra sérsambanda eða íþróttagreina sem þeir eiga bakgrunn í heldur starfi í þágu allra íþróttagreina.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*



ÍSÍ ber að huga sérstaklega að kynjaskiptingu varðandi val á fulltrúum í sjóðinn. Eins og áður skiptir máli að í sjóðsstjórnina veljist aðilar með þekkingu og reynslu sem starfi í þágu heildarinnar og passi upp á hlutleysi sitt. Fulltrúar í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ eru ekki fulltrúar þeirra sérsambanda eða íþróttagreina sem þeir eiga bakgrunn í heldur starfi í þágu allra íþróttagreina. Tekið skal fram að á undanförunum árum hafa valist afar traustir einstaklingar í sjóðsstjórnina.

Ljóst er að með breyttum áherslum skv. tillögum vinnuhópsins mun nýtt vinnulag eflaust kalla á meira starfsframlag af hálfu ÍSÍ. Mikilvægt er því að sjóðurinn fái áfram þjónustu af hálfu ÍSÍ varðandi umsýslu og eftirlit með styrkhöfum, undirbúning funda og þess háttar í samræmi við 11. grein núverandi starfsreglna sjóðsins gegn eðlilegu endurgjaldi.

## 5.4 GEGNSÆI OG RÖKSTUÐNINGUR MEÐ ÚTHLUTUNUM

Á undanförunum árum hefur Afrekssjóður ÍSÍ rökstutt úthlutanir sínar á fundum framkvæmdastjórnar ÍSÍ og í fundargerðum sem berast framkvæmdastjórn ÍSÍ til samþykktar.

Afar mikilvægt er að Afrekssjóður ÍSÍ rökstyðji skriflega allar úthlutanir sem sjóðurinn tekur ákvörðun um og birti þær á heimasíðu sjóðsins/ÍSÍ.

„Afar mikilvægt er að Afrekssjóður ÍSÍ rökstyðji skriflega allar úthlutanir sem sjóðurinn tekur ákvörðun um og birti þær á heimasíðu sjóðsins/ÍSÍ.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

## 5.5 ÁRSSKÝRSLA AFREKSSJÓÐS ÍSÍ

Í takt við aukið gegnsæi sjóðsins telur vinnuhópurinn afar mikilvægt að Afrekssjóður ÍSÍ gefi út Ársskýrslu Afrekssjóðs ÍSÍ sem birtist á vef ÍSÍ – [www.isi.is](http://www.isi.is) – þar sem fram komi upplýsingar um úthlutanir og áherslur ársins ásamt hugleiðingum um framtíðarverkefni og áherslur sérsambandanna auk annarra atriða sem talið er mikilvægt að birta.

Jafnframt er nauðsynlegt að ÍSÍ standi fyrir rafrænni útgáfu á samantekt á alþjóðlegum íþróttarárangri ár hvert. Mikilvægt er jafnframt að senda alþingismönnum og mennta- og menningarmálaráðuneyti ársskýrslu sjóðsins.

## 5.6 AFREKSSJÓÐUR EÐA FÉLAGSLEGUR AFREKSSJÓÐUR?

Á undanförunum árum hefur það færst í vöxt að styrkveitingar sjóðsins renni til flestra sérsambanda ÍSÍ. Í raun má halda því fram að Afrekssjóður ÍSÍ hafi á undanförunum árum virkað sem félagslegt stuðningsnet fyrir sérsamböndin og einhverjar íþróttanefndir varðandi afreksstarf. Ef að styrkja á afreksíþróttir til framtíðar, verður að greina þarna á milli og gera kröfur til sérsambandanna um afreksstarf.

Hins vegar má ekki gleyma því að í raun eiga allir sambandsaðilar afrekssjóðinn og því má skilja úthlutanir undanfarinna ára á vissan hátt á þann veg að sjóðurinn hafi vilja styðja við sem flesta í uppbyggingarstarfi þeirra í afreksmálum.

Vinnuhópurinn leggur áherslu á að sú grundvallarbreyting verði gerð á starfi sjóðsins að

„Vinnuhópurinn leggur áherslu á að sú grundvallarbreyting verði gerð á starfi sjóðsins að meginhluti styrkfjárrens renni til þeirra aðila sem eru hvað fremstir í afreksstarfi hverju sinni.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*



meginhluti styrkfjárns renni til þeirra aðila sem eru hvað fremstir í afreksstarfi hverju sinni. Þó er mikilvægt að þau sérsambönd sem ekki hljóta stóra styrki fái ákveðna grunnstyrki til að standa undir lágmarks landsliðsverkefnum.

„Þetta er ekki lýðheilsusjóður – þetta á að vera Afrekssjóður !!!“

*Fulltrúi sérsambands á fundi með vinnuhópi.*

## 5.7 HVERNIG ERU AFREK SKILGREIND?

Á þeim fjölmörgu vinnufundum sem vinnuhópurinn hefur átt með sambandsaðilum og fleirum hefur ofangreind spurning verið mikið til umræðu. Fullyrða má að langflestir viðmælenda vinnuhópsins hafi verið sammála um að til að skilgreina ætti afrek þyrfti að hafa til hliðsjónar viðmið til flokkunar. Vinnuhópurinn hefur sett saman slík viðmið í viðleitni sinni til að flokka afreksstarf sérsambandanna. Viðmiðin ein og sér duga þó ekki til því eins og áður þarf mat sjóðsstjórnar og reynsla einnig að telja í þessu sambandi. Vinnuhópurinn leggur til að Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ í samstarfi við hvert sérsamband skilgreini afrek í samræmi við gildandi afreksstefnu ÍSÍ og sérsambanda.

„Vinnuhópurinn leggur til að Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ í samstarfi við hvert sérsamband skilgreini afrek í samræmi við gildandi afreksstefnu ÍSÍ og sérsambanda.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

## 5.8 MARKMIÐ STYRKVEITINGA OG ÁHERSLUÞÆTTIR

### 5.8.1 Skipting í afreksflokka

Vinnuhópurinn telur afar mikilvægt að í reglugerðum Afrekssjóðs ÍSÍ verði skilgreindir afreksflokkar, bæði hvað einstaklingsíþróttir varðar sem og hópíþróttir. Lagt er til að sjóðsstjórn skilgreini sérsambönd ÍSÍ í flokka út frá töflu 16 á bls. 67 með fyrirvara um breytingar sem orðið geta á starfi og áherslum viðkomandi sérsambands. Um er að ræða lifandi vinnuskjal sem getur breyst miðað gefnar forsendur.

„Þátttaka á ÓL/HM/EM, lokamótum, er mælikvarði á afrek.“

*Fulltrúi sérsambands á fundi með vinnuhópi.*

Sjóðsstjórn skipti sérsamböndum upp í þrjá flokka, út frá viðmiðum hér á eftir. Skiptingin yrði eftirfarandi; **Afrekssérsambönd, Alþjóðleg sérsambönd og Þróunarsérsambönd**. Þetta fyrirkomulag kallar hins vegar á reglulegt eftirlit og stöðug samskipti á milli Afrekssjóðs ÍSÍ og viðkomandi sérsambands um hvort að viðkomandi sérsamband geti staðið við þær skuldbindingar og þau markmið sem fram hafa komið í umsókn til Afrekssjóðs ÍSÍ.

Styrkveitingar innan hvers flokks fyrir sig þurfa alls ekki að vera þær sömu á milli sérsambanda og eru matskennd ákvörðun Afrekssjóðs ÍSÍ vegna umfangs verkefna og afreksstarfs viðkomandi sérsambanda, sbr. upptalin atriði hér á eftir.

Árangur efnilegs íþróttafólks, yngri landsliða og hópa hefur ekki áhrif á flokkun sérsambanda í þessa þrjá flokka. Hins vegar skal tekið tillit til árangurs þeirra og framtíðarhorfur við mat á styrkuppþæðum til sérsambands og skal á sama hátt fjallað um þessa aðila í þeim áætlunum sem lagðar eru fram.

Nauðsynlegt er að skipta því fjármagni sem er til skiptana þannig að mesta áherslan og hæstu

„Vinnuhópurinn telur afar mikilvægt að í reglugerðum Afrekssjóðs ÍSÍ verði skilgreindir afreksflokkar.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

upphæðirnar fari til þeirra sérsambanda sem að mati sjóðsstjórnar falli undir skilgreininguna sem Afrekssérsambönd. Er það mat vinnuhópsins að æskilegt sé að um 45-70% af úthlutun sjóðsins fari til þeirra sambanda, en þó fari það eftir verkefnum og áherslum hverju sinni.

Þau sérsambönd sem skipa sér í flokk Alþjóðlegra sérsambanda væru að hljóta um 35-45% af úthlutun sjóðsins, m.t.t. verkefna og áherslna hverju sinni. Loks væru um 10-15% að fara til þeirra sérsambanda sem væru skilgreind sem Þróunarsérsambönd. Þessi skipting getur breyst í samræmi við áherslur sjóðsins og raunhæft væri að þvert á þessa flokka væru skilgreindar ákveðnar áherslur sem styrktar væru samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar, s.s. þjónustubættir eins og fagteymi, undirbúningur fyrir Ólympísk verkefni og fleira sbr. skýrslu ÍSÍ frá 2015 um kostnað vegna Afreksíþróttastarfs.

	EINSTAKLINGSGREINAR	HÓPÍÞRÓTTIR
Afreks-sérsambönd	<p>Ólympíuverkefni</p> <p>Afreksverkefni</p>	<p>Ólympíuverkefni</p> <p>Afrekslið</p>
Alþjóðleg sérsambönd	<p>Ólympíuverkefni</p> <p>Alþjóðlegt starf</p>	<p>Ólympíuverkefni</p> <p>Alþjóðlegt starf</p>
Þróunar-sérsambönd	<p>Grunnstyrkir / Þróunarverkefni sérsambanda</p>	

Mynd 18 - Tillaga vinnuhóps að skiptingu sérsambanda í afrekstig

### 5.8.1.1 Afrekssérsambönd

Um er að ræða sérsambönd sem hafa íþróttamenn/lið á að skipa sem keppa reglulega meðal þeirra bestu og hafa keppniserett á stærstu mót í sinni íþróttagrein.

- Sérsambönd þar sem afreksstarfið felur í sér reglulega þátttöku á hæsta stigi í viðkomandi íþróttagrein, með frábærum árangri, s.s. verðlaunasæti eða með því að komast í úrslit. Í þessu sambandi getur sjóðsstjórn metið stærð íþróttagreinar á heimsvísu.
- Þarf viðkomandi sérsamband að hafa náð þeim árangri á síðustu fjórum árum hið minnsta.
- Í einstaklingsíþróttum skal horft til þess að hið minnsta einn aðili hafi náð að komast í úrslit eða unnið til verðlauna á HM/EM eða ÓL/PL á síðustu fjórum árum.
- Í einstaklingsgreinum skulu að auki vera fleiri aðilar sem hafa tekið þátt í alþjóðlegri keppni og hafa sýnt með árangri sínum að þau hafi möguleika til að komast í úrslit eða keppa um verðlaun á HM/EM og/eða ÓL/PL á komandi árum.

„Þeir bestu þurfa að fá stuðning þannig að þeir þurfi ekki að borga með sér.“

*Fulltrúi sérsambands á fundi með vinnuhópi.*

- Í einstaklingsgreinum má einnig taka tillit til þess ef að einstaklingur hefur unnið sér þátttökurétt á stærstu mótarið í heiminum í sinni íþróttagrein og keppir þar reglulega meðal þeirra bestu í heimi.
- Fyrir hópíþróttir gildir að sérsambandið hafi á að skipa liði sem hefur keppt á efsta stigi viðkomandi íþróttagreinar, þ.e. á ÓL/PL eða á lokamóti HM/EM.
- Til að sérsambönd séu metin sem afrekssérsambönd skulu þau hafa starfandi íþróttastjóra/landslíðsþjálfara í fullu starfi á ársgrunni.
- Til að sérsamband sé metið sem afrekssérsamband þarf viðkomandi sérsamband að vera með öfluga hæfileikamótun og vera með einstaklinga sem talið er að geti komist í fremstu röð í heiminum í sinni íþróttagrein.

Styrkir eru veittir til allt að fjögurra ára í senn.

Við mat innan flokksins er sérstaklega horft til möguleika á verðlaunasætum á ÓL/PL/HM/EM í viðkomandi íþróttagrein og afrekslista viðkomandi íþróttagreinar.

### 5.8.1.2 Alþjóðleg sérsambönd

Um er að ræða sérsambönd sem hafa íþróttamenn/liði á að skipa sem keppa reglulega á alþjóðlegum vettvangi og hafa keppnisrétt á stærstu mótin í sinni íþróttagrein. Um er að ræða sérsambönd þar sem einstaklingar ná að vinna sér inn þátttökurétt á ÓL/PL eða á HM/EM, en eru ekki að fara á viðkomandi viðburði á boðssætum/kvóta.

- Sérsambönd þar sem afreksstarfið felur í sér reglulega alþjóðlega þátttöku á heimsvísu í viðkomandi íþróttagrein, þar sem einstaklingar eru að keppa um stig á heimslista og reyna að vinna sér þátttökurétt á HM/EM og/eða ÓL/PL.
- Í einstaklingsíþróttum skal horft til þess hið minnsta að einn aðili hafa unnið sér þátttökurétt á HM/EM eða ÓL/PL á síðustu átta árum.
- Í einstaklingsgreinum skulu að auki vera fleiri aðilar sem hafa tekið þátt í alþjóðlegu starfi og hafa sýnt með árangri sínum að þau hafi möguleika til að vinna sér þátttökurétt á HM/EM og/eða ÓL/PL á komandi árum.
- Fyrir hópíþróttir gildir að sérsambandið hafi á að skipa liði sem er á afrekslista viðkomandi íþróttagreinar og tekur þátt í HM/EM með reglulegum hætti.
- Til að sérsambönd séu metin í flokk alþjóðlegra sérsambanda skulu þau hafa starfandi íþróttastjóra/landslíðsþjálfara í hálfu starfi hið minnsta á ársgrunni.
- Til að sérsambönd séu metin í flokk alþjóðlegra sérsambanda þarf viðkomandi sérsamband að vera með öfluga hæfileikamótun og vera með einstaklinga sem talið er að geti komist í fremstu röð í heiminum í sinni íþróttagrein.

Styrkir eru veittir til allt að tveggja ára í senn.

Við mat innan flokksins er sérstaklega horft til umfangs alþjóðlegrar þátttöku í viðkomandi íþróttagrein og afrekslista viðkomandi greinar.

„Heyrði lítið í sérsambandi, bara í ÍSÍ og félaginu.“

*Íþróttamaður á fundi með vinnuhópi.*

### 5.8.1.3 Þróunarsérsambönd

Hér er um að ræða þau sérsambönd sem ekki komast í flokk afrekssérsambanda eða alþjóðlegra sérsambanda, en taka þó þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi. Um er að ræða sérsambönd sem taka þátt í HM, EM eða NM og nýta þá kvóta sem þeir hafa vegna þessara móta, eða eru að keppa í forkeppnum eða neðstu stigum viðkomandi greina. Er þá oftast verið að nýta kvóta eða boðssæti fyrir landsliðsfólk eða Íslandsmeistara í viðkomandi grein. Fyrir hópíþróttir eru um að ræða lið sem taka þátt í riðlakeppni, eða neðri deildum viðkomandi íþróttagreinar.

Styrkir eru veittir til eins árs hverju sinni.

Við mat innan flokksins er sérstaklega horft til umfangs alþjóðlegrar þátttöku í viðkomandi íþróttagrein, þróun íþróttagreinar og afrekslista viðkomandi íþróttagreinar.

### 5.8.2 Skilgreining á styrkuppþæðum innan flokka

Töluverður munur getur verið á styrkuppþæðum innan flokka.

Sérsambönd fá röðun í flokk eftir besta árangri innan sérsambands, þ.e. hvort heldur vegna liða/hópa eða einstaklinga, að því loknu er tekið tillit til annarra liða/einstaklinga í viðkomandi íþróttagrein.

Við mat á upphæðum innan flokks er tekið tillit til fjölmargra atriða og starf sambandsins metið út frá lykilþáttum, sbr. töflur 16 og 17 hér á eftir.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ skilgreinir þær upphæðir sem eru til úthlutunar í hverjum flokki.

„Við mat á upphæðum innan flokks er tekið tillit til fjölmargra atriða og starf sambandsins metið út frá lykilþáttum, sbr. töflu 16.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

### 5.8.3 Skilgreining á stórmótum

Ekki er til ein samræmd skilgreining á orðinu stórmót innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Vinnuhópurinn telur nauðsynlegt að slík skilgreining sé mótuð af heildarsamtökum íþróttahreyfingarinnar, hvort heldur hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ eða á Íþróttapingi ÍSÍ. Í umræðum sínum hefur vinnuhópurinn skilgreint stórmót í íþróttum mót eins og Ólympíuleika, Paralympic Games, Heimsmeistaramót/keppni og Evrópumót/keppni þar sem nauðsynlegt er að ná lágmarkum eða vinna sér inn þátttökurétt í gegnum önnur mót. Í flestum stórmóta er svo um að ræða undankeppni, riðla eða forkeppni áður en komið er í aðalkeppni, undanúrslit eða úrslit.

„Ekki er til ein samræmd skilgreining á orðinu stórmót innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

### 5.8.4 Áhersluatriði við flokkun sérsambanda

Í töflunni hér á eftir er horft til þess að stjörnumerktir þættir, \*, þurfi að vera til staðar til að eiga möguleika á að geta talist í viðkomandi flokki. Þegar stjarnan er í sviga, (\*), er um æskilega þætti að ræða sem skilgreindir eru nánar í samningum og áætlunum.

Áhersluþættir byggja á þeim efnisþáttum sem eru í núverandi reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ, þeim þáttum sem ræddir voru innan vinnuhóps, í samræðum við álitsgjafa og á fundum vinnuhópsins með aðilum frá íþróttahreyfingunni.

Þá var horft til þeirra þátta sem aðrar þjóðir nota við sitt mat og erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að skipta máli í afreksstarfi.

„Eðli íþróttu eru sveiflur í árangri.“

*Fulltrúi fræðasamfélagsins á fundi með vinnuhópi.*

Tafla 16 - Tillaga vinnuhóps að efnispáttum til að nota við flokkun sérsambanda í afrekshópka

	Afreks-sérsambönd		Alþjóðleg sérsambönd		Þróunar-sérsambönd	
	Einstaklingsíþróttir	Hópiþróttir	Einstaklingsíþróttir	Hópiþróttir	Einstaklingsíþróttir	Hópiþróttir
Afreksstefna <sup>1</sup>	*	*	*	*	*	*
Gildistími stefnu <sup>2</sup>	8 ár	8 ár	4 ár	4 ár	2 ár	2 ár
Hæfileikamótun <sup>3</sup>	*	*	*	*		
Afrekslisti <sup>4</sup>	*	*	*	*		
Íþróttastjóri/landslíðsþjálfari <sup>5</sup>	*	*	(*)	(*)		
Aðstaða <sup>6</sup>	*	*				
Fagteymi <sup>7</sup>	*	*	*	*	(*)	(*)
Fjárhagslegt umhverfi <sup>8</sup>	*	*				
Aðgerðaráætlun <sup>9</sup>	*	*	*	*	(*)	(*)
Þátttaka á HM og EM <sup>10</sup>	*	*	*	*		
Árangur á alþjóðlegum stórmótum <sup>11</sup>	*	*	(*)	(*)		
Þátttaka í alþjóðlegum mótum <sup>12</sup>	*	*	*	*	*	*

<sup>1</sup> Öll sérsambönd ÍSÍ skulu vera með gilda afreksstefnu sem uppfyllir kröfur ÍSÍ og er það lykilforsenda þess að hafa möguleika á styrkjum frá Afrekssjóði ÍSÍ.

<sup>2</sup> Þau sambönd sem metin eru sem afrekssérsambönd skulu vera með stefnu sem gildir til 8 ára, en almennt má segja að sérsambönd eigi að móta sér stefnu til a.m.k. 4 ára. Þróunarsérsamböndum er heimilt að vera með stefnu til skemmri tíma.

<sup>3</sup> Hæfileikamótun er mikilvæg í öllu afreksstarfi og þarf að tryggja að efnilegt íþróttafólk sé til staðar og að viðkomandi sérsamband sé með mótaða áætlun um það hvernig hægt sé að gera efnilegt íþróttafólk að afrekshópka.

<sup>4</sup> Afrekslisti er heimslisti viðkomandi íþróttagreinar að teknu tilliti til stærðar og samsetningar, skilgreiningar sérsambands og ÍSÍ á afrekum í viðkomandi grein og stærð íþróttagreinar á heimsvísu.

<sup>5</sup> Afrekssérsambönd skulu vera með landslíðsþjálfara og/eða íþróttastjóra í fullu starfi á ársgrundvelli. Alþjóðleg sérsambönd skulu vera með slíkan starfsmann í a.m.k. 50% starfshlutfalli á ársgrundvelli. Tryggt skal að þeir sem starfa fyrir hönd viðkomandi sérsambands hafi þá menntun sem ætlast er til, samkvæmt afreksstefnu viðkomandi sérsambands og alþjóðlegra sambanda.

<sup>6</sup> Afrekssérsambönd skulu vera með skilgreinda æfingaaðstöðu fyrir afreksstarf/landslíðsstarf sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi íþróttagreinar.

<sup>7</sup> Öll sérsambönd ÍSÍ skulu vera með skilgreint fagteymi. Mikilvægt er að upplýsingar um samsetningu teymis og kröfur varðandi fagteymi séu skilgreindar í afreksstefnu sérsambands. Ekki eru gerðar eins miklar kröfur til umfang fagteymis hjá þróunarsamböndum.

<sup>8</sup> Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ mun aldrei fjármagna afreksstarf sérsambands að fullu. Til að sérsamband geti flokkast sem afrekssérsamband skal það sýna fram á, með ábyrgum hætti, hvernig fjármagna eigi aðgerðaráætlun (lið 9) með sjálfsaflafé.

<sup>9</sup> Aðgerðaráætlun er í raun framkvæmdaráætlun til skemmri tíma sem tekur mið af áherslum í afreksstefnu og þeim samþykktum sem sérsambandsþing, fjárhagsáætlun og keppnisumhverfi setja. Slík áætlun þarf að mótast með aðkomu Afrekssjóðs ÍSÍ og sérsambands og vera lykilskjál varðandi það starf sem er framundan.

<sup>10</sup> Til að flokkast sem afrekssérsamband og/eða alþjóðlegt sérsamband þarf viðkomandi sérsamband að taka þátt í HM og EM í viðkomandi íþróttagreini.

<sup>11</sup> Sérsambönd eru flokkuð eftir árangri íþróttafólks á alþjóðlegum stórmótum, samkvæmt texta hér að framan.

<sup>12</sup> Öll sérsambönd sem fá styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ þurfa að taka þátt í alþjóðlegum mótum.

Tafla 17 - Tillaga vinnuhóps að efnispáttum til að nota innan hvers flokks og við ákvörðun styrkupp hæða

Við mat innan flokka skal að auki horft til eftirfarandi atriða:
Horfa skal til keppnisfyrirkomulags í viðkomandi íþróttagreinum.
Horfa skal til þátttökumöguleika á Ólympíuleikum/Paralympic Games.
Horfa skal til stærðar sérsambands (þ.m.t. fjölda iðkenda, yngri keppenda og afreksmanna).
Hjá afrekssérsamböndum skal sérstaklega huga að daglegu lífi íþróttafólks sem er í fremstu röð í viðkomandi íþróttagrein. Vinna skal að því að viðkomandi aðilar geti stundað nám eða aflað sér tekna samhliða sínum ferli. Æskilegt er að slíkt eigi einnig við í flokki alþjóðlegra sérsambanda.
Meta skal búnaðarþörf íþróttagreinar þegar ákvarðanir eru teknar.
Framkvæma skal áhættumat á viðkomandi íþróttagrein.

### 5.8.5 Flokkun á sérsamböndum miðað við hugmyndir vinnuhópsins

Ef horft er til þeirra sérsambanda ÍSÍ sem eru 32 talsins mætti sjá fyrir sér eftirfarandi flokkun miðað við þau viðmið sem vinnuhópurinn telur að fara eigi eftir við flokkun. Tekið skal fram að neðangreind tafla er sett saman í samræmi við áherslur vinnuhópsins í töflu 16 á bls. 67 auk viðbótarmatsatriða sem þar koma fram og eru samin af vinnuhópnum til að auðvelda flokkun sérsambanda og áherslur fjárveitinga.

Tafla 18 - Mat vinnuhóps á flokkun sérsambanda miðað við gefnar forsendur í stafrófsröð

Afrekssambönd	Alþjóðleg sambönd	Þróunarsambönd
FRÍ	BLÍ	AKÍS
FSÍ	BSÍ	BTÍ
GSÍ	DSÍ	GLÍ
HSÍ	ÍF	HNÍ
KKÍ	ÍHÍ	HRÍ
KRA	JSÍ	ÍSS
KSÍ	KAÍ	LSÍ
SSÍ	KLÍ	MSÍ
	LH	SÍL
	SKÍ	TKÍ
	SKY	TSÍ
	STÍ	ÞRÍ

Þó þarf að horfa til þess að nokkur sérsambönd þurfa að klára sína vinnu varðandi afreksstefnu sérsambands á komandi ársþingum og uppfylla aðrar kröfur sem getið er um í tillögum vinnuhópsins.

„...nokkur sérsambönd þurfa að klára sína vinnu varðandi afreksstefnu sérsambands á komandi ársþingum.“

Úr niðurstöðum vinnuhópsins.



## 5.8.6 Húsnæðisstyrkir til sérsambanda

Á fjölmörgum fundum sem vinnuhópurinn hefur átt með sérsamböndum ÍSÍ hefur verið komið inná þá erfiðu stöðu sem sérsamböndin eiga við að stríða varðandi leigu á húsnæði vegna æfinga og keppni landsliða. Ljóst er að aðeins tvö sérsambönd – KSÍ og SKÍ – eiga raunverulegt heimili annars vegar á Laugardalsvelli og hins vegar í Hlíðarfjalli á Akureyri, en öll hin þurfa að leita á náðir sveitarfélaga og íþróttafélaga varðandi lán á aðstöðu. Vinnuhópurinn hefur velt þeirri spurningu fyrir sér hvort að skynsamlegt væri að skilgreina hluta af stuðningi Afrekssjóðs ÍSÍ við sérsamböndin með ákveðnum húsnæðisstyrki. Með slíkri styrkveitingu er möguleiki á að sveitarfélög og félög taki upp á því að rukka endurgjald fyrir viðkomandi tíma. Þá er betra heima setið en af stað farið. Vinnuhópurinn leggur því til að styrkveitingar vegna húsnæðisleigu verði ekki teknar upp á vettvangi Afrekssjóðs ÍSÍ.

„Vinnuhópurinn leggur því til að styrkveitingar vegna húsnæðisleigu verði ekki teknar upp á vettvangi Afrekssjóðs ÍSÍ.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

## 5.9 STYRKVEITINGAR, UMSÓKNARFERLI OG MAT Á UMSÓKNUM

### 5.9.1 Umsóknir til Afrekssjóðs ÍSÍ

Í núverandi reglugerð um umsóknir, 3. grein, er kveðið á um að öll sérsambönd ÍSÍ og íþróttanefndir ÍSÍ sem eru viðurkenndar af ÍSÍ og þá einkum þær, sem eigi þátttökurétt á Ólympíuleikum, eigi rétt á því að sækja um styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ enda séu uppfyllt önnur skilyrði sem kveðið er á um í reglugerðinni.

Vinnuhópurinn leggur til að íþróttanefndir ÍSÍ fái ekki heimild til að sækja um styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ enda sé eðlilegt að íþróttagreinar þurfi að þroskast í íþróttafjölskyldunni áður en til sérsambands sé stofnað og sótt sé um styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ.

Jaðaríþróttagreinar ýmiskonar hafa vaxið og dafnað á undanförunum árum og vaxtarbroddur og þróun íþróttastarfsins kemur að mörgu leyti frá þeim. Vinnuhópurinn leggur áherslu á að öll sérsambönd eigi áfram sem áður rétt á að sækja um styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ.

„Vinnuhópurinn leggur til að íþróttanefndir ÍSÍ fái ekki heimild til að sækja um styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ....“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

### 5.9.2 Nýtt vinnulag

Vinnuhópurinn telur rétt að taka upp nýtt vinnulag varðandi umsóknarferli. Sérsambönd þurfa að vinna náð með Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ að mótun framkvæmdaáætlana sem lagðar verða fyrir Afrekssjóð ÍSÍ. Mikilvægt er að Afrekssjóður ÍSÍ og viðkomandi sérsamband fari nákvæmlega yfir fjármögnun áætlunarinnar sem fjármögnuð verður af Afrekssjóði ÍSÍ og sjálfsaflafé viðkomandi sérsambands.

Nýtt ferli felur í sér að fulltrúar sérsambands og Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ vinna sameiginlega að því að móta raunhæfa umsókn til stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ þar sem horft er til áherslna í afreksstarfi sérsambands, aðra mögulega styrki eins og í tilvikum styrkja Ólympíusamhjalparinnar, þörf íþróttafólks og hópa fyrir fagteymisþjónustu og þverfaglega nálgun og fleira tengt afreksíþróttastarfi. Þannig tekur við ferli sem

„Sérsambönd þurfa að vinna náð með Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ að mótun framkvæmdaáætlana sem lagðar verða fyrir Afrekssjóð ÍSÍ.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*



byggir á því að Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ aðstoðar viðkomandi sérsamband við að móta raunhæfa áætlun sem getur leitt til stuðnings frá sjóðstjórn Afrekssjóðs ÍSÍ, viðkomandi íþróttagrein til heilla og eflingar afreksíþróttá á Íslandi.

### 5.9.3 Samningar

Vinnuhópurinn telur mikilvægt að formgerðir verði samningar um hverja styrkveitingu fyrir sig milli sérsambands og Afrekssjóðs ÍSÍ. Fenginn verði lögfræðingur í þá vinnu að útbúa rammamninga þar sem fram komi þau mikilvægu áhersluatriði sem verða vera í samræmi við aukið fjármagn og breytt vinnulag.

„Mikilvægt er að slíkt aðhald og eftirlit sé með formlegum og reglulegum hætti með aðkomu Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

Með góðum og ítarlegum samningi á milli aðila verði samstarfið treyst og gert gegnsætt. Að sjálfsögðu má leiða líkum að því að mikil vinna verði við gerð samninga – a.m.k. í flokki Afrekssérsambanda- en með tíma formgerist samstarfið og vinnan verður auðveldari.

Vinnuhópurinn er afar hrifinn af samningum sem Team Danmark hefur gert við sérsamböndin þar í landi og mættu þeir vera notaðir til hliðsjónar við gerð samninga fyrir ÍSÍ.

### 5.9.4 Tímalengd samninga

Afar mikilvægt er að áherslum um tímalengd samninga við sérsamböndin verði breytt. Í dag þurfa sérsambönd ÍSÍ að sækja um til Afrekssjóðs ÍSÍ einu sinni til tvisvar á ári og hafa ekki haft neina vissu um áframhaldandi stuðning við sín verkefni þrátt fyrir að undirbúningur væri til lengri tíma. Vinnuhópurinn leggur til að Afrekssjóði ÍSÍ verði gert heimilt að gera allt að fjögurra ára samninga við Afrekssérsamböndin um tiltekin verkefni. Þarna er t.d. átt við undirbúning vegna Ólympíuleika (frá einum leikum til annarra), sérstök verkefni vegna íþróttafólks eða flokka sem eru sérlega efnileg, o.s.frv. Að sjálfsögðu kalla lengri samningar til meira eftirlits og samráðs á milli Afrekssjóðs ÍSÍ og viðkomandi sérsambands en með því að koma málum í þennan farveg er tryggt að sérsamböndunum verði betur gert kleift að skipuleggja verkefni/íþróttamenn/flokka til lengri tíma lítið.

„Tímalengd samninga verður að endurspegla það sem er framundan í viðkomandi grein“

*Fulltrúi sérsambands á fundi með vinnuhópi.*

### 5.9.5 Tímasetningar úthlutana og fyrirkomulag

Á undanförunum árum hefur skapast sú hefð að tilkynnt hefur verið um úthlutanir sjóðsstjórnar á blaðamannafundi þar sem bæði fjölmiðlum og sérsamböndum hefur verið boðið. Vinnuhópurinn telur mikilvægt að breyta þessu fyrirkomulagi. Hver samningur fyrir sig verði kynntur með viðhöfn í samráði við viðkomandi sérsamband. Fréttatilkynningar – og eftir atvikum – blaðamannafundir verði haldnir í tengslum við þessa samninga. Með þessu geta sérsamböndin nýtt sér undirritunina til kynningar og markaðssetningar – og jafnvel hvatningar – á sínu starfi.

„Sérsambönd eiga ekki að geta komist upp með að auka styrki sína með „sinni“ umfjöllun í fjölmiðlum.“

*Fulltrúi sérsambands á fundi með vinnuhópi.*

## 5.9.6 Aðhald og eftirfylgni

Mjög mikilvægt er að Afrekssjóður ÍSÍ hafi öflugt aðhald og eftirfylgni með styrkveitingum sínum og fylgi stíft þeim skilyrðum sem sett eru í styrkveitingunni. Jafnframt er mikilvægt að viðkomandi sérsamband fylgi þeim markmiðum og skuldbindingum sem það sjálft setur sér í umsókninni. Mikilvægt er að slíkt aðhald og eftirlit sé með formlegum og reglulegum hætti með aðkomu Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, þar sem að niðurstaða þeirrar vinnu getur haft áhrif á skiptingu í afreksflokka á milli ára.

## 5.9.7 Fjárhagslega sterk sérsambönd

Samkvæmt núverandi fjárhagsstöðu sérsambandanna er ljóst að aðeins eitt þeirra – Knattspyrnusamband Íslands – getur talist sjálfbært í rekstri sínum. Það skiptir miklu máli fyrir viðkomandi sérsamband að hafa jafn sterka fjárhagsstöðu og raun ber vitni og það hlýtur að vera sérstakt gleðiefni fyrir íþróttahreyfinguna hversu vel KSÍ stendur bæði fjárhagslega og afrekslega. Leiða má líkum að því að Gólfamband Íslands og jafnvel Íþróttasamband fatlaðra geti að ýmsu leyti verið nálægt skilgreiningu á sjálfbærni.

Vinnuhópurinn leggur áherslu á að heimildir Afrekssjóðs ÍSÍ til að hafna umsóknum frá sjálfbærum sérsamböndum verði styrktar í 6. grein núverandi reglugerðar. Í tilviki KSÍ og annarra verður Afrekssjóður ÍSÍ eðlilega að meta árlega stöðuna og vinna tillögur sínar út frá því.

„Vinnuhópurinn leggur áherslu á að heimildir Afrekssjóðs ÍSÍ til að hafna umsóknum frá sjálfbærum sérsamböndum verði styrktar með afgerandi hætti.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

## 5.10 SKILGREINING Á AFREKSÍPRÓTTAFÓLKI (SEM OG HLUTVERK) OG TENGING ÞESS VIÐ AFREKSSJÓÐ ÍSÍ

### 5.10.1 Skyldur íþróttafólks

Skyldur íþróttafólks eru nokkuð vel skilgreindar í núverandi reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ. Mikilvægt er að þessi grein sé hverju sinni uppfærð í takt við þær breytingar sem orðið hafa í samfélaginu. Afreksíþróttafólk dagsins í dag eru stærkar samfélagsfyrirmyndir sem koma fram á flestum samfélagsmiðlum sem eru í notkun hverju sinni. Íþróttafólkið er með öðrum orðum gangandi auglýsing og þarf því að haga sér samkvæmt þeirri ímynd sem íþróttahreyfingin leggur á að þau sýni.

„Samhliða því þarf afreksíþróttafólk að öðlast almenn lýðréttindi, greiða í lífeyrissjóði og hafa fullan aðgang að almannatryggingakerfinu.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

### 5.10.2 Hagsmunamál íþróttafólks

Hversu margar sögur eigum við af íþróttafólki sem hefur lagt allt sitt undir og staðið eftir í lok ferilsins án menntunar, góðrar fjárhagslegrar stöðu og atvinnu? Hagsmunamál íþróttafólks er samtvinnað öflugum afreksstarfi. Nauðsynlegt er að afreksíþróttafólk geti einbeitt sér að æfingum og keppni samhliða því að njóta

„Fjárhagsþátttaka í verkefnum er of mikil fyrir iðkendur.“

*Fulltrúi sérsambands á fundi með vinnuhópi.*

lágmarkstekna vegna framfærslu og nauðsynlegra útgjalda. Bakland afreksíþróttafólks er misjafnt og ekki hafa allir aðgang að öflugum fyrirtækjum og einstaklingum sem styrkja viðkomandi afreksíþróttafólk vegna þessara þátta. Samhliða því þarf afreksíþróttafólk að öðlast almenn lýðréttindi, greiða í lífeyrissjóði og hafa fullan aðgang að almannatryggingakerfinu. Það þarf að vera tryggt þótt að afreksíþróttafólkið þurfi íþróttarinnar vegna að dvelja í langan tíma erlendis á hverju ári.

„Bjóða þarf upp á beina styrki til íþróttamanna í formi mánaðarlegra „framfærslustyrkja“ þar sem íþróttamaðurinn hefur fullan ráðstöfunarrétt á tekjunum.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

Fjármagnsþörf getur verið mismunandi milli afreksíþróttafólks og íþróttagreina, sem og vegna fjölskyldustærðar, búsetu og annarra aðstæðna. Hvetja þarf til þess að ungt afreksíþróttafólk stundi nám samhliða sínum ferli og að þeir njóti þá sérstakra undanþága vegna þeirra krafna sem gerðar eru til umfangs náms í framhaldsskólum og háskólum á Íslandi. Sveigjanleiki hvað varðar stundatöflu og fjarveru vegna æfinga- og keppnisferða erlendis þarf að vera fyrir hendi.

Tryggja þarf að þessir aðilar geti a.m.k. notið fullra námslána miðað við námsframvindu og að styrkir sem fara að öllu leyti í íþróttalegan kostnað séu ekki að koma til skerðingar á öðrum lánamöguleikum afreksíþróttamannsins. Jafnframt væri æskilegt að afreksíþróttafólk hafi aðgang að búsetumöguleikum á sérstökum kjörum þar sem nálægð við þjálfunarumhverfi sé fyrir hendi.

„Ljóst er þó að efla þarf aðgang afreksíþróttafólks að fagteymi.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

Þá þarf einnig að aðstoða afreksíþróttafólk sem ekki stundar nám við að fá atvinnu sem gefur þeim kost á sveigjanleika og einhverri fjarveru vegna æfinga- og keppni á hverju ári. Er um leið verið að opna leið fyrir afreksíþróttafólk til að hafa atvinnu að loknum íþróttuferli, en fyrirtæki og opinberir aðilar ættu að sjá hag í því að ráða „þekkt“ afreksíþróttafólk til að starfa á sínum vegum, en margt í fari íþróttafólks og þeirra daglega lífi nýtist í atvinnulífinu.

Bjóða þarf upp á beina styrki til afreksíþróttafólks í formi mánaðarlegra „framfærslustyrkja“ þar sem afreksíþróttafólkið hefur fullan ráðstöfunarrétt á tekjunum. Styrkurinn sem notaður er á móti íþróttalegum kostnaði væri skattfrjáls en sá hluti sem fer í framfærslu væri meðhöndlaður á sama hátt og aðrar íslenskar launagreiðslur.

Íþróttahreyfingin þarf þarna að gera virkilega bragarbót á þessum málum. Mikilvægt er að endurvekja Íþróttamannanefnd ÍSÍ. Í því sambandi þarf að skilgreina hlutverk nefndarinnar með hagsmuni afreksíþróttafólksins að markmiði. Í þessu máli eru fjölmargir snertifletir sem mikilvægt er að taka á og snúa að afreksíþróttafólkinu sjálfu, umhverfi þess og þeim veruleika sem þeirra bíður að loknum íþróttuferli.

Vinnuhópurinn leggur áherslu á að ÍSÍ setji vinnu í frekari greiningu málsins og áherslur. Málið er afar stórt og margir snertifletir á því. Afreksstefna íþróttahreyfingarinnar fjallar ítarlega um þessi málefni og er mikilvægt að íþróttahreyfingin finni farveg fyrir málið til lengri tíma litið.

## 5.11 FYRIRKOMULAG Á STJÓRNUN AFREKSÍPRÓTTA Á ÍSLANDI

### 5.11.1 Hlutverk ÍSÍ í afreksípróttastarfinu

Þeirri spurningu hefur oft verið velt upp á fundi vinnuhópsins með sambandsaðilum um með hvaða hætti ÍSÍ geti komið enn betur að afreksstarfinu. Í því sambandi hefur verið horft til frænda okkar á Norðurlöndum sem reka umfangsmiklar og afar mikilvægar afreksmiðstöðvar, Team Danmark, Olympiatoppen o.s.frv. Rekstur slíkra afreksmiðstöðva er vart á færi ÍSÍ að svo stöddu. Rekstrarkostnaður afreksmiðstöðvar, þó að minni væri, myndi taka til sín stóran hluta þeirrar upphæðar sem mun renna úr Ríkissjóði til Afrekssjóðs ÍSÍ.

„Fræðasamfélagið inn í afrekssamböndin.“

*Fulltrúi fræðasamfélagsins á fundi með vinnuhópi.*

Ljóst er þó að efla þarf aðgang afreksípróttafólks að fagteymi, þ.e. læknum, íþróttfræðingum, sjúkraþjálfurum, íþróttasálfræðingum, íþróttanuddurum, næringarfræðingum, lífeðlisfræðingum og öðru sérhæfðu fagfólki sem getur aðstoðað afreksípróttafólk við að bæta árangur sinn og forðast rangt álag og meiðsli.

ÍSÍ hefur lagt mikla áherslu á að hvert sérsamband efli sitt eigið fagteymi og að fagteymi ÍSÍ verði í raun samnefnari fagteyma sérsambanda.

Vinnuhópurinn leggur áherslu á að ákveðið hlutfall styrkja renni til sérsambanda til að standa undir fagteymiskostnaði þeirra.

Á fundum með sérsamböndunum kom fram sterkur vilji minni sérsambandanna að ÍSÍ gæti boðið upp á samnýtanlega þjónustu ákveðins fagteymis – TEAM ICELAND. Vinnuhópurinn telur að styrkja mætti þennan þátt sérstaklega.

Eins og áður sagði leggur vinnuhópurinn til að samið verði um umsýsluþjónustu af ÍSÍ varðandi störf sjóðsins og eftirlit með samningum hans við sérsamböndin gegn endugjaldi.

### 5.11.2 Afreksstefna sérsambanda

Við skoðun á afreksstefnum sérsambanda kemur í ljós að margar stefnurnar eru í litlu sem engu samræmi við núverandi stöðu viðkomandi sérsambands og möguleika þeirra til afreka á alþjóðavísu. Þetta er ekki sagt til að gera lítið úr stefnunum heldur til að hnykkja á þeirri staðreynd að markmiðasetning sem þessi verður að byggjast á raunverulegum möguleikum og stefnumörkun í samræmi við getu og stærð viðkomandi íþróttagreinar. Því er afar mikilvægt að sérsamböndin taki það upp hjá sér að endurskoða reglulega viðkomandi stefnur til langstíma litið.

„Mikilvægt er að Afrekssambönd – í efsta flokki hafi skýra aðgerðar- og framkvæmdaáætlun í Afreksstefnu sinni til 4 ára.“

*Úr niðurstöðum vinnuhópsins.*

Vinnuhópurinn telur að mismundandi kröfur verði gerðar til sérsambandanna í takt við flokkun þeirra í afrekshópa. Mikilvægt er að aðgerðaráætlanir séu í takt við afreksstefnur sérsambandanna og þær séu fjármagnaðar bæði af Afrekssjóði ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi. Jafnframt er mikilvægt að þau og þróunarsambönd leggi fram áætlun um sjálfsaflafé sem komi sem mótframlag við framlag Afrekssjóðs ÍSÍ.

### 5.11.3 Hlutverk íþróttahéraða

Á fundum vinnuhópsins með sambandsaðilum hefur verið rætt um hlutverk íþróttabandalaga og héraðssambanda varðandi uppbyggingu afreksstarfs. Héraðssamböndin og íþróttabandalögin gegna mikilvægu hlutverki í uppbyggingu íþróttastarfs.

Mikilvægt er að íþróttahreyfingin fjalli um þessi mál með reglulegum hætti, bæði á íþróttabingum ÍSÍ, sérsambandsþingum og heima í héraði. Fyrsta skrefið gæti verið stofnun vinnuhóps á vegum ÍSÍ til að skilgreina áherslur og verkefni.

Í þessu sambandi leggur vinnuhópurinn áherslu á að fjölmargir þættir geta orðið að árlegum verkefnum íþróttahéraðanna. Í því sambandi má nefna eftirfarandi:

- að koma auga á upprennandi íþróttafólk eða íþróttahópa,
- styðja við afreksstarf með formlegum hætti með afreksstyrkjum til ungs íþróttafólks,
- að þrýsta á sveitarfélög um stuðning við afreksfólk,
- að hjálpa til við vinnumöguleika afreksfólks,
- að efla aðgengi afreksíþróttafólks og efnilegra einstaklinga að íþróttamannvirkjum og æfingatímum í samvinnu við sveitarfélög og eigendur mannvirkja,

og eitt og annað sem nýst getur heildar stefnumörkun afreksíþróttanna á Íslandi.

„Á meðan íþróttafólkið þarf að greiða í verkefnum sérsambanda þá þurfa héruð að koma að málunum.“

*Fulltrúi íþróttahéraðs á fundi með vinnuhópi.*

## 6 LOKAORÐ

Það hefur verið sérstaklega fræðandi og gefandi fyrir vinnuhópin að fá að takast á við jafn spennandi verkefni og þetta. Ekki síður var það ánægjulegt að fá að tala við og hlusta á hinn mikla fjölda forystumanna og viðhorfsaðila sem hópurinn átti samskipti við. Verkefnið var ekki auðvelt – en sérlega gefandi.

Vinnuhópurinn náði vel saman í störfum sínum og er einhuga í tillögum sínum til framkvæmdastjórnar.

Niðurstöður hópsins eru þó aðeins fyrsta skrefið í endurgerð reglugerðar um Afrekssjóð ÍSÍ og yfirferð Afreksstefnu ÍSÍ. Framkvæmdastjórn ÍSÍ og fulltrúar á Íþróttapingi þurfa að taka umræðu um þessi mál og setja það í traustan farveg. Afar mikilvægt er, að þó að allir verði ekki sáttir hvað útkomu sinnar íþróttagreinar varðar, horfi forystufólk íþróttahreyfingarinnar á heildarhagsmunina – framgang og aukin árangur íslensk afreksíþróttafólks á alþjóðavísu og að afreksstarf á Íslandi styrkist og eflist til framtíðar.

Vinnuhópurinn þakkar Andra Stefánssyni starfsmanni hópsins fyrir mikla eljusemi og góða vinnu. Hjartans þakkir til allra forystumanna íþróttahreyfingarinnar, viðhorfsaðila og annarra viðmælenda okkar fyrir hjálpssemi og góðar og hreinskiptar umræður. Rík er sú hreyfing sem á svona fólk.

Reykjavík, 1.mars 2017

Stefán Konráðsson  
Þórdís Gísladóttir  
Friðrik Einarsson

## HELSTU SKAMMSTAFANIR

- ÍSÍ = Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (frá 1. nóvember 1997 til dagsins í dag)  
Í.S.Í. = Íþróttasamband Íslands (fram til 1. nóvember 1997)  
IOC = Alþjóðaólympíunefndin  
EM = Evrópumeistaramót / Evrópumeistakeppni  
HM = Heimsmeistaramót / Heimsmeistarakeppni  
ÓL = Ólympíuleikar og Vetrarólympíuleikar  
PL = Paralympic Games (Ólympíumót fatlaðra), sumar og vetrar



## HEIMILDASKRÁ

Bergsgard, Nils Asle (2011), **Eliteidrettens virvelstrømmer**, Norge (og naboerne) i verden. <http://idrottsforum.org/articles/bergsgard/bergsgard110420.pdf>

Bosscher, V., Shibili, S., Westerbeek, H. And Van Bottenburg, M. (2015), **Successful elite sport policies**. Meyer & Meyer Sport (UK) Ltd.

Comité Olympique et Sportif Luxembourgeois (2015), **World of Sports LUXEMBOURG** (High-Performance Sports System), [Glærur frá fundi vorið 2015].

Íþróttasamband Íslands (1978). **Skýrsla framkvæmdastjórnar Íþróttasambands Íslands, frá íþróttapingi 4. og 5. sept. 1976 til 10. ágúst 1978 og reikningar Í.S.Í. 1976 og 1977.**

Íþróttasamband Íslands (1984). **Skýrsla framkvæmdastjórnar Íþróttasambands Íslands frá íþróttapingi 4.-5. sept. 1982 til 15. sept. 1984 og reikningar Í.S.Í. 1982 og 1983.**

Íþróttasamband Íslands (1986). **Skýrsla framkvæmdastjórnar Íþróttasambands Íslands frá íþróttapingi 29.-30. sept. 1984 til 13. sept. 1986 og reikningar Í.S.Í. 1984 og 1985.**

Íþróttasamband Íslands (1989). **Skýrsla framkvæmdastjórnar Íþróttasambands Íslands frá sambandsstjórnarfundi 30. apríl 1988 til sambandsstjórnarfundar Í.S.Í. 20. maí 1989.**

Íþróttasamband Íslands (1990). **Skýrsla framkvæmdastjórnar Íþróttasambands Íslands frá sambandsstjórnarfundi 20. maí 1989 til sambandsstjórnarfundar Í.S.Í. 28. apríl 1990.**

Íþróttasamband Íslands (1991). **Skýrsla framkvæmdastjórnar Íþróttasambands Íslands frá sambandsstjórnarfundi 28. apríl 1990 til sambandsstjórnarfundar Í.S.Í. 4. maí 1991.**

Íþróttasamband Íslands (1991b). **Fundargerð 15. Sambandsstjórnarfundar Í.S.Í.**, 4. maí 1991.

Íþróttasamband Íslands (1993). **Sambandsstjórnarskýrsla Í.S.Í.**, 16. apríl 1993.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (2015). **Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs á Íslandi.** Skýrsla vinnuhóps, 2. október 2015.

NOC\*NSF (2012), **Sport Agenda 2016**, [Stefnumótun Hollands í afreksíþróttum] <https://www.nocnsf.nl/cms/showpage.aspx?id=9843>

NOC\*NSF (2016), **Sport Agenda 2017+**, [Stefnumótun Hollands í afreksíþróttum] <https://www.nocnsf.nl/en/nocnsf/organisation-and-structure/sport-agenda-2017>

Rambøll (2009). **Komparativ analyse af eliteidrætsindsatsen i udvalgte lande.** September 2009.

Reynir Karlsson og Ari Bergmann Einarsson (1998). **Fjármögnun afreksmannasjóðs** til að efla árangur íslensks afreksfólks í íþróttum á alþjóðavettvangi. Skýrsla, 15. apríl 1998.

Sport New Zealand (2017). **High Performance Sport New Zealand Strategy 2013-2020.** <http://www.sportnz.org.nz/about-us/our-publications/our-strategies/community-sport-strategy-2/>

**Symposium Post-OS in Rio 2016.** [Gögn frá norrænum fundi/ráðstefnu sem fjallaði um afreksíþróttir á Norðurlöndum]. <http://projects.au.dk/scandinavian-network-for-elite-sport/dissemination/>

Team Danmark (2016), **Støttekoncept 2017-2020.** <http://www.e-pages.dk/teamdanmark/144/>

## TÖFLUR

Tafla 1 - Fjöldi þeirra sem svöruðu viðhorfskönnun og hlutfall .....	41
Tafla 2 - Samanburður á svörum úr hluta 1 og hluta 2 í viðhorfskönnun .....	42
Tafla 3 - Viðhorfskönnun, spurning 3 .....	43
Tafla 4 - Viðhorfskönnun, spurning 4 .....	44
Tafla 5 - Viðhorfskönnun, spurning 5 .....	44
Tafla 6 - Viðhorfskönnun, spurning 7 .....	45
Tafla 7 - Viðhorfskönnun, spurning 8 .....	46
Tafla 8 - Viðhorfskönnun, spurning 10.....	46
Tafla 9 - Viðhorfskönnun, spurning 12.....	47
Tafla 10 - Viðhorfskönnun, spurning 13.....	47
Tafla 11 - Viðhorfskönnun, spurning 20.....	48
Tafla 12 - Viðhorfskönnun, spurning 26.....	49
Tafla 13 - Viðhorfskönnun, spurning 27.....	50
Tafla 14 - Viðhorfskönnun, spurning 28.....	50
Tafla 15 - Greining á áherslum hjá mismunandi þjóðum varðandi afreksstyrki .....	57
Tafla 16 - Tillaga vinnuhóps að efnispáttum til að nota við flokkun sérsambanda í afreksflokka .....	67
Tafla 17 - Tillaga vinnuhóps að efnispáttum til að nota innan hvers flokks og við ákvörðun styrkuppþæða.....	68
Tafla 18 - Mat vinnuhóps á flokkun sérsambanda miðað við gefnar forsendur í stafrófsröð .	68

## MYNDASKRÁ

Mynd 1 - Frá undirritun samnings 2015.....	5
Mynd 2 - Frá undirritun samnings 2015.....	7
Mynd 3 - Skipunarbréf vinnuhópsins.....	8
Mynd 4 - Þórður Þorkelsson gjaldkeri ÍSÍ afhendir Guðmundi Guðmundssyni, fyrirlíða landsliðsins í handknattleik, styrk frá Afreksmannasjóði ÍSÍ fyrir HM í Sviss 1986. ...	9
Mynd 5 - Umfang Afreksmannasjóðs ÍSÍ 1977 til 1984 .....	11
Mynd 6 - Framlag til Afrekssjóðs ÍSÍ af Fjárlögum ríkisins 1999 til 2019.....	12
Mynd 7 - Tillögur Afreksíþróttanefndar Í.S.Í. 1991 .....	15
Mynd 8 - Frá undirritun samnings um afreksstyrk.....	21
Mynd 9 - Styrkveitingar Afrekssjóðs ÍSÍ 1999 til 2016 á föstu verðlagi.....	24
Mynd 10 - Samanlagðir styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ og Ólympíusamhjálparrinnar 1999 til 2008 á föstu verðlagi.....	24
Mynd 11 - Styrkveitingar Afrekssjóðs ÍSÍ til 2014 til 2017 á föstu verðlagi .....	25
Mynd 12 - Frá fundi vinnuhóps með fulltrúum sérsambanda, Stefán Konráðsson, formaður vinnuhópsins kynnir verklag vinnuhópsins. ....	27
Mynd 14 - Frá Formannafundi ÍSÍ 2016 .....	39
Mynd 13 - Frá einum af fundum vinnuhópsins með fulltrúum sérsambanda .....	40
Mynd 15 - Leitað var í ýmsar heimildir og gögn .....	53
Mynd 16 - SPLISS rannsóknin .....	55
Mynd 17 - Íslenskir verðlaunahafar á Ólympíuleikum.....	59
Mynd 18 - Tillaga vinnuhóps að skiptingu sérsambanda í afreksstig.....	64

## VIÐAUKAR

### NAFNALISTI YFIR ÞÁ SEM VINNUHÓPURINN VAR Í SAMBANDI VIÐ

#### Álitsgjafar

Bjarni Friðriksson, bronsverðlaunahafi á Ólympíuleikum, júdóþjálfari  
Dagur Sigurðsson, þjálfari þýska/japanska karlalandsliðsins í handknattleik  
Elísabet Gunnarsdóttir, knattspyrnuþjálfari í Svíþjóð  
Erlingur Jóhannsson, prófessor við Háskóla Íslands og háskólann í Bergen, Noregi  
Eyleifur Jóhannesson, sundþjálfari í Danmörku  
Guðmundur Guðmundsson, þjálfari danska karlalandsliðsins í handknattleik  
Guðmundur Þ. Harðarson, fyrrverandi landsliðsþjálfari í sundi  
Gunnar Páll Jóakimsson, frjálsíþróttþjálfari  
Harpa Óskarsdóttir, yfirmaður unglíngalandsl. í áhaldafiml. hjá sænska fimleikasambandinu  
Heimir Hallgrímsson, landsliðsliðsþjálfari í knattspyrnu  
Hrannar Hólm, körfuknattleiksþjálfari og fyrrverandi landsliðsþjálfari Danmerkur  
Ingi Þór Einarsson, aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík, sundþjálfari  
Kristinn Björnsson, skíðþjálfari í Noregi  
Úlfar Jónsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari í golfi  
Vésteinn Hafsteinsson, frjálsíþróttþjálfari í Svíþjóð  
Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins í handknattleik

#### Þátttakendur á Formannafundi ÍSÍ 2016

Andri Stefánsson, starfsmaður ÍSÍ  
Anita Karin Guttesen, formaður HSP  
Arnar Ólafsson, formaður FSÍ  
Ása Ólafsdóttir, stjórn KRA  
Ásdís Rósa Gunnarsdóttir, formaður HNÍ  
Ásgeir Bjarnason, formaður LSÍ  
Ásta M. Kristjánsdóttir, formaður TSÍ  
Birgir Sverrisson, starfsmaður ÍSÍ  
Einar Þorvarðarson, framkvæmdarstjóri HSÍ  
Einar Þór Bjarnason, formaður SKÍ  
Elías Atlason, starfsmaður ÍSÍ  
Freyr Ólafsson, formaður FRÍ  
Garðar Svansson, formaður HSH  
Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður ÍBA  
Guðbjörg Norðfjörð, varaformaður KKÍ  
Guðbjört Erlendsdóttir, formaður ÍSS  
Guðmundur Á. Ingvarsson, framkvæmdastjórn ÍSÍ  
Guðný S. Stefánsdóttir, formaður HSV  
Guðríður Aadnegard, formaður HSK  
Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður KSÍ  
Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ

Gunnar Jóhannesson, formaður ÍS  
Gunnlaugur A. Júlíusson, framkvæmdastjórn ÍSÍ  
Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjórn ÍSÍ  
Halla Kjartansdóttir, skrifstofustjóri ÍSÍ  
Halldór Axelsson, formaður STÍ  
Halldóra Matthíasdóttir, formaður ÞRÍ  
Haukur Skúlason, formaður TKÍ  
Haukur Örn Birgisson, formaður GSÍ  
Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, formaður ÍA  
Helgi Jóhannesson, varaformaður KAÍ  
Hjördís Traustadóttir, formaður ÍBV  
Hrafnkell Marinósson, formaður ÍBH  
Hrafnkell Sigtryggsson, formaður MSÍ  
Hörður Oddfríðarson, formaður SSÍ  
Ingi Þór Ágústsson, framkvæmdastjórn ÍSÍ  
Ingibjörg B. Jóhannesdóttir, framkvæmdastjórn ÍSÍ  
Ingigerður Sæmundsdóttir, formaður ÍRB  
Ingimar Ingimarsson, formaður BTÍ  
Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR  
Jón Finnbogason, framkvæmdastjórn ÍSÍ  
Jóna Dís Bragadóttir, varaformaður LH  
Kjartan Kristinsson, stjórn USVS  
Kristín Ásbjarnardóttir, starfsmaður ÍSÍ  
Kristján Daníelsson, formaður BSÍ  
Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ  
Lilja Sigurðardóttir, framkvæmdastjórn ÍSÍ  
Linda Laufdal, starfsmaður ÍSÍ  
Líney R. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ  
Magnús Gíslason, varaformaður UMSK  
Maurice Zschirp, formaður HRÍ  
Nikolay Ivanov Mateev, formaður SKY  
Ólafur Már Hreinsson, formaður DSÍ  
Ólafur Már Ólafsson, varaformaður SÍL  
Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður GLÍ  
Páll Vilhjálmsson, framkvæmdarstjóri HHF  
Pálmi Blængsson, framkvæmdastjóri UMSB  
Ragnar Róbertsson, varaformaður AKÍS  
Reimar Marteinnsson, formaður USVH  
Sesselja U. Vilhjálmsdóttir, gjaldkeri KLÍ  
Sigríður Jónsdóttir, ritari ÍSÍ  
Stefán Jóhannesson, varaformaður BLÍ  
Steinunn A. Í. Tómasdóttir, starfsmaður ÍSÍ  
Viðar Garðarsson, formaður ÍHÍ  
Viðar Sigurjónsson, starfsmaður ÍSÍ  
Vignir Pálsson, formaður HSS  
Þórarinn A. Þórarinsson, starfsmaður ÍSÍ

Þórarinn Hannesson, formaður UÍF  
Þórður Árni Hjaltested, varaformaður ÍF  
Þórunn Eyjólfsdóttir, stjórn UMSS  
Örn Andrésson, framkvæmdastjórn ÍSÍ  
Örvar Ólafsson, starfsmaður ÍSÍ

## **Gestir á fundum vinnuhóps**

Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor HÍ  
Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri KSÍ  
Arnar Ólafsson, formaður FSÍ  
Arnar Sigurðsson, TSÍ  
Auður Ósk Emilsdóttir, ritari HRÍ  
Árni Stefán Ásgeirsson, varaformaður HNÍ  
Ásgeir Bjarnason, formaður LSÍ  
Ásgrímur Helgi Einarsson, formaður KLÍ  
Bjarni Friðriksson, framkvæmdastjóri JSÍ  
Brynjar Eldor Geirsson, framkvæmdastjóri GSÍ  
Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ  
Einar Þór Bjarnason, formaður SKÍ  
Elísabet Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ÍBH  
Ellen Dröfn Björnsdóttir, varaformaður DSÍ  
Erlingur S. Jóhannsson, prófessor HÍ  
Freyr Ólafsson, formaður FRÍ  
Frímann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri ÍBR og formaður landsliðsnefndar BSÍ  
Garðar Svansson, stjórn Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ  
Gry Ek, KRA  
Guðbjört Erlendsdóttir, formaður ÍSS  
Guðlaug Baldvinsdóttir, gjaldkeri FRÍ  
Guðmundur Ágúst Ingvarsson, formaður Afrekssjóðs ÍSÍ  
Guðmundur Harðarson, stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ  
Guðmundur Kr. Gíslason, framkvæmdastjóri STÍ  
Guðríður Aadengaard, formaður HSK  
Guðrún Inga Sívertsen, stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ  
Hafrún Kristjánsdóttir, lektor HR  
Halldór Axelsson, formaður STÍ  
Halldóra Matthíasdóttir Proppé, formaður ÞRÍ  
Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ  
Helgi Jóhannesson, varaformaður KAÍ  
Hilda Karen Garðarsdóttir, verkefnastjóri LH  
Hlöðver Steini Hlöðversson, BTÍ  
Ingi Þór Ágústsson, formaður Heilbrigðisráðs ÍSÍ  
Ingi Þór Einarsson, aðjúnkt HR  
Ingibjörg Helga Arnardóttir, framkvæmdastjóri SSÍ  
Ingimar Ingimarsson, formaður BTÍ  
Ingvar Kristinsson, formaður stjórnar Afreksmannasjóðar ÍBH  
Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR

Jóhann Másson, formaður JSÍ  
Jón Axel Jónsson, TSÍ  
Jón Björn Ólafsson, þjónustustjóri ÍF  
Jón Pétur Friðriksson, formaður SÍL  
Jón Viðar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri SKÍ  
Jóna Dís Bragadóttir, varaformaður LH  
Kolbeinn Pálsson, stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ  
Konráð Gylfason, framkvæmdastjóri ÍHÍ  
Kristinn Geir Pálsson, starfsmaður afreksmála KKÍ  
Kristín Briem, prófessor HÍ  
Lilja Sigurðardóttir, varaformaður Afrekssjóðs ÍSÍ  
Margrét Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri BSÍ  
Margrét Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt HR  
María Guðsteinsdóttir, KRA  
Nikolay Ivanov Mateev, formaður SKY  
Olga Bjarnadóttir, varastjórn HSK  
Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri ÍF  
Ólafur Már Hreinsson, formaður DSÍ  
Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður GLÍ  
Páll Grétarsson, stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ  
Ragna Ingólfssdóttir, fyrrverandi afreksíþróttamaður  
Ragnhildur Skúladóttir, sviðsstjóri Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ og stjórn KSÍ  
Reinharð Reinharðsson, formaður KAÍ  
Róbert Gíslason, mótastjóri HSÍ  
Sigríður Lára Guðmundsdóttir, dósent HÍ  
Sigrún Brá Sverrisdóttir, fyrrverandi afreksíþróttamaður  
Silja Úlfarsdóttir, fyrrverandi afreksíþróttamaður  
Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri FSÍ og varastjórn UMSK  
Stefán Jóhannesson, varaformaður BLÍ  
Stefán Ragnar Jónsson, ritari LSÍ  
Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ  
Theódóra Ólafsdóttir, íþróttastjóri KLÍ  
Tryggvi M. Þórðarson, formaður AKÍS  
Úlfar Jónsson, landsliðsþjálfari GSÍ  
Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK  
Viðar Garðarsson, formaður ÍHÍ  
Þórarinn Alvar Þórarinnsson, verkefnastjóri Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ  
Þórey Edda Elísdóttir, stjórn Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ  
Þrándur Arnþórsson, framkvæmdastjóri AKÍS  
Örn Andrésson, formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ  
Örvar Ólafsson, verkefnastjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ

## Fulltrúar erlenda samtaka

Erik-Jan Koers, NOC\*NSF  
Martin Elleberg Petersen, Team Danmark

# REGLUGERÐIR OG STEFNUYFIRLÝSINGAR

## REGLUGERÐ AFREKSSJÓÐS ÍSÍ

### 1. grein – Afrekssjóður

Í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ sitja átta einstaklingar. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar sex þeirra að loknu Íþróttapingi, auk þess tilnefni ráðherra íþróttamála einn stjórnarmann, meðan ríkissjóður leggur fram fé til sjóðsins. Hafa þessir einstaklingar atkvæðisrétt á stjórnarfundum. Samtök íslenskra ólympíufara skipa að auki einn aðila til setu í sjóðsstjórn með tillögurétt og málfrelsi.

Formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ hefur rétt til setu á fundum sjóðsins með tillögurétt og málfrelsi.

Kjörtímabil stjórnar er samhliða Íþróttapingum ÍSÍ eða tvö ár nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar formann og varaformann sjóðsins og skal formaður sjóðsins vera aðili úr framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

### 2. grein – Markmið og hlutverk

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ starfar eftir þeirri meginstefnu sem mótuð er í afreksstefnu ÍSÍ.

Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að afreksstig íslenskra íþróttahækkis stöðugt. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem með afreksíþróttamanninum vinna, tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættri framfærslu íþróttamannsins, og auka þjálfunarkunnáttu í landinu.

Sjóðsstjórn gerir tillögur um styrki, en styrkveitingar eru háðar staðfestingu og samþykki framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Styrkveitingar skulu hafa það að markmiði að styðja við afreksíþróttafólk og flokka, jafnt á fjárhagslegan hátt sem og með aðgengi að ráðgjöf og þjónustu sem snýr að umhverfi afreksíþróttar.

### 3. grein – Umsóknir

3.1 Öll sérsambönd ÍSÍ og íþróttanefndir ÍSÍ um íþróttagreinar sem eru viðurkenndar af ÍSÍ og þá einkum þær, sem eiga þátttökurétt á Ólympíuleikum, eiga rétt á að sækja um styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ enda séu uppfyllt önnur skilyrði sem kveðið er á í reglugerð þessari.

3.2 Umsóknir skulu berast stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ á þar til gerðum eyðublöðum, sem sjóðsstjórn lætur í té. Nákvæm fjárhagsáætlun skal fylgja hverri umsókn auk annarra fylgiskjala sem getið er um á umsóknareyðublöðum.

3.3 Sérsambönd geta verið umsóknaraðilar, hvort heldur er um að ræða styrkveitingar til einstaklinga eða flokka. Sama gildir um þær íþróttagreinar sem sérsambönd hafa ekki verið stofnuð um. Þar er umsóknarhæf sú íþróttanefnd ÍSÍ sem framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur viðurkennt. Umsóknaraðilar þurfa að uppfylla kröfur um afreksstefnu, sbr. gr. 5.2.



- 3.4 Afrekssjóður ÍSÍ auglýsir eftir umsóknum a.m.k. einu sinni á ári og ber umsóknaraðilum að virða þær dagsetningar sem getið er um í auglýsingu. Umsókn telst gild hafi hún borist á réttum tíma til ÍSÍ en heimilt er að bæta fylgiskjölum eða uppfærðum upplýsingum við umsókn að gefnu leyfi sjóðsstjórnar, áður en til úthlutunar kemur.

Sérsambönd og íþróttanefndir ÍSÍ geta sent inn erindi og umsóknir til Afrekssjóðs ÍSÍ utan auglýsts umsóknartímabils.

- 3.5 Umsóknir, samstarfssamningar og önnur gögn skulu geymd í skjalasafni Afrekssjóðs ÍSÍ, sem er í vörslu ÍSÍ. Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast sjóðsstjórninni.

#### 4. grein – Skilgreining afreka

Afreksmaður er hver sá íþróttamaður/flokkur sem stenst ákveðna viðmiðun í viðkomandi grein. Um framúrskarandi íþróttamann eða flokk er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur eða flokkur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum, sbr. skilgreiningu ÍSÍ og viðkomandi sérsambands. Afreksefni teljast þeir íþróttamenn/flokkar sem ekki hafa náð jafn langt en taldir eru, með markvissri og mikilli þjálfun, geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

Fatlaðir íþróttamenn á vegum Íþróttasambands fatlaðra þurfa að uppfylla sambærilegar kröfur um stöðu á heimslista IPC (International Paralympic Committee) skv. skilgreiningu ÍSÍ og ÍF á hverjum tíma. Aðeins verða styrktar þær íþróttagreinar fatlaðra sem eru keppnisgreinar á Paralympic Games.

#### 5. grein – Styrkveitingar

##### 5.1 Grundvöllur styrkveitinga

Styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ eru fyrst og fremst til þess að greiða kostnað við æfingar og undirbúning undir keppni, sem og þátttöku í keppni á alþjóðlegum vettvangi. Þannig styrkir sjóðurinn verkefni sem snúa beint að verkefnum sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ og tilgreindum íþróttamönnum, s.s. til að stunda æfingar og keppni umfram það sem hann annars mundi gera. Heimilt er þó að veita hluta af styrkuppþæð, sem skilgreind er vegna tilgreindra íþróttamanna, til framfærslu. Einungis umsóknir sérsambanda/íþróttanefnda ÍSÍ vegna þeirra íþróttamanna sem stunda íþrótt sína með áframhaldandi keppni eða afrek fyrir augum geta fengið styrki úr sjóðnum. Styrkveitingin er því ekki verðlaun fyrir unnin afrek, þótt þau séu lögð til grundvallar, heldur aðstoð og hvatning til frekari afreka og áframhaldandi keppni.

Við úthlutanir skal taka sérstakt tillit til þess ef viðkomandi sérsamband hefur fengið beina styrki frá hinu opinbera eða öðrum aðilum.

Þá skal tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- Afrekaskráa, uppröðunarlista alþjóðasérsambanda eða aðrar þær viðmiðanir, sem leggja mat á árangur og afrek umsækjenda.
- Afreka á síðustu Ólympíuleikum og/eða heimsmeistarakeppnum hjá alþjóðasamböndum sem eru viðurkennd af IOC, eða öðrum stórmótum.
- Afreksstefnu viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ, sem skal uppfylla leiðbeinandi reglur ÍSÍ um afreksstefnur sérsambanda. Styrkleika viðkomandi íþróttagreinar við mat sitt á styrkhæfi verkefna.
- Útbreiðslu viðkomandi íþróttagreinar á alþjóðavísu.
- Hvort viðkomandi lið og/eða einstaklingar hafi náð stórstígum framförum og hafi möguleika á áframhaldandi framförum.
- Fjárhagsáætlanir viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ vegna verkefna.

- Framfærslukostnaði viðkomandi afreksíþróttafólks svo og íþróttalegri þörf þegar ákvarðanir um styrkuppþæðir eru teknar.

Ef sjóðsstjórn Afrekssjóðs ÍSÍ metur verkefni vera áhugavert í ákveðinn reynslutíma getur hún lagt til að veittir verði styrkir vegna efnilegra íþróttamanna, íþróttaflokka eða annarra verkefna á sviði afreksíþróttar.

Við ákvörðun styrkveitinga er sjóðsstjórn heimilt að hafa til hliðsjónar stöðu íþróttamanns í heimsafreksskrá að teknu tilliti til þátttökukvóta á heimsmeistaramótum og/eða Ólympíuleikum. Fáir ÍSÍ styrk vegna viðkomandi íþróttamanns frá Ólympíusamhjálpinni er heimilt að draga þá uppþæð frá áður samþykktu framlagi Afrekssjóðs ÍSÍ, sbr. 7. grein.

Þá er sjóðsstjórn heimilt að hafa frumkvæði að tillögum um einstakar styrkveitingar og uppþæðslu eða niðurfærslu á milli flokka afreksíþróttamanna.

## 5.2 Afrekssstefnur sérsambanda

Eingöngu má veita styrki til þeirra sérsambanda/íþróttanefnda ÍSÍ sem hafa mótaða afrekssstefnu. Skal sú stefna gilda til nokkurra ára og vera til umfjöllunar á sérsambandsþingi eða formannafundi sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ ár hvert. Afrekssstefnur skulu sendar Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ til umsagnar og staðfestingar og skal sviðið upplýsa stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ um stöðu þeirra og áherslur.

Afrekssstefnur sérsambanda/íþróttanefnda ÍSÍ skulu taka mið af Stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um afreksíþróttir sem er til umfjöllunar á Íþróttþingi ÍSÍ, sem og leiðbeinandi ramma um afrekssstefnur sem framkvæmdastjórn ÍSÍ setur.

Sjóðsstjórn getur frestað eða felld niður styrkveitingar ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt eða ef í ljós kemur að árangur er ekki eins og stefnt var að.

## 5.3 Styrkleikaflokkar – einstaklingsgreinar

Afreksíþróttafólki í einstaklingsgreinum er skipt niður í fjóra styrkleikaflokka til viðmiðunar:

- Flokkur 1: Framúrskarandi íþróttamaður, sá er skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum í sinni grein, s.s. með því að vinna til verðlauna á stærstu mótum heims og/eða komast í úrslit á stærstu viðburðum í sinni íþróttgrein.
- Flokkur 2: Afrekssmaður á alþjóðlegan mælikvarða, sá sem skipar sér með árangri sínum í sinni grein ofarlega á heimslista viðkomandi íþróttagreinar og fær reglulega keppnisrétt á stærstu mót greinarinnar og/eða tekur reglulega þátt í sterkum alþjóðlegum mótum.
- Flokkur 3: Afrekssmaður á íslenskan mælikvarða, sá sem er í fremstu röð í sinni grein á Íslandi, á sæti í afreks- og landsliðshópum viðkomandi íþróttagreinar og keppir reglulega fyrir Íslands hönd á erlendri grundu.
- Flokkur 4: Afreksefni, sá sem hefur ekki náð jafn langt en er talin að geti skipað sér á bekk með þeim bestu í heimi með markvissri og mikilli þjálfun. Slíkt efni skal vera í skipulagðri dagskrá á vegum sérsambands.

Almennt er miðað við að viðkomandi íþróttamenn hafi náð 15 ára aldri, en frávik frá þessum aldursmörkum eru heimil með hliðsjón af íþróttgreinum og í nánú samstarfi við sérsambönd/íþróttanefndir ÍSÍ.

Í öllum tilfellum er mikilvægt að viðkomandi einstaklingar séu í framför hvað varðar íþróttalegan árangur.

## 5.4 Styrkleikaflokkar – landsliðsverkefni og hópíþróttir

Afrekshópum og liðum í hópíþróttagreinum er skipt niður í fjóra styrkleikaflokka til viðmiðunar:

- Flokkur 1: Framúrskarandi lið/flokkur, sá hópur er skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum, s.s. með því að vinna til verðlauna á stærstu mótum heims og/eða komast í úrslit á stærstu viðburðum í sinni íþróttagrein.
- Flokkur 2: Afrekslið/flokkur á alþjóðlegan mælikvarða, sá hópur sem skipar sér með árangri sínum ofarlega á heimslista viðkomandi íþróttagreinar og fær reglulega keppnisrétt á stærstu mót greinarinnar og/eða tekur reglulega þátt í sterkum alþjóðlegum mótum.
- Flokkur 3: Afrekslið/flokkur á íslenskan mælikvarða, sá landliðshópur sem keppir reglulega fyrir Íslands hönd á erlendri grundu.
- Flokkur 4: Efnilegt lið/flokkur, sá hópur sem hefur ekki náð jafn langt en er talin að geti skipað sér á bekk með þeim bestu í heimi með markvissri og mikilli þjálfun. Slíkur hópur skal vera í skipulagðri dagskrá á vegum sérsambands.

Þá er heimilt að styrkja verkefni, sem beinlínis er hrundið af stað í skipulagðri leit að hæfileikaríku og efnilegu íþróttafólki, í samræmi við áherslur í afreksstefnum sérsambanda/íþróttanefnda ÍSÍ.

Sjóðsstjórn Afrekssjóðs ÍSÍ er einnig heimilt að gera tillögu að styrkjum til verkefna sérsambanda sem jafnframt fela í sér markvissa uppbyggingu og þátttöku í alþjóðaverkefnum. Þurfa þau verkefni að vera í samræmi við afreksstefnu viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ.

## 5.5 Styrkupp hæðir

Sjóðsstjórn er heimilt að meta styrkupp hæðir til sérsambanda með tilliti til afreksstefnu viðkomandi sérsambands, útbreiðslu og styrkleika íþróttagreinar svo og með hliðsjón af stöðu íþróttamanna og/eða viðkomandi liða á heimsvísu, sbr. grein 5.1.

Upphæð styrkja er ákveðin í hverju tilfelli af stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ.

Greiðslur geta verið í formi mánaðargreiðslna eða eingreiðslustyrkja vegna verkefna einstaklinga.

Styrkupp hæðir vegna afrekshópa og liða eru ákveðnar í hverju tilfelli af stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ og taka mið af grein 5.1.

## 5.6 Greiðslutilhögun og áætlanir

Allar greiðslur, einnig þær sem eyrnamerkta eru einstaklingum, skulu ganga til sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ. Eftir að tilkynnt hefur verið um styrkveitingu skal viðkomandi sérsamband/íþróttanefnd ÍSÍ skila inn endurskoðaðri fjárhagsáætlun þar sem gert er grein fyrir hvaða verkefni farið verði í á árinu, hvernig styrkveitingu Afrekssjóðs ÍSÍ sé ráðstafað og hvernig eftirstandandi kostnaðarþættir eru fjármagnaðir. Óheimilt er að hefja greiðslur styrkja fyrir en slík áætlun liggur fyrir.

Óheimilt er að verja styrkgreiðslum í almennan eða annan rekstur sérsambanda/íþróttanefnda ÍSÍ.

Heimilt er að nýta hluta af styrkupp hæðum sem framfærslustyrki sem sérsambönd/íþróttanefndir ÍSÍ geta greitt beint til íþróttamanna. Skal farið með slíkar greiðslur á sama hátt og um launagreiðslur sé að ræða og skulu slíkar heimildir og fyrirkomulag vera tilgreint í samningum milli Afrekssjóðs ÍSÍ og sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ sem og í samningi sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ og íþróttamanns.

Styrkupp hæð skal vera greidd út samkvæmt nánara samkomulagi við sjóðinn sem getið er um í fyrirbyggjandi samningi.

Lokagreiðsla styrkja skal ávallt vera háð skilum á lokaskýrslu/skilagrein þar sem fjárhagslegt uppgjör verkefna er tilgreint.

## 5.7 Samningar

Gerður skal sérstakur samningur milli Afrekssjóðs ÍSÍ og sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ þar sem markmið, greiðslur og önnur atriði skulu skilgreind vegna viðkomandi verkefna/íþróttamanna og tímabils.

Þá skal viðkomandi sérsamband/íþróttanefnd ÍSÍ gera skriflegan samning við þá íþróttamenn, eða forráðmann sé viðkomandi undir lögaldri, sem tilgreindir eru sérstaklega í samningi ÍSÍ og sérsambands þar sem markmið, greiðslur, þátttaka í verkefnum, skýrsluskil og önnur atriði eru skilgreind skilmerkilega.

## 6. grein – Breyttar forsendur styrkveitinga

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að fella styrkveitingar til einstaklinga og flokka tafarlaust úr gildi ef aðstæður breytast eða sjóðsstjórn hafa verið gefnar rangar eða villandi upplýsingar. Eins getur sjóðsstjórn frestað eða fellt niður frekari styrkveitingar ef út af er brugðið frá upphaflegri áætlun og upplýsingum. Sjá einnig 9. grein.

Vinni sérsamband eða íþróttamaður sér inn háar fjárhæðir vegna íþróttaiðkunar getur Afrekssjóður ÍSÍ dregið úr styrkveitingum sínum eða felli fellt þær alveg niður um tíma við næstu úthlutun.

## 7. grein – Styrkir Ólympíusamhjalparinnar

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ skal vera eftirlitsaðili með því að afreksstyrkir Ólympíusamhjalparinnar (Olympic Solidarity) renni til ólympíuíþrótta skv. skilgreindum umsóknum ÍSÍ til Ólympíusamhjalparinnar í samráði við framkvæmdastjórn ÍSÍ og viðkomandi sérsambönd/íþróttanefndir ÍSÍ. Sjóðsstjórn skal taka tillit til styrkveitinga Ólympíusamhjalparinnar, þegar hún leggur mat og ákveður sínar eigin styrkveitingar.

## 8. grein – Aðrir afreksstyrkir ÍSÍ

Framkvæmdastjórn ÍSÍ getur falið Afrekssjóði ÍSÍ umsjón með öðrum styrkveitingum sem tengjast afreksíþróttum. Á það m.a. við um sérstaka styrki sem ÍSÍ úthlutar í nafni Ólympíufjölskyldu ÍSÍ, sem og aðra styrki sem framkvæmdastjórn ÍSÍ telur æskilegt að stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ hafi umsjón með.

Skulu þessir styrkir falla undir sömu ákvæði og aðrir styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ hvað varðar umsóknir, skilgreinar, greiðslur, fyrningar, eftirlit og skyldur þeirra aðila sem tengjast styrknum.

## 9. grein – Skyldur íþróttamanna

Íþróttamaður sem nýtur stuðnings Afrekssjóðs ÍSÍ þarf að sýna að hann hafi hæfileika til að ná árangri á alþjóðlegum mælikvarða, samkvæmt skilgreiningu viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ. Viðkomandi skal gangast undir skilyrði um reglusemi, stranga æfingaáætlun, sýna stígandi framfarir í íþrótt sinni og vera öðrum góð fyrirmynd.

Íþróttamanni sem nýtur skilgreindra einstaklingsstyrkja Afrekssjóðs ÍSÍ í gegnum sitt sérsamband er skylt að gera sérsambandinu og þar með Afrekssjóði ÍSÍ grein fyrir þeim tekjum og samningum sem hann hefur unnið til á meðan hann er á styrk hjá Afrekssjóði ÍSÍ (sjá einnig 5. og 6. gr.), sé þess óskað.

Íþróttamaður sem nýtur styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ í gegnum sitt sérsamband hefur ákveðnum skyldum að gegna gagnvart sínu sérsambandi/íþróttanefnd ÍSÍ og ÍSÍ. Þetta eru skyldur varðandi reglur ÍSÍ um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, siða- og agareglur ÍSÍ, Ólympíusáttmálann, reglur varðandi auglýsingar og markaðsmál í undanfara og á meðan á Ólympíuleikum stendur, almennt kynningarstarf í skólum og íþróttafélögum, þátttöku í kynningarverkefnum ÍSÍ og

Ólympíufjölskyldu ÍSÍ svo og skilyrði um þátttöku í Íslandsmótum. Skulu sérstök ákvæði þar að lútandi koma fram í samningi þeim er gerður er milli viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ og íþróttamann.

### 10. grein – Lyfjæftirlit

Falli íþróttamaður á lyfjaprófi á samningstímabilinu skal Afrekssjóður ÍSÍ frysta frekari greiðslur til sérsambands vegna íþróttamannsins á meðan beðið er endanlegrar niðurstöðu frá dómstólum ÍSÍ. Verði íþróttamaður dæmdur fyrir brot á lyfjalögum ÍSÍ skal tafarlaust segja upp þeim hluta samnings Afrekssjóðs við sérsamband sem viðkemur viðkomandi íþróttamanni og falla allir styrkir vegna viðkomandi íþróttamanns niður. Íþróttamaður sem hlýtur refsingu vegna brota á lögum ÍSÍ um lyfjamál er óheimilt að njóta styrkja úr sjóðnum á meðan hann tekur út sína refsingu. Þá er framkvæmdstjórn ÍSÍ heimilt að útiloka íþróttamann frá frekari styrkjum frá Afrekssjóði ÍSÍ.

Verði sérsamband upplýst um hugsanlegt brot á lyfjareglum WADA hjá íþróttamanni sem tilgreindur er í umsókn sérsambands um styrk frá Afrekssjóði ÍSÍ er sérsambandi skylt að afturkalla umsókn sína að því er varðar viðkomandi íþróttamann eða óska eftir því að hún sé sett til hliðar á meðan að málið er í meðferð hjá þar til bærum aðilum.

### 11. grein – Starfsmaður / Eftirlit

Sérstakur starfsmaður sinnir verkefnum þeim sem Afrekssjóð ÍSÍ eru falin. Hann skal að hafa yfirlit yfir almenna starfsemi sérsambanda/íþróttanefnda ÍSÍ og vera þeim til ráðuneytis í afreksmálum. Starfsmaðurinn hefur eftirlit með því að fjárveitingum sé varið til þeirra verkefna sem þeim var úthlutað til, fer yfir fylgiskjöl og hefur virkt eftirlit með tekjum og gjöldum sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ og íþróttamanna vegna viðkomandi verkefna. Hann hefur tengsl við sérfræðinga sjóðsins og hefur milligöngu milli þeirra og sérsambanda/íþróttanefnda ÍSÍ. Hvert sérsamband/íþróttanefnd ÍSÍ sem fær styrk úr sjóðnum skal tilnefna umsjónaraðila með viðkomandi samningi gagnvart Afrekssjóði ÍSÍ. Hann skal vinna náið með starfsmanni Afrekssjóðs ÍSÍ með það að markmiði að því fjármagni sem veitt er til verkefna nýtist sem best. Allt daglegt eftirlit með viðkomandi afreksiþróttamanni/-mönnum er í höndum sérsambanda/-íþróttanefnda ÍSÍ.

### 12. grein – Fyrningar

Styrkir eru veittir vegna þeirra umsókna sem berast sjóðnum og skal styrkjum ráðstafað til ákveðinna verkefna/kostnaðarþátta sem um er getið í umsókn og í samningi. Skilagreinar um ráðstöfun styrkja skulu berast Afrekssjóði ÍSÍ eins og getið er um í samningum Afrekssjóðs ÍSÍ við sérsambönd/íþróttanefndir ÍSÍ og íþróttamenn þeirra.

Eigi síðar en undir lok hvers styrksárs skal lokaskilagrein berast Afrekssjóði ÍSÍ. Hafi hún ekki borist fyrir 1. apríl næsta árs, eða innan þriggja mánaða frá lokum samnings, ber að fella niður þann hluta styrksins sem er ógreiddur. Jafnframt getur Afrekssjóður ÍSÍ óskað eftir því að styrkþegi (sérsamband/íþróttanefnd ÍSÍ og/eða íþróttamaður) endurgreiði Afrekssjóði ÍSÍ þann hluta styrksins sem þá þegar hefur verið greiddur þar sem ekki er ljóst hvernig þeim fjármunum hefur verið varið.

Starfsmaður Afrekssjóðs ÍSÍ skal í byrjun apríl ár hvert taka saman lista yfir þá styrki sem fella á niður samkvæmt þessari reglugerð. Skal listinn borinn undir formann Afrekssjóðs ÍSÍ, gjaldkera ÍSÍ og framkvæmdastjóra ÍSÍ til samþykktar og staðfestur af framkvæmdastjórn ÍSÍ. Að því loknu skal styrkþegum tilkynnt um fyrningu styrksins.

### **13. grein – Gildistími**

Reglugerð þessi er sett með tilvísan til samþykktar íþróttapings um afreksíþróttastefnu. Reglugerð þessa skal endurskoða árlega. Framkvæmdastjórn ÍSÍ er heimilt að veita sérsamböndum/íþróttanefndum ÍSÍ undanþágu vegna liðs 5.2 um Afreksstefnur, gegn því að Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ hafi borist tímasett framkvæmdaáætlun um mótun afreksstefnu fyrir sérsambandið sem fari fyrir næsta sérsambandsþing til samþykktar.

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 26. nóvember 2015.**

## AFREKSSTEFNA ÍSÍ

Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afreksstig íslenskra íþrótta. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem með afreksíþróttamanninum vinna, tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum framfærsluáðstæðum íþróttamannsins, og auka íslenska þjálfunarkunnáttu.

Til þess að ná settu marki ber hreyfingunni að setja sér tímabundnar markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Afrekssvið ÍSÍ skal í samvinnu við sérsambönd ÍSÍ og séríþróttanefndir ÍSÍ móta tímasett markmið og kynna þau fyrir hreyfingunni. Til að tryggja slagkraft markmiðanna til langframa ber ásamt því að einblína á keppnisárangur, að styrkja eigin getu og hæfileika hreyfingarinnar til að vinna að langtímamarkmiðum í afreksíþróttum.

Sérstaklega ber að leggja aukna áherslu á að efla þjálfunarþekkinguna, bæði innan einstakra íþrótta og þvert á íþróttastarfið; m.a. með því að mynda teymi fagfólks til að auka þekkingu þjálfara.

Stefnuyfirlýsing Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands í afreksmálum skal vera til umfjöllunar á Íþróttapingi.

### SKILGREINING AFREKA

Framkvæmdastjórn ÍSÍ skal á hverjum tíma skilgreina viðmið afreka í samvinnu við sérsambönd ÍSÍ og tilkynna sambandsaðilum um slík viðmið. Eftirfarandi skilgreiningar skulu vera til hliðsjónar:

- Um framúrskarandi íþróttamann eða flokk er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur eða flokkur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.
- Afrekismaður er hver sá íþróttamaður/flokkur sem stenst ákveðna viðmiðun í viðkomandi grein.
- Afreksefni teljast þeir íþróttamenn/flokkar sem ekki hafa náð jafn langt en taldir eru með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

Þó yfirstjórn afreksíþróttastarfsins sé hjá heildarsamtökunum verður íþróttahreyfingin að axla sameiginlega ábyrgðina á því að halda úti afreksíþróttastefnu og skiptir þá öllu að ríkur metnaður til starfsins sé fyrir hendi jafnt hjá ÍSÍ, sérsamböndum, íþróttahéruðum og félögum.

### FULL ÁSTUNDUN FORSENDNA AÐSTOÐAR

Öll vinna að því að ná settu marki í afreksíþróttum skal eiga sér stað innan siðferðisgilda íþróttanna. Enn fremur ber að stefna að því að ástundun afreksíþróttamanna sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem einstaklingurinn helgar íþróttinni krafta sína komi það ekki niður á þroska einstaklingsins og undirbúningi undir að takast á við lífið að íþróttuferli loknum.

Til þess að ná settu marki ber að beita þeim ráðum sem fyrir hendi eru til íþróttagreina og einstaklinga sem sýnt hafa getu til að skipa sér á bekk með þeim bestu. Allir, sem hátt stefna, hafa möguleika á að njóta stuðnings en árangur og geta ræður ferðinni um áframhald og möguleika á stuðningi. Framfarir og full ástundun af hálfu íþróttamanna og sérsambanda er forsenda áframhaldandi aðstoðar.

Afrek er uppskera margra ára markvissrar starfsemi og lítil von er um árangur án faglegra vinnubragða og viðunandi starfsumhverfis íþróttamannsins til að þroska hæfileika sína.



Leiðarljós afreksstefnu ÍSÍ er að bæta það umhverfi sem afreksíþróttir búa við. Markmið og viðfangsefni í afreksíþróttastarfinu eru m.a.:

Markmið/viðfangsefni	Leiðir	Mæling
<p>Að beita sér fyrir aðstöðu til æfinga fyrir afreksíþróttir á vettvangi sveitarfélaga og ríkis.</p> <p>Að ferlamál fatlaðs afreksíþróttafólks séu tekin til skoðunar.</p>	<p>Að hvert sérsamband skilgreini þá aðstöðu sem nauðsynleg er fyrir afreksíþróttafólk. Þessi skilgreining er kynnt sveitarfélögum og ríki.</p> <p>Að hvetja opinbera aðila til að styrkja landsliðsæfingar og/eða afreksæfingar á vegum sérsambanda.</p> <p>Að efla aðgengi afreksíþróttar að þeim íþróttamannvirkjum sem er til staðar, jafnt fyrir fatlað sem ófatlað afreksíþróttafólk.</p>	<p>Opinber skráning á þeim stöðum sem uppfylla kröfur ÍSÍ um aðstöðu til æfinga fyrir afreksíþróttir.</p> <p>Fjármagn opinbera aðila sem fer til æfinga á vegum sérsambanda.</p> <p>Fjöldi tíma sem úthlutað er til sérsambanda vegna æfinga.</p> <p>Upplýsingar um bætt aðgengi afreksíþróttafólks að íþróttamannvirkjum.</p>
<p>Að stuðla að og miðla niðurstöðum rannsókna á sviði íþróttar- og þjálfunarvísinda til þjálfara, íþróttamanna og annarra er málið varðar.</p>	<p>Að efla samvinnu við háskólastofnanir og þá aðila sem sinna rannsóknum á Íslandi.</p> <p>Fjölga þeim fræðsluviðburðum er miðla niðurstöðum rannsókna á sviði íþróttar- og þjálfunarvísinda.</p>	<p>Fjöldi rannsókna er tengjast íþróttum á ári.</p> <p>Fjöldi fræðsluviðburða er miðla niðurstöðum rannsókna.</p>
<p>Að stuðla að og efla samráð og upplýsinga-þjónustu á sviði lækna-vísinda íþróttanna/íþróttahelsufræði.</p>	<p>Efla samvinnu við fagfélög er tengjast læknávísindum íþróttar.</p> <p>Miðla upplýsingum um læknávísindi íþróttar, s.s. á heimasíðu ÍSÍ.</p>	<p>Fjöldi ritaðra greina er birtast á Íslandi um læknávísindi íþróttar.</p>
<p>Að veita hvers kyns ráðgjöf og stuðning er getur orðið til að efla afreksíþróttafólk, bæði meðan á keppni þeirra stendur og að loknum keppnisferli.</p>	<p>Að koma á fót Íþróttamannanefnd ÍSÍ.</p> <p>Að efla starfsemi Samtaka íslenskra Ólympíufara.</p> <p>Að stuðla að því að Afreksíþróttamiðstöð verði til.</p>	<p>Reglubundnar skoðanakannanir meðal afreksíþróttafólks.</p> <p>Fjöldi fræðsluviðburða á vegum SÍÓ og Íþróttamannanefndar.</p> <p>Reglubundnar mælingar og meðferðir afreksíþróttafólks.</p>
<p>Að skapa kjöraðstæður fyrir afreksíþróttafólk innan skólakerfis og á almennum vinnumarkaði til að ná árangri samhliða námi og starfi.</p>	<p>Ná samningum við LÍN um meiri sveigjanleika fyrir afreksíþróttafólk í námi.</p> <p>Að stuðla að bættum réttindum afreksíþróttafólks innan hins opinbera kerfis, s.s. rétt til fæðingarorlofs og fjölda viðverudaga erlendis á ári vegna íþróttaviðburða.</p> <p>Að stuðla að bættu aðgengi afreksíþróttafólks til fjarnáms á mennta- og háskólastigi.</p>	<p>Fjöldi afreksíþróttafólks sem er í námi samhliða íþróttaiðkun.</p> <p>Fjöldi afreksíþróttafólks sem getur stundað vinnu samhliða íþróttaiðkun.</p> <p>Sérúrræði í opinberum regluramma varðandi afreksíþróttafólk.</p> <p>Fjöldi afreksfólks í viðurkenndu fjarnámi.</p>

	Að styðja við þróun Afreksíþróttabrauta í framhaldsskólum. Að skólar viðurkenni fjarveru afreksíþróttafólks vegna landsliðsverkefna.	Fjöldi framhaldsskóla er bjóða uppá Afreksíþróttabrautir. Staðfest yfirlýsing frá skólum um viðurkenningu fjarveru vegna landsliðsverkefna.
Að markaðssetja afreksíþróttirnar í þjóðfélaginu.	Kynna afreksíþróttir í skólum sem og á vinnustöðum. Stuðla að fjölbreyttari umræðu í fjölmiðlum um afreksíþróttir. Markviss vinna til að kynna mikilvægi afreksíþróttar fyrir almenna íþróttaiðkun á Íslandi.	Reglubundin viðhorfskönnun meðal markhópa.
Að efla þekkingu þjálfara, dómara og annara sem koma að afreksíþróttastarfi á Íslandi þannig að þeir séu á heimsmeilíkvarða.	Að auka framboð af fræðsluviðburðum sem höfða til þjálfara, dómara og annarra þátttakanda í afreksíþróttastarfinu. Að veita styrki til þjálfara, dómara og annarra þátttakanda í afreksíþróttastarfi til að sækja sér framhaldsþekkingar.	Fjöldi fræðsluviðburða fyrir þjálfara, dómara og annarra í fremstu röð. Fjöldi styrkja sem veittir eru til þjálfara, dómara og annara á heimsmeilíkvarða.
Að veita afreksíþróttafólki/flokkum fjárhagslegan stuðning.	Að framlög ríkis, sveitarfélaga og styrktaraðila til afreksstarfs aukist.	Aukning fjármagns til afreksíþróttar í reikningum Íþróttahreyfingarinnar.

## Fagteymi ÍSÍ og Afrekssjóður ÍSÍ

Fagteymi ÍSÍ er teymi fagfólks á sviði þjálfraeði, sálfræði og íþróttameiðsla, sem ÍSÍ kemur sér upp (t.d. í samvinnu við menntastofnanir) til að sinna fræðsluverkefnum fyrir sambandið og miðla þekkingu til afreksfólks og þjálfara með námskeiðum ásamt því að vera til staðar þegar á þarf að halda að mati Afrekssviðs ÍSÍ. Með teyminu gefst afreksíþróttamönnum jafnframt tækifæri á að leita eftir aðstoð færustu sérfræðinga sem völ er á t.d. við meiðslum, sálfræðiaðstoð og þjálfunaraðferðum.

Um Afrekssjóð ÍSÍ gildir sérstök reglugerð er framkvæmdastjórn ÍSÍ setur. Afrekssjóður ÍSÍ skal standa að uppbyggingu afreksíþróttar á Íslandi með því að styðja íslenskt afreksíþróttafólk og sérsambönd við að ná sem bestum árangri í alþjóðlegri keppni. Forsenda styrkveitinga er að sérsambönd hafi markvissa og raunhæfa afrekssstefnu. Stuðningurinn felst í fjárfraumlögum, bættri menntun þjálfara og ýmiskonar tæknilegri aðstoð. Þannig verður Afrekssjóður ÍSÍ sérsamböndum til aðstoðar við að efla og bæta íþróttastarf sitt. Allar greinar sem viðurkenndar eru af ÍSÍ eiga rétt á að sækja um í sjóðinn. Fjárstyrkir Afrekssjóðs ÍSÍ, sem fyrst og fremst skal veita til ákveðinna verkefna, skulu vera fyrirfram skilgreind og kostnaðaráætluð. Er þá t.d. átt við styrki til þátttöku í keppni, æfingabúðum, til ráðningu landsliðsþjálfara hjá minni sérsamböndum, til að bæta umhverfi og aðstöðu „afreksíþróttafólks“ og til verkefna er lúta að því að leita uppi íþróttafni. Styrkir til einstaklinga skulu taka mið af íþróttalegri þörf þeirra og félagslegum aðstæðum. Afrekssjóði ÍSÍ er jafnframt heimilt að styrkja sérfræðinga Fagteymis ÍSÍ til að sækja námskeið um nýjustu aðferðir íþróttavísinda.



